**JÓN TORFI ARASON**

*Telur trompetinn vera límið í tilverunni*

• heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**HÚS OG VIÐHALD**

*Framkvæmdir, nýjungar og nytsamleg ráð*

Sérblað um hús og viðhald

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.**



**GEIR JÓN ÞÓRISSON**

*Sonurinn orðinn mótorhjólalögga*

Var ekki ánægður með starfsvalið

**FÓLK 30**



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. maí 2009 — 111. tölublað — 9. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR



### Spilar undir hjá Hanks

Atli Örvarsson á sitt í Englum & djöflum.

**FÓLK 30**

### Stjörnur að fæðast

Lokaprufur fyrir Gauragang Gunnars Björns fóru fram á Oliver í gær.

**FÓLK 20**

### Gengið með barnavagna



Ferðafélag Íslands skipuleggur gönguferðir fyrir barnafólk með barnavagna og -kerrur.

**TÍMAMÓT 16**



### Skrefi nær titlinum

Manchester United er hársbreidd frá því að tryggja sér enska meistaratitilinn.

**ÍÞRÓTTIR 26**



**NORRÆNA VELFERÐARSTJÓRNIN** Ný og brosmild ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur tók við völdum í gær í rokinu á Bessastöðum. Árni Páll Árnason, Katrín Júlíusdóttir, Svandís Svavarsdóttir og Jón Bjarnason koma ný inn í ríkisstjórnina. Á brott hverfa Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVASST VESTAN TIL** Í dag verða sunnan 13-18 m/s vestan til en annars yfirleitt 8-13 m/s. Rigning um vestanvert landið en þurrt og skýjað með köflum eystra. 7-15 stiga hiti að deginum, mildast NA-lands.

**VEÐUR 4**

# Fimm þingmenn VG ætla að vera á móti

**Fyrsta meirihlutastjórn vinstriflokka tók til starfa í gær. Forystumenn vinnumarkaðarins fagna boðuðu samráði. Fimm af sjö landsbyggðarþingmönnum VG lýsa yfir að þeir muni kjósa gegn tillögu um aðildarumsókn að ESB.**

**STJÓRNMÁL** Fimm landsbyggðarþingmenn VG lýstu því yfir á þingflokksfundi á laugardag að þeir muni greiða atkvæði gegn þingsályktunartillögu um aðildarumsókn við Evrópusambandið.

Þetta voru þau Jón Bjarnason, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Ásmundur Einar Daðason, Atli Gíslason og Þuríður Backman.

„Við settum þennan fyrirvara þannig að öllum væri ljóst að ekki væri hægt að ganga að þingflokki VG sem vísum,“ segir Þuríður Backman.

Þeir þingmenn sem blaðið ræddi við í gær gera þó lítið úr því að myndað hafi verið sérstakt bandalag innan þingflokksins gegn ESB, og kannast ekki við að hinir níu þingmenn flokksins séu hlynntir aðildarumsókninni.

Í gær var formlega mynduð fyrsta vinstristjórn Íslands. Hún hefur á stefnuskrá sinni að skapa norrænt velferðarsamfélag. Að leggja þingsályktunartillögu fyrir Alþingi um aðildarumsókn að Evrópusambandi. Að fiskveiðiheimildir verði innkallaðar í áföngum og þeim úthlutað að nýju.

Meginverkefni stjórnar Samfylkingar og VG á sviði efnahagsmála verði að ná aftur jafnvægi í rekstri ríkissjóðs, endurreisa fjármálakerfið, ná þjóðarsátt um efnahagsráðstafanir og vinna traust umheimsins á ný. Í yfirlýsingu segir að efnahagsástandið kunni að versna áður en það batnar.

Forystumenn Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands eru ánægðir með fyrirhugað samráð ríkisstjórnar við þá. Forseti ASÍ segist ekki sjá betur en að stjórnin svari kalli vinnumarkaðarins.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, er ósáttur við fyrirhugaðar innkallanir. Nú verði að sannfæra fólk um hversu skaðvænlegar þær séu. „Það væri betra hjá þeim að þjóðnýta fyrirtækin strax,“ segir hann.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknar, telur þetta eina dapurlegustu stjórnarmyndun lýðveldisins. Stjórnin ætli að láta stjórnarandstöðu skera úr um Evrópumál.

Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Borgarahreyfingar segir hins vegar að þingleiðin til Evrópu sé skásta lausnin.

Varaformaður Sjálfstæðisflokks, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, segir að stjórnarflokkarnir hafi ekki unnið úr Evrópumálunum. Þeir ætli að ríkisvæða sjávarútveginn.

**- kóþ, bts, jse /** **sjá síður 4, 6 og 8**

Pepsi-deild karla hófst í gær:

## Ólík hlutskipti nýliðanna

**FÓTBOLTI** Pepsi-deild karla hófst í gær með fimm leikjum en alls voru þrettán mörk skoruð í þeim.

Hlutskipti nýliðanna í deildinni er ólíkt. Stjarnan er í efsta sæti eftir óvæntan 3-0 sigur á Grindavík en Eyjamenn sitja á botninum eftir 2-0 tap fyrir Fram í Laugardalnum. KR, Fylkir og Breiðablik unnu einnig sigra í sínum leikjum í gær.

**- esá /** **sjá síðu 24**










Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750

## SPURNING DAGSINS



*Einar, var mikið álag á ykkur?*

„Já, en meðan það kemur ekki niður á álagningunni þá erum við sáttir.“

Einar Hermannsson er annar eigandi Merkjalistar sem lenti í því að fá ekki nægilegt ál til að framleiða auglýsingaskilti á knattspyrnuvelli fyrir Íslandsmótið. Það bjargaðist þó.

Barack Obama lætur gamminn geisa í kvöldverðarboði fréttamanna:

# Gerði grín að sjálfum sér

**BANDARÍKIN, AP** „Ég verð nú að játa að mig langaði ekkert til að vera hér,“ sagði Barack Obama í ræðu sinni á hinu árlega kvöldverðarboði fréttamanna í Washington á laugardagskvöld. „En ég varð að koma. Það er enn eitt vandamálið sem ég fékk í arf frá George Bush.“

Löng hefð er fyrir því að Bandaríkjaforseti geri óspart grín að sjálfum sér, ríkisstjórninni og andstæðingum sínum á þessum samkomum. Obama lét ekki sitt eftir liggja og gerði meðal annars grín að gífurlegum áhuga fjölmiðla á fyrstu hundrað dögum hans í embætti.

„Ég held að næstu hundrað dagarnir mínir gangi svo vel að ég klári þá á 72 dögum,“ sagði Obama, og uppskar mikinn hlátur. „Og á 73. deginum, þá hvíli ég mig.“

Nokkur þúsund manns mættu til kvöldverðarins þetta árið, þar á meðal fjöldi þekktra persóna úr stjórnmálum, kvikmyndaheiminum og tónlistarlífinu.

Meðal þeirra sem ekki mættu var Dick Cheney, fyrrverandi varaforseti. Það er vegna þess, sagði Obama, að hann er önnum kafinn við að skrifa ævisögu sína, sem til bráðabirgða hefur fengið titilinn: „Hvernig fara skal að því að skjóta vini sína og yfirheyra fólk.“ - gb



**SKÆLBROSANDI** „Flest ykkar fjölluðu um mig,“ sagði Obama við blaða- og fréttamenn, en bætti svo við: „Öll kusuð þið mig. Þið á Fox-borðinu eruð samt beðin afsökunar.“ FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarandstaðan í Búrma:

## Aung San Suu Kyi sögð veik

**BÚRMA, AP** Aung San Suu Kyi, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Búrma, er sögð alvarlega veik og fá næringu í æð á heimili sínu í Rangún, þar sem hún hefur verið í stofufangelsi árum saman.

Hún er sögð eiga erfitt með að borða og hefur ekki fengið venjulegan mat í nokkra daga. Læknir hennar var kallaður í yfirheyrslu á fimmtudag, en annar læknir fékk að hitta hana á föstudag.

Aung San Suu Kyi er orðin 63 ára. Herforingjastjórn landsins hefur haldið henni í stofufangelsi í 13 af síðustu 19 árum, þar af samfleytt síðustu sex ár. - gb

Páfinn í Mið-Austurlöndum:

## Hvetur kristna til að þrauka

**JÓRDANÍA, AP** Benedikt XVI. páfi hvetur kristna menn í Mið-Austurlöndum til þess að þrauka, þrátt fyrir þrengingar þeirra í þessum heimshluta undanfarin ár. Þetta sagði hann í ræðu á íþróttaleikvangi í Amman, höfuðborg Jórdaníu, þar sem 20 þúsund manns hlýddu á.



**BENEDIKT PÁFI**

Benedikt hefur verið harðlega gagnrýndur, bæði af múslimum og gyðingum, í tengslum við ferð hans til Mið-Austurlanda. Í dag heldur hann til Jerúsalem og fer einnig inn á herteknu svæðin. - gb

Hitamál útskýrt í nýrri bók:

## Samningsferlið við ESB krufið

**STJÓRNMÁL Ný ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna boðar að umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu verði send til Brussel í sumar.**

**Á málfundi sem haldinn verður í Odda í hádeginu í dag verður kynning á nýútkominni bók sem ber heitið „Inni eða úti: Aðildarviðræður við ESB“. Í bókinni er lýsing á því ferli sem fer í gang er ríki sækir um aðild að Evrópusambandinu og fjallað um lærdóma sem draga má af fyrri stækkunarlotum sambandsins.**

**Á málfundinum segja höfundur bókarinnar, Auðunn Arnórsson, stjórnmálafræðingur og blaðamaður, nokkur orð auk þess sem Magnús Árni Magnússon, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, flytur erindi þar sem hann leggur út af efni bókarinnar.** - gb

# Fjölskyldunni létt að heyra loks í Ragnari

**Fjölskylda Ragnars Erlings Hermannssonar náði loks sambandi við hann um helgina. Ragnar hefur setið í fangelsinu í Recife í rúma viku. Að sögn fjölskyldu Ragnars er hann ekki í lífshættu þó að aðbúnaður í fangelsinu sé slæmur.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það var mikill léttir að heyra loks í honum,“ segir Hermann Þór Erlingsson, faðir Ragnars Erlings sem hefur verið í fangelsi í borginni Recife í Brasilíu í rúma viku.

Ragnar var tekinn á flugvellinum í Recife á föstudeginum fyrir viku þegar hann reyndi að smygla sex kílóum af kókaíni. Fjölskylda Ragnars hafði ekki náð sambandi við hann, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, frá því að hann var handtekinn en komst loks í samband við hann um helgina.

Faðir Ragnars vildi lítið tjá sig um málið í gær, sagði þó að fjölskyldan reyndi allt hvað hún gæti til að gera fangelsisdvöl Ragnars sem þolanlegasta.

Fjölskyldan sendi frá sér yfirlýsingu í gær. Þar segir meðal annars að Ragnar hafi framið glæp sem fjölskyldan sé sammála um að sé mjög alvarlegur. Ragnar muni taka út sína refsingu vegna hans.

Þá kemur fram í yfirlýsingunni að Ragnar sé ekki í beinni hættu þótt aðbúnaður í fangelsinu sé slæmur. Ragnar eigi enn við meltingarvandamál að stríða en fái meðhöndlun við því. Þá biðji Ragnar „fyrir þakklæti til allra sem sýnt hafa honum stuðning og hann er einnig fullur iðrunar“.

Þá segir í yfirlýsingunni: „Við sem að honum stöndum leggjum ofurkapp á að tryggja að Ragnar fái þann aðbúnað sem hann getur lifað við og að hann bugist ekki algerlega. Til þess þurfum við að biðja fjölmiðla að veita okkur svigrúm til að geta unnið þá vinnu sem fram undan er.“

Ragnar Erling er fjórði Íslendingurinn sem tekinn er fyrir fíkniefnasmygl í Brasilíu á skömmum tíma.

Íslendingar hafa haft tengsl við borgina Recife í Brasilíu. Sverrir Þór Gunnarsson, sem dæmdur var í sjö ára fangelsi í stóru fíkniefnamáli árið 1999, var búsettur í borginni um skeið en er nú búsettur á Spáni, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. kristjan@frettabladid.is




**KÓKAÍNIÐ** Ragnar Erling var tekinn með tæp sex kíló af kókaíni á flugvellinum í Recife í Brasilíu. Fjórir Íslendingar hafa verið handteknir fyrir smygl í Brasilíu á skömmum tíma.



**RAGNAR ERLING HERMANSSON**
Hann hefur nú setið í brasilísku fangelsi í rúma viku fyrir að reyna að smygla sex kílóum af kókaíni. Aðbúnaður í fangelsinu er slæmur. Ragnar á enn við meltingarvandamál að stríða en fær meðhöndlun við kvillanum.



**JACOB ZUMA** Kynnir nýja ríkisstjórn sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný ríkisstjórn Suður-Afríku:

## Ekki búist við breytingum

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Ráðherraskipan nýrrar ríkisstjórnar í Suður-Afríku bendir ekki til þess að Jacob Zuma forseti ætli að breyta miklu frá stefnu fyrri stjórnar.

Ráðherrum var fjölgað úr 28 í 34, auk þess sem Trevor Manuel, fyrrverandi fjármálaráðherra, verður yfirmaður þjóðskipulagsnefndar sem sér um að samhæfa störf ráðuneytanna.

Zuma tók formlega við embætti forseta á laugardaginn. Hann er fjórði lýðræðislega kjörni forseti landsins. - gb

Stuldur um hábjartan dag:

## Kjarvalsverkið endurheimt

**LÖGREGLUMÁL Málverk eftir Jóhannes Kjarval, sem var stolið af Kjarvalsstöðum um miðjan laugardag, var endurheimt skömmu síðar af lögreglu og var það óskemmt.**

**Ungt par hafði gengið út með verkið, en safnvörður sá til þeirra. Lögreglan studdist svo við upptökur úr öryggismyndavélum til að hafa hendur í hári þjófanna.**

**Verkið Á hulduströnd var ekki veggfast, en það mun vera metið á allt að sjö milljónir króna.**

**Hafþór Ingvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, segir í samtali við Vísi að verklag á Kjarvalsstöðum og öðrum listasöfnum verði yfirfarið.** - kóþ


FRAMTÍÐARAUÐUR
SÉREIGN

Stattu vörð um viðbótarlífeyrissparnaðinn þinn

Opinn kynningarfundur

Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, 3. hæð
Mánudaginn 11. maí kl. 17:15

Allir velkomnir

AUÐUR CAPITAL

585-6500 | audur.is




Félagsdómur ógildir sparnaðarákvörðun hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja:

# Skulu aka sjúkraliða til vinnu

**ATVINNUMÁL** Heilbrigðisstofnun Suðurnesja var óheimilt að hætta akstri sjúkraliða frá Reykjanesbæ til vinnu í Grindavík. Þetta er niðurstaða Félagsdóms.

Umræddur sjúkraliði er kona úr hópi sjúkraliða sem býr í Reykjanesbæ en starfar á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð í Grindavík. Heilbrigðistofnun Suðurnesja hefur séð sjúkraliðunum fyrir ferðum til og frá Víðihlíð og greitt þeim laun fyrir ferðatímann. Þetta fyrirkomulag telur Sjúkraliðafélag Íslands byggjast á ákvæði kjarasamnings við ríkið sem segir að vinni starfsmaður fjarri leiðum almenningsvagna skuli honum séð fyrir ferðum til og frá vinnustað eða fá greiddan ferðakostnað og að ferðirnar teljist til vinnutíma.

„Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu og tilmælum fjármálaráðuneytis um lækkun útgjalda, hefur sú ákvörðun verið tekin að hætta keyrslu starfsmanna til og frá Víðihlíð á vegum stofnunarinnar auk greiðslna fyrir aksturstíma,“ sagði í bréfi sem sjúkraliðarnir fengu frá forstjóra heilbrigðisstofnunarinnar fyrir jól í fyrra. Þessa ákvörðun kærði Sjúkraliðafélag Íslands til Félagsdóms.




**HEILBRIÐGISSTOFNUN SUÐURNESJA** Gert að draga úr útgjöldun en sparnaðarráðstöfun úrskurðuð brot á kjarasamningi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Rök heilbrigðisstofnunarinnar voru meðal annars þau að stofnuninni hafi ekki verið skylt að aka sjúkraliðinum en gert það engu að síður vegna skorts á starfsfólki í Grindavík. Félagsdómur hefur hins vegar ógilt ákvörðunina um að hætta akstrinum þar sem hún sé andstæð kjarasamningi. - gar



Núll krónur
eru mikils virði!
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Fáðu þér nýjan farsíma hjá Nova með 0 kr. útborgun og 2.000 kr. afborgun á mánuði í eitt ár.
Öllum símatilboðum Nova í áskrift og frelsi fylgir 2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði,
svo þú ert í raun ekki að borga krónu fyrir símann. Taktu númerið með þér og skiptu núna!
Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!
0 kr. útborgun
Nokia 3120
Afborgun 2.000 kr. á mánuði
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 24.000 kr.
Litir: Fjólublár og grár
Netið í símann
0 kr. í áskrift
og 19 kr. í frelsi.
250 MB/mán. í áskrift
og 5 MB/dag í frelsi.
0 kr. útborgun
Samsung U700
Afborgun 2.000 kr. á mánuði
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 24.000 kr.
Litir: Svartur og silfur
0 kr. útborgun
Samsung L700
Afborgun 2.000 kr. á mánuði
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 24.000 kr.
Litur: Steingrár
SAMSUNG
NOKIA
Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

**GENGIÐ 08.05.2009**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,08 | 125,68 |
| Sterlingspund | 188,18 | 189,10 |
| Evra | 167,61 | 168,55 |
| Dönsk króna | 22,498 | 22,630 |
| Norsk króna | 19,331 | 19,445 |
| Sænsk króna | 15,913 | 16,007 |
| Japanskt jen | 1,2571 | 1,2645 |
| SDR | 187,82 | 188,94 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 206,1237

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## NÝ RÍKISSTJÓRN

# Væri skárra að þjóðnýta strax

„Það væri betra hjá þeim að þjóðnýta fyrirtækin strax í stað þess að fara þessa leið og eyðileggja þau þannig,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ. Hann er afar ósáttur við það að ríkisstjórnin skuli ætla að innkalla veiðiheimildir á 20 árum og segir útgerðarfyrirtækin ekki þola það.


FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

„Það er miðað við að þetta taki gildi 1. september 2010 og það er okkar verkefni núna að sannfæra fólkið um hversu skaðvænlegt þetta er.“ Hann segir enn fremur að markmiðin sem sett eru upp í stjórnarsáttmálanum gangi hvort gegn öðru. „Það segir að skapa eigi greininni bestu rekstrarskilyrði sem völ er á og treysta rekstrargrundvöllinn til langs tíma. En á sama tíma er verið að grafa undan rekstrargrundvellinum og langtíma hugsun.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sagði á blaðamannafundinum í gær að þessi aðgerð væri vissulega ekki hafin yfir gangrýni en engum dytti í hug að fara í þær ef þær yrðu til þess að sjávarútvegur færi á hausinn og tæki bankana með sér í fallinu eins og útreikningar útgerðarmanna hafa sýnt fram á. „En það er ekki svo að innkallaðar veiðiheimildir hverfi til himna, þeim verður úthlutað aftur þannig að það er margt við þessar hugmyndir að athuga.“ **- jse**

## Vill þjóna sínu kjördæmi betur

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra tilkynnti í gær að Ásta R. Jóhannesdóttir yrði forseti Alþingis.

Fráfarandi forseti, Guðbjartur Hannesson, segir tvær ástæður helstar fyrir því að hann hætti. „Ég sækist ekki mjög eftir því [starfinu] og mig langar að vera aktívur í vinnu sem tengist mínu kjördæmi og landinu í heild. Ég vona að ég fái tækifæri til þess í nefndastarfi.“ Hin ástæðan sé sú að Samfylkingin styðjist við reglur um jafnt kynjahlutfall „sem ég styð eindregið“. **- kóþ**

## Gott að hafa Gylfa og Rögnu

„Mér líst vel á að hafa þau Gylfa og Rögnu áfram,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Borgarahreyfingarinnar. Meiri friður geti verið um ópólitíska ráðherra.


BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

Birgitta segist einnig tiltölulega ánægð með að tillaga um aðildarviðræður að Evrópusambandinu verði útkljáð á Alþingi.

„Ég held að það sé skásta lausnin í eins og staðan er í dag,“ segir hún. Þjóðin þoli ekki meiri skotgrafahernað um stór mál sem þetta. „Og við viljum að stofnun verði sett á laggirnar, sem miðli ópólitískum upplýsingum um ESB-aðild til almennings.“ **- kóþ**

## ESB-tillaga líklega samþykkt

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknar býst við að ESB-tillagan verði samþykkt á Alþingi. Samfylkingu einni verði þó aldrei falið að semja fyrir Íslands hönd.**

**Það að stjórnin ætli stjórnarandstöðunni að leysa úr svo mikilvægu máli geri nýafstaðna stjórnarmyndun líklega þá döprustu á lýðveldistímanum.**


SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

**„Ég óska þessari stjórn velfarnaðar en er mjög svartsýnn,“ segir Sigmundur. Mikið vanti upp á raunhæfar aðgerðir í þágu heimila og fyrirtækja.** **- kóþ**

# Víðtækt samráð um samningsmarkmið

**Tillaga um aðildarumsókn að Evrópusambandinu verður lögð fram á Alþingi. Stuðningur stjórnvalda við aðildarsamning verður háður ýmsum fyrirvörum.**

Þáttaskil eru í utanríkisstefnu Íslands við ákvörðun ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og VG um að leggja fram tillögu á Alþingi um að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Utanríkisráðherra mun leggja tillöguna fram á fyrstu starfsdögum þingsins en þingsetning verður á föstudag.

Í stjórnarsáttmálanum segir að víðtækt samráð verði á vettvangi Alþingis og við hagsmunaaðila um samningsmarkmið og umræðugrundvöll viðræðnanna. Enn fremur er tekið fram að stuðningur stjórnvalda við samninginn, þegar hann liggur fyrir, sé háður ýmsum fyrirvörum um niðurstöðuna út frá hagsmunum Íslendinga í sjávarútvegs-, landbúnaðar-, byggða- og gjaldmiðilsmálum, í umhverfis- og auðlindamálum og út frá almannaþjónustu.

Andrési Péturssyni, formanni Evrópusamtakanna, lýst ágætlega á þessa fyrirætlan ríkisstjórnarinnar. „Þegar til lengri tíma er litið er eflaust betra að þingið fái að tjá sig um málið svo það fari þá með blessun þess. Ég vona bara að menn leggist ekki í málþóf.“ Andrés er bjartsýnn á að tillaga um aðildarviðræður verði samþykkt og sömuleiðis að samningur við Evrópusambandið verði okkur hliðhollur. „Ef hann verður slæmur þýðir það bara að ESB vill ekki fá okkur inn.“

Ragnar Arnalds, formaður Heimssýnar, er ósáttur við áform ríkisstjórnarinnar. „En þarna eru fimm þingmenn sem eru ákveðnir í að greiða atkvæði á móti og þeir geta orðið fleiri. Það stefnir í mikið samningaþóf,“ segir hann og minnir á að afstaða stjórnarandstöðunnar sé ekki einhlít heldur. Ragnar telur samskiptum Íslands og ESB teflt í hættu. „Það er vafalaust ekki hægt að gera samskiptum ESB og Íslands jafn mikinn grikk og þann að fara í aðildarviðræður og fella samninginn svo í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta hefur komið Norðmönnum í koll.“ **bjorn@frettabladid.is**


**STJÓRNARSÁTTMÁLINN KYNNTUR** Steingrímur J. Sigfússon og Jóhanna Sigurðardóttir kynntu nýjan stjórnarsáttmála í Norræna húsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### VIRÐA ÓLÍKAR ÁHERSLUR HVORS UM SIG

**Stjórnarsáttmálinn um ESB**

Ákvörðun um aðild Íslands að Evrópusambandinu verði í höndum íslensku þjóðarinnar sem mun greiða atkvæði um samning í þjóðaratkvæðagreiðslu að loknum aðildarviðræðum. Utanríkisráðherra mun leggja fram á Alþingi tillögu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu á vorþingi. Stuðningur stjórnvalda við samninginn þegar hann liggur fyrir er háður ýmsum fyrirvörum um niðurstöðuna út frá hagsmunum Íslendinga í sjávarútvegs-, landbúnaðar-, byggða- og gjaldmiðilsmálum, í umhverfis- og auðlindamálum og út frá almannaþjónustu. Víðtækt samráð verður á vettvangi Alþingis og við hagsmunaaðila um samningsmarkmið og umræðugrundvöll viðræðnanna. Flokkarnir eru sammála um að virða ólíkar áherslur hvors um sig gagnvart aðild að Evrópusambandinu og rétt þeirra til málflutnings og baráttu úti í samfélaginu í samræmi við afstöðu sína og hafa fyrirvara um samningsniðurstöðuna líkt og var í Noregi á sínum tíma.

## Fyrning kvótans er nöturleg

**„Mér líst vel á fólkið og óska því velfarnaðar því mikið liggur við,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins.**


ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

**„Mér þykir nöturlegt að heyra að það eigi að ríkisvæða einu atvinnugreinina sem er nokkurn veginn í lagi þó hún eigi í erfiðleikum. Eins þykir mér ljóst að þau hafa ekki komið sér saman í Evrópumálinu, í raun teldi ég eðlilegt að við hefðum fengið að heyra hvernig þessi þingsályktunartillaga á að hljóma en það er eflaust enn verið að deila um það.“** **- jse**

## Sátt við verk sín

Fráfarandi ráðherra og fyrrverandi þingmaður, Kolbrún Halldórsdóttir, segist sátt við sín verk í umhverfisráðuneytinu. Hún líti svo á að hún hafi klárað tíu ára strembið meistaranám, og nú ætli hún að taka sér sinn tíma til að ákveða doktorsverkefnið.


KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

„Ég er sannfærð um að örlaganornirnar spinna eitthvað,“ segir hún. Kolbrún hefur verið orðuð við nýlega auglýst starf Þjóðleikhússtjóra en vill ekki segja hvort hún sæki um. Hún viti ekki hvort Tinna Gunnlaugsdóttir haldi áfram. „Það er ekki auðvelt að sækja um á móti sitjandi leikhússtjóra,“ segir hún. **- kóþ**




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**HLÝINDI** Það má segja að það verði snemmbúin hitabylgja í vikunni með tveggja stafa hitatölum um nánast allt land og allt að 18 stiga hita norðaustanlands. Næstu daga verður sannkallað sumarveður norðaustanlands og á suðvesturhorninu verður hvassara og þungbúið.




Á MORGUN
Sunnan 5-10 m/s, en 10-15 vestan til.

MÁNUDAGUR
Fremur hæg SA-átt, hvassast SV-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 14° |
| Eindhoven | 17° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 13° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 20° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 14° |
| París | 21° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




# Við elskum alla

Nú geturðu valið þér sex vini hjá hvaða farsímafyrirtæki sem er.

## 0 kr. á netið í símanum á kvöldin og um helgar.

**M-IÐ Í SÍMANUM**
Farðu á netið í símanum og sláðu inn m.siminn.is og þú ert kominn á M-ið, upphafið að endalausri afþreyingu.

Gildir frá kl. 19.00 - 24.00 mánudaga til fimmtudaga og frá kl. 19.00 á föstudögum til miðnættis á sunnudögum.



Gildir til 1. JÚNÍ

Það er Síminn

800 7000 • siminn.is

ENNEMM / SÍA / NM37904

## KJÖRKASSINN



*Ætti lögreglan að koma í veg fyrir rekstur fríbúðar við Vatnsstíg?*

| | |
|---|---|
| Já | 59,2 |
| Nei | 40,8 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Líst þér vel á nýja ríkisstjórn?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

vísir

## NÝ RÍKISSTJÓRN

# Ráðuneytum fækkað úr tólf í níu

Ríkisstjórnin ætlar að fækka ráðuneytum úr tólf í níu á kjörtímabilinu og færa málaflokka til á milli ráðuneyta.

Forsætisráðuneytið fær aukið forystu-, verkstjórnar- og samræmingarhlutverk.

Í nýju efnahags- og viðskiptaráðuneyti verður almenn hagstjórn, lagaumgjörð og eftirlit með fjármálamarkaði og mat á þróun og horfum í efnahagsmálum.

Nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti verður til með sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins.

Nýtt umhverfis- og auðlindaráðuneyti tekur yfir öll verkefni er lúta að auðlindum.

Til fjármálaráðuneytisins færist öll eignaumsýsla ríkisins, sem nú er dreifð á mörg ráðuneyti.

Nýtt ráðuneyti mennta- og menningarmála tekur meðal annars yfir umsjón menningarstofnana og verkefna er nú heyra undir forsætisráðuneyti.

Utanríkisráðuneytið fær aukið hlutverk á sviði alþjóðlegra viðskipta- og fjárfestingarsamninga auk þess sem Norðurlandaskrifstofa flyst þangað.

Nýtt ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála fær aukið vægi við eflingu sveitarstjórnarstigsins og stefnumótun á sviði byggðaþróunar.

Í nýju ráðuneyti mannréttinda- og dómsmála verða verkefni á sviði lýð- og mannréttinda. Þangað færast líka neytendamál.

Ráðgert er að samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti og mannréttinda- og dómsmálaráðuneyti verði sameinuð í nýtt innanríkisráðuneyti fyrir lok kjörtímabilsins.

## Bankareglur

**Marka á skýra stefnu um framtíðaráherslur ríkisins sem eiganda bankanna, meðal annars um eignarhald þeirra. Gæta á þess að yfirtaka ríkisbanka á fyrirtækjum skekki ekki samkeppnisstöðu á markaði og tryggja á faglegt og gagnsætt söluferli þeirra.**

**Settar verða reglur sem takmarka útlán banka á uppgangstímum og skylda þá til að leggja fyrir þegar vel gengur. Herða á reglur um lánveitingar til eins og sama aðila og um lán til tengdra aðila. Þá á að koma í veg fyrir að hér geti aftur þróast kaupaukakerfi sem leiði til mikillar áhættusækni banka.**








**AÐ BESSASTÖÐUM** Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG og fjármálaráðherra, ók á gamla Volvónum sínum til ríkisráðsfundar á Bessastöðum í gær. Ný stjórn segist ætla að skapa norrænt velferðarsamfélag á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skapa á norrænt velferðarsamfélag

**Ríkisstjórnin varar við að efnahagsástandið kunni að versna áður en það batnar aftur. Hún heitir því að standa vörð um velferð í þrengingunum fram undan.**

Ný ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur ætlar að leiða til öndvegis ný gildi jöfnuðar, félagslegs réttlætis, samhjálpar, sjálfbærrar þróunar, kvenfrelsis, siðbótar og lýðræðis. Hún ætlar að skapa norrænt velferðarsamfélag þar sem almannahagsmunir eru teknir fram yfir sérhagsmuni.

Byrðum vegna ástands efnahagsmála segist stjórnin ætla að dreifa með sanngirni, jöfnuð og réttlæti að leiðarljósi.

Fyrstu kaflar sautján blaðsíðna samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og VG fjallar um efnahagsmál, ríkisfjármál og vanda fólks og fyrirtækja. Tiltekið er að ástandið kunni að versna enn frekar áður en það batnar aftur og áhersla lögð á að samfélagið allt þurfi að vinna saman að lausn vandans. Allir þurfi að leggja sitt af mörkum, í réttu hlutfalli við getu.

### Peningastefnan metin

Meginverkefni ríkisstjórnarinnar á sviði efnahagsmála er að ná aftur jafnvægi í rekstri ríkissjóðs, endurreisa fjármálakerfið, ná þjóðarsátt um lykilmarkmið og viðamiklar efnahagsráðstafanir og sátt við nágrannalönd eftir hrun fjármálakerfisins. Trúverðug efnahagsáætlun og stefnumörkun í ríkisfjármálum til fjögurra ára eru sagðir hornsteinar efnahagsstefnunnar.

Peningastefnunefnd Seðlabankans verður falið að fara yfir kosti og galla þess að breyta peningastefnunni og meta kostina í gjaldmiðilsmálum og Seðlabankinn á að meta hvernig best verði dregið úr vægi verðtryggingarinnar.

Ríkisstjórnin hefur það að markmiði að koma í veg fyrir að tímabundinn greiðsluvandi leiði til vanskila og gjaldþrots og ætlar í því skyni að hækka vaxta- og húsaleigubætur. Lykilatriðið er að tryggja húsnæðisöryggi.

Í stjórnarsáttmálanum segir að ríkisstjórnin ætli að kanna kosti til aukinnar tekjuöflunar ríkissjóðs í samráði við hagsmunaaðila og með hliðsjón af reynslu þeirra landa sem glímt hafa við svipaða erfiðleika. Lykilatriði er að aukin skattheimta leggist frekar á þá sem betur eru í stakk búnir til að bera auknar byrðar en verði þó ekki til þess að draga úr möguleikum fólks til að vinna sig út úr þeim erfiðleikum sem fram undan eru.

Kynna á áætlun um jafnvægi í ríkisfjármálum í sumarbyrjun.

### SAMSTAÐA UM STÖÐUGLEIKASÁTTMÁLA

**Ríkisstjórnin fagnar frumkvæði aðila vinnumarkaðarins að samráði og samstöðu um stöðugleikasáttmála og ætlar að ná samstöðu um:**

■ Áætlun um að skapa skilyrði fyrir afnámi gjaldeyrishafta og hraða lækkun vaxta. ■ Hagstæð rekstrarskilyrði fyrir fyrirtæki þannig að störf verði varin og aðstæður skapaðar fyrir fjölgun þeirra á ný. ■ Markmið í ríkisfjármálum í samræmi við sameiginlega áætlun stjórnvalda og AGS. ■ Að verja velferðarkerfið eins og kostur er.

**Forsenda ofangreindra markmiða er að góður og jafn hagvöxtur náist. Til að það sé hægt þarf að:**

■ Auka traust og trú á íslenskt efnahagslíf. ■ Örva innlendar fjárfestingar í atvinnulífinu. ■ Stuðla að beinum erlendum fjárfestingum. ■ Koma á eðlilegum lánaviðskiptum við erlenda banka.

### Laun lækkuð og afnumin

Ríkisstjórnin ætlar, í sparnaðaraðgerðum sínum, að efna til víðtæks sparnaðarátaks í ríkiskerfinu öllu og gæta ítrasta aðhalds í rekstri. Lækka á eða afleggja þóknanir fyrir nefndir, hömlur verða settar á aðkeypta ráðgjafarþjónustu og engin ríkislaun eiga að vera hærri en laun forsætisráðherra. Það felur í sér launalækkun í stofnunum og fyrirtækjum á borð við Ríkisútvarpið ohf. og Íbúðalánasjóð.

Heilbrigðisþjónustan verður tekin til endurskoðunar með það að markmiði að draga úr kostnaði og nýta fé skynsamlega.

Tíu liða áætlun um átak til atvinnusköpunar er að finna í stjórnarsáttmálanum og tólf liða áætlun um sóknarstefnu til framtíðar.

### Kvótinn innkallaður

Á kjörtímabilinu á að leggja grunn að innköllun og endurráðstöfun aflaheimilda á 20 ára tímabili og er stefnt að því að innköllun og endurráðstöfun taki gildi á næsta ári.

Styrkja á stöðu umhverfisverndar innan stjórnarráðsins og kannaður verður grundvöllur þess að leggja á umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu. Þá á að stuðla að gagnsæi í orkusölusamningum og leita leiða til að aflétta leynd af orkuverði til erlendra stóriðjufyrirtækja.

### Stjórnin vill stjórnlagaþing

Ítarlega er fjallað um lýðræði og mannréttindi í stjórnarsáttmálanum og meðal annars um skipan stjórnlagaþings.

Frumvarp um það verður lagt fram á vorþingi sem sett verður á föstudag. Þá verður líka lagt fram frumvarp um persónukjör auk þess sem kosningalögin verða endurskoðuð með það að markmiði að jafna vægi atkvæða. Lög um skipan dómara verða einnig endurskoðuð.

Í stjórnarsáttmálanum er lögð áhersla á sjálfstæða utanríkisstefnu Íslands og kveðið á um endurskoðun á starfsemi Varnarmálastofnunar.


BETRI LANDSMENN ATH!

SIGIN GRÁSLEPPA
FRÁ DRANGSNESI

KOFAREYKTUR RAUÐMAGI

ÓBARINN HARÐFISKUR
FRÁ ÍSAFIRÐI

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755




VORTILTEKT!
NÚ HREINSUM VIÐ ÚT
30-50% AFSLÁTTUR
Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, ánæstu dögum, að selja eldri gerðir
**með allt að 50% afslætti.**
COMFORT solutions
By King Koil
30%
AFSLÁTTUR!
Af sængurfatnaði og heilsukoddum
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver leikstýrir söngleiknum Söngvaseið sem nú er sýndur í Borgarleikhúsinu?

**2.** Hvað heitir Drangeyjarjarlinn réttu nafni?

**3.** Hvaða fyrirsæta undirritaði nýlega samning um útgáfu sjálfsævisögu sinnar?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

NÝ RÍKISSTJÓRN

# Kátir að vera kallaðir til leiks

„Það er víða sem rætt er um samráð og samstarf við okkur og verkalýðshreyfinguna og það er fagnaðarefni,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA).

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, tekur í sama streng. „Ég sé ekki betur en ríkisstjórnin sé að svara kalli vinnumarkaðarins um að setjast niður og vinna á þeim vanda sem við okkur blasir,“ segir hann.

Þeir segja báðir að þegar Evrópusamvandsaðild verði til umræðu muni þeir ekki láta sitt eftir liggja til að vernda hagsmuni atvinnulífsins í þeim samningum.



GYLFI ARNBJÖRNSSON



VILHJÁLMUR EGILSSON

Það eina sem Vilhjálmur sagðist gjalda varhug við var upptaka aflaheimilda og áform um eignaumsýslufélag ríkisins. Sagði hann fyrningarleiðina valda óvissu við rekstur sjávarútvegsfyrirtækjanna og ekki væri á óvissuþættina bætandi í íslensku rekstrarumhverfi.

Hvað eignaumsýslufélagið varðar segir hann SA frekar hafa viljað að bankarnir tækju fyrirtækin yfir en ríkið og óttaðist hann fákeppni ef þessi leið yrði farin. **- jse**

## Fagnar viðhorfsbreytingu

**SJÁVARÚTVEGUR** Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, fagnar því að LÍÚ skuli vera tilbúið til að ræða um að takmarka leiguframsal á kvóta. Hann segist hins vegar vilja sjá frekari útfærslu á fyrningarleiðinni áður en hann tekur afstöðu til hennar.

„Ef þeir meina eitthvað með þessu þá leggst það vel í okkur, þetta hefur verið baráttumál síðan kvótakerfið var sett á að hætta þessu leigubraski,“ segir Sævar. **- jse**


SAMEINING A FLOKKA KAUPÞINGS HEILDARVÍSITÖLUSJÓÐS OG FJÁRFESTINGARSJÓÐSINS ÍS-15 OG SLIT B FLOKKA SJÓÐANNA

Ákveðið hefur verið að sameina A flokk Kaupþings Heildarvísitölusjóðs og A flokk Fjárfestingarsjóðsins ÍS-15 (áður Kaupþing ÍS-15) undir nafni síðarnefnda sjóðsins. Sameiningin miðast við 10. júní 2009 en á þeim degi tekur A flokkur Fjárfestingarsjóðsins ÍS-15 við öllum eignum og skuldbindingum A flokks Kaupþings Heildarvísitölusjóðs. Að því loknu verður A flokki Kaupþings Heildarvísitölusjóðs slitið.

Við sameininguna eignast hlutdeildarskírteinishafar í Kaupþingi Heildarvísitölusjóði hlutdeildarskírteini í Fjárfestingarsjóðnum ÍS-15 miðað við dagslokagengi sjóðanna 3. júní 2009.

Hlutdeildarskírteinishafar Kaupþings Heildarvísitölusjóðs geta eftir sem áður átt viðskipti með hlutdeildarskírteini sín í A flokki í samræmi við reglur sjóðsins fram til 3. júní 2009, en frá og með 10. júní 2009 fer um viðskipti eftir reglum Fjárfestingarsjóðsins ÍS-15.

Hlutdeildarskírteinishafar Fjárfestingasjóðsins ÍS-15 geta eftir sem áður átt viðskipti með hlutdeildarskírteini sín í A flokki í samræmi við reglur sjóðsins.

Jafnframt hefur verið ákveðið að slíta B flokki hvors sjóðs. B flokkur sjóðanna inniheldur hluti í Kaupþingi banka hf. og Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. Slit B flokka sjóðanna miðast við 3. júní 2009.

Útboðslýsingu hvors sjóðs og eignasamsetningu þeirra þann 30. apríl 2009 er að finna á vef Kaupþings, www.kaupthing.is/sjodir

11. maí 2009
Rekstrarfélag Kaupþings banka hf.

KAUPÞING



Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið


# Ný ríkisstjórn Jóhönnu

## Forsætisráðherra



**Jóhanna Sigurðardóttir,** formaður Samfylkingarinnar, er forsætisráðherra. Hún hefur gegnt embættinu síðan 1. febrúar.

Jóhanna hefur setið á Alþingi síðan 1978. Hún var félagsmálaráðherra 1987-1994 og 2007-2009. Jóhanna er þingmaður Reykjavíkurkjördæmis norður.

## Utanríkisráðherra



**Össur Skarphéðinsson,** Samfylkingunni, er utanríkisráðherra. Hann hefur gegnt embættinu síðan 1. febrúar.

Össur hefur setið á Alþingi frá 1991. Hann var umhverfisráðherra 1993-1995 og iðnaðarráðherra frá 2007-2009. Össur er þingmaður Reykjavíkurkjördæmis suður.

## Samgönguráðherra



**Kristján L. Möller,** Samfylkingunni, er samgönguráðherra. Hann hefur gegnt embættinu síðan 2007.

Kristján var kjörinn á Alþingi 1999. Hann er þingmaður Norðausturkjördæmis.

## Félags- og tryggingamálaráðherra



**Árni Páll Árnason,** Samfylkingunni, er félags- og tryggingamálaráðherra.

Árni Páll hefur setið á Alþingi síðan 2007. Hann er þingmaður Suðvesturkjördæmis.

## Fjármálaráðherra



**Steingrímur J. Sigfússon,** formaður VG, er fjármálaráðherra. Hann hefur gegnt embættinu frá 1. febrúar.

Steingrímur hefur setið á Alþingi síðan 1983. Hann var landbúnaðar- og samgönguráðherra 1988-1991 og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, auk þess að vera fjármálaráðherra, frá febrúar 2009 til 10. maí. Steingrímur er þingmaður Norðausturkjördæmis.

## Menntamálaráðherra



**Katrín Jakobsdóttir,** varaformaður VG, er menntamálaráðherra. Hún hefur gegnt embættinu frá 1. febrúar.

Katrín hefur setið á þingi síðan 2007. Hún er þingmaður Reykjavíkurkjördæmis norður.

## Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



**Jón Bjarnason.** VG er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Jón hefur setið á Alþingi síðan 1999. Hann er þingmaður Norðvesturkjördæmis.

## Iðnaðarráðherra



**Katrín Júlíusdóttir,** Samfylkingunni, er iðnaðarráðherra.

Katrín hefur setið á Alþingi síðan 2003. Hún er þingmaður Suðvesturkjördæmis.

## Umhverfisráðherra



**Svandís Svavarsdóttir,** VG, er umhverfisráðherra.

Hún var fyrst kjörin á þing í nýafstöðnum kosningunum. Hún er þingmaður Reykjavíkurkjördæmis suður.

## Heilbrigðisráðherra



**Ögmundur Jónasson,** VG, er heilbrigðisráðherra. Hann hefur gegnt embættinu frá 1. febrúar.

Ögmundur hefur setið á þingi síðan 1995. Hann er þingmaður Suðvesturkjördæmis.

## Viðskiptaráðherra



**Gylfi Magnússon** er viðskiptaráðherra. Hann hefur gegnt embættinu frá 1. febrúar.

Gylfi á ekki sæti á Alþingi.

## Dómsmálaráðherra



**Ragna Árnadóttir** er dómsmálaráðherra. Hún hefur gegnt embættinu síðan 1. febrúar.

Ragna á ekki sæti á Alþingi.


LYFJA – Lífið heil



15% verðlækkun+
LAMISIL ONCE



15% verðlækkun+
NICOTINELL Mintutyggjó

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

+ Gildir út maí 2009




## 20% kynningarafsláttur







**30% afsláttur**
af fylgihlutum við dýnukaup

**20-50% afsláttur**
af völdum vörum

Íslenskir botnar
Íslensk framleiðsla
Margir leðurlitir í boði

**6 mán. vaxtalausar greiðslur**




Svefn & heilsa ★★★★★




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00**

www.svefn.is

# Misjöfn viðbrögð við hátekjuskatti Darlings

**Jaðaráhrif valda því að boðaðir hátekjuskattar í Bretlandi munu skilja allt að 61,5 prósent af tekjum skattgreiðenda eftir í sjóðum ríkisins. Þó munu hátekjuskattarnir ekki hrökkva langt til að rétta af hallarekstur breska ríkissjóðsins.**

**BRETLAND** Hátekjuskattar þeir sem boðaðir voru í fjárlagafrumvarpinu sem breski fjármálaráðherrann Alistair Darling kynnti þann 22. apríl síðastliðinn hafa hlotið misjöfn viðbrögð.

Samkvæmt frumvarpinu stendur til að hækka tekjuskatt á þá sem þéna meira en 150.000 sterlingspund á ári – sem samsvarar um 28,5 milljónum króna – úr 40 prósentum í 50 prósent. Er hann fylgdi fjárlagafrumvarpinu úr hlaði á þingi sagði Darling að þessi ráðstöfun væri hluti af þeirri stefnu ríkisstjórnar Verkamannaflokksins, að innleiða meiri „sanngirni“ í skattkerfið.

Hátekjuskattstillögurnar eru þó öllu flóknari en þetta. Í úttekt vikuritsins The Economist er rakið hve jaðaráhrif breytinganna verða mikil. Þau eru sögð munu hækka úr 31,5 prósentum í 41,5 til 61,5 prósent. Mest verði þessi áhrif á þá sem þéna rétt yfir 100.000 pundum á ári. Þeir missi persónuafsláttinn og við það fari jaðarskattprósentan í þetta hæsta stig. Fyrir þá sem þéna á bilinu 113.000 til 150.000 pund geta farið niður í 41,5 prósent, en við 150.000 punda markið fer jaðarskatturinn í 51,5 prósent.

Þá hefur það áhrif líka að skattafsláttur sem veittur er af séreignalífeyrissparnaði minnkar um allt að helming á hátekjufólk. Vegna þess hve flóknar reglurnar eru geta þó sumir hátekjumenn endað uppi með að borga minni skatt af slíkum lífeyrissparnaði.



**HÁIR HÁTEKJUSKATTAR** Breski fjármálaráðherrann Alistair Darling með fjárlagafrumvarpið í rauðu töskunni frægu. NORDICPHOTOS/AFP

„Þvílíkt klúður,“ skrifar Economist í leiðara um málið.

Allt í allt eru þessar auknu skattaálögur á hátekjufólk þó ekki taldar munu skila meiru en um tveimur milljörðum punda í ríkiskassann, og því duga skammt til að laga hinn mikla fjárlagahalla sem fram undan er.

Að sögn Financial Times hafði verið búist við minni hækkun hátekjuskatts, en ríkisstjórnin hefði ákveðið að hafa hana svona mikla til að undirstrika muninn á skattastefnu Verkmannaflokksins og Íhaldsflokksins, sem mælst hefur með drjúgt forskot í skoðanakönnunum. Þingkosningar verða að fara fram í Bretlandi í síðasta lagi í júní 2010.

Í ljósi þess hve kreppan veldur miklum halla á ríkisfjármálunum er hins vegar talið að íhaldsmenn muni, komist þeir til valda, ekki geta látið nægja að skera bara niður ríkisútgjöld án skattahækkana, eins og þeir vilja helst. Bæði óvinsæll niðurskurður og óvinsælar skattahækkanir verði óumflýjanlegar.

audunn@frettabladid.is



**ÞÁ RIGNDI EGGJUM** Hluthafar franska fjárfestingarfélagsins Pinault Printemps Redoute beittu fyrir sig regnhlífum þegar starfsmenn köstuðu eggjum í þá til að mótmæla háum arðgreiðslum. NORDICPHOTOS/AFP

Fimm stórum svæðum lokað:

## Vernda vistkerfið með banni

**UMHVERFISMÁL** Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (NEAFC) samþykkti nýverið að loka stórum svæðum á Atlantshafshryggnum til að vernda viðkvæm vistkerfi fyrir áhrifum botnveiðarfæra. Lokunin nær til fimm svæða og er viðbót við þau svæði sem þegar hefur verið lokað í sama tilgangi. Samanlagt eru hin nýju svæði 330.000 ferkílómetrar eða sem nemur ríflegri þrefaldri stærð Íslands.

Sá hluti Atlantshafshryggjarins sem ekki fellur undir lokanir er skilgreindur sem „nýtt svæði“ og gilda sérstakar reglur um hugsanlegar botnveiðar á slíkum svæðum. Ráðstafanir sem ætlað er að styðja við frekari verndun viðkvæmra vistkerfa á úthafinu á samningssvæði NEAFC tóku gildi í janúar. Í aðdragandanum hafa allar botnfiskveiðar síðastliðinna tuttugu ára á samningssvæði NEAFC verið kortlagðar. - shá

Fleiri kjósa sér skyndibita:

## Vorið byrjar vel hjá McDonald's

**VIÐSKIPTI Bandaríska skyndibitakeðjan McDonald's hagnaðist um 979,5 milljónir dala, jafnvirði 123 milljarða króna, á fyrsta fjórðungi ársins. Þetta er 3,5 prósenta aukning frá fyrra ári.**

**Tekjur námu fimm milljörðum dala á tímabilinu, sem er 9,6 prósenta samdráttur.**

**Forsvarsmenn McDonald's greindu frá því fyrir helgi að annar ársfjórðungur hafi byrjað betur en á horfðist en sala jókst um 6,9 prósent í nýliðnum mánuði. Mestu munar um aukna sölu á morgunverði, kjúklingasamlokum og kaffisopa, að sögn Bloomberg-fréttaveitunnar.** - jab

Verslunarmenn í Vík:

## Viðmótið gott eftir okrið 2007

**VERSLUN** Verslunarmenn í Vík í Mýrdal segja erlenda ferðamenn vera fjölmenna þar frá því í febrúar og kaupgleðin mun meiri en áður hefur þekkst. Segja þeir lágt gengi krónunnar ráða mestu um þessa þróun.

„Það var orðið afar óþægilegt að heyra ferðamennina tala um það hvers konar okurbæli þetta Ísland væri árið 2007,“ segir Þórir Kjartansson, framkvæmdastjóri Víkurprjóns. „Nú er viðmótið allt annað og þeir kaupa miklu meira.“

Elías Guðmundsson, sem rekur Víkurskálann, tekur í sama streng. „Maður sá fram á langan vetur þegar hrunið varð í haust en svo fór bara að sumra í febrúar. Við Þórir erum hérna með okkar þjónustu á torginu sem við höfum stundum kallað Torg hins himneska friðar, svona í gríni en það stendur ekki undir því nafni eins og umferðin er orðin.“ - jse




10 1999 2009 ÁRA

VIÐ FÖGNUM Í DAG



**AUGLITI TIL AUGLITIS** Ríkisstjórnin tvöfaldar Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Fólk getur gengið beint inn af götunni og fengið ráðgjöf augliti til auglitis.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stórefla á Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna:

# Ný starfsstöð verður opnuð í Sóltúni

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin hefur samþykkt að stórefla Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna í samstarfi við bankana, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Íbúðalánasjóð. Aðsókn eftir ráðgjöf hefur þrefaldast frá því í apríl. Elstu umsóknirnar eru frá því í byrjun apríl en vonir standa til að Ráðgjafarstofan nái að vinna á biðlistanum á fjórum vikum.

Starfsemi Ráðgjafarstofunnar verður tvöfölduð og ný starfsstöð opnuð við Sóltún 26 í Reykjavík í lok vikunnar. Stefnt er að því að fólk geti gengið þar inn af götunni og fengið ráðgjöf strax

. Bankarnir leggja til húsnæði, skrifstofubúnað og tölvur. Rafræn eyðublöð verða tekin í gagnið.

Miðað er við að átta til tíu starfsmenn starfi á starfsstöðinni í Sóltúni. Fjórum stöðugildum verður einnig bætt við í höfuðstöðvum Ráðgjafarstofunnar við Hverfisgötu. Borgin og bankarnir leggja til einn til þrjá starfsmenn tímabundið auk þess sem ráðnir verða starfsmenn af atvinnuleysisskrá.

Ásta Sigrún Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofunnar, segir að fjármálaráðgjöf sé flókin, byrja þurfi á því að þjálfa starfsmenn.

Þá verður farið í átak til að kynna þau úrræði sem stjórnvöld hafa komið á fót fyrir þá sem eru í greiðsluerfiðleikum.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir að mikilvægt sé að fólk notfæri sér þau úrræði sem séu í boði eftir því sem þörf sé á. „Við hvetjum fólk eindregið til að afla sér upplýsinga um hvað er í boði og leita svo ráðgjafar,“ segir hann.

- ghs





Ótrúlegt sértilboð 10. júní í 2 vikur

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

**Allt innifalið**
**Kr. 109.900 – 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi með öllu inniföldu í 2 vikur, 10. júní. Verð m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi kr. 113.900.

**Kr. 124.900 – 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með öllu inniföldu í 2 vikur, 10. júní.
Aukagjald fyrir einbýli kr. 30.000.

Mjög takmarkað magn í boði á þessu verði!



**Glæsileg aðstaða**
- Allt innifalið
- Loftkæling
- Svalir/verönd
- Mini-golf
- Glæsilegur garður
- 4 sundlaugar
- Nuddpottur
- Sauna
- Leiktækjaherbergi
- Borðtennis
- Barnaklúbbur (4-12 ára)
- Barnaleiksvæði
- Tennisvöllur
- 4 veitingastaðir
- 4 barir
- Skemmtidagskrá
- Íþróttaaðstaða
- ... og fleira og fleira

**Frábær gisting - bókaðu strax**
**Hotel Palma Bay Club ✱✱✱ – allt innifalið**
Hótelið stendur aðeins um 350 metra frá frábærri Arenal ströndinni og aðeins 150 metra frá fjölda verslana og bara. Hótelið býður góðan aðbúnað í fríinu í fallegu umhverfi.

**Ath. Fleiri tilboð til Mallorca á www.heimsferdir.is**

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is





**FRÉTTAVIÐTAL:** Stjórnprótein í litfrumum

# Lykillinn í litfrumunum

**Eiríkur Steingrímsson, prófessor í læknisfræði við Háskóla Íslands, hlaut á dögunum ein stærstu verðlaun sem veitt eru á sviði læknisfræði hér á landi. Eiríkur hefur rannsakað stjórnprótein í litfrumum músa sem kemur líka við sögu í myndun sortuæxla í mönnum. Hann segir mikið að gerast á sviði þroskunarfræða um þessar mundir og að rannsóknir undanfarinna fimm ára muni hafa mikil áhrif í leitinni að lækningu og meðferð við sortuæxlum á næstu árum.**

„Þetta er gríðarleg viðurkenning fyrir starfið sem við erum að vinna og fyrir mig að vera valinn úr,“ segir Eiríkur Steingrímsson, prófessor í læknisfræði, sem hlaut verðlaun úr verðlaunasjóði Árna Kristinssonar og Þórðar Harðarsonar á sviði læknisfræði og skyldra greina.

Verðlaunin voru afhent á ársfundi Landspítalans miðvikudaginn 5. maí. Verðlaunin eru þau stærstu sem veitt eru fyrir vísindastörf hér á landi, en verðlaunaféð nemur 2,5 milljónum króna.

## Mýs og menn

Sérsvið Eiríks liggur á sviði lífefna- og sameindalíffræði. Rannsóknir hans fjalla einkum um starfsemi og hlutverk stjórnpróteinsins Mitf í músum, sem er nauðsynlegt fyrir eðlilega þroskun nokkurra mismunandi frumugerða, til dæmis litfrumna húðar og augna auk beinátsfrumna. Prótein þetta kemur einnig við sögu í myndun sortuæxla.

„Það sem við erum að gera kallast þroskunarfræði,“ útskýrir Eiríkur, „þar sem við rannsökum hvernig þroskun fer fram. Við reynum að skoða hvernig tilteknar frumugerðir verða til á tilteknum stað í líkamanum og hvernig þær haldast sérhæfðar. Til þess einblínum við á ákveðna frumugerð, litfrumurnar, sem búa til litinn í húð og hári. Ástæðan er sú að litfrumur eru sýnilegar og ólíkt flestum öðrum frumum getum við verið án þeirra, til dæmis albinóar.“

Eiríkur segir að breytingar á litfrumum í músum hafi gert það að verkum að til er orðinn fjöldinn allur af stofnum af afbrigðilega litum músum. Það er meðal annars þekkt áhugamál að safna slíkum músum. Hann sé líklega í hópi þeirra sem haldinn sé slíkri „músadellu“. „Þarna erum við því með frumugerð sem við getum leikið okkur með, breytt á alls konar hátt og við sjáum alltaf afleiðingarnar. Við getum rakið okkur fram og til baka; séð hvaða áhrif breytingar á þessu geni hafa og svo framvegis. Þetta er ástæðan fyrir því að við vinnum með litfrumur; það eru ekki margar aðrar frumur í hryggdýrum sem hægt er að rannsaka jafn nákvæmlega því við getum ekki verið án þeirra.“

## Gefur góða von um meðferð við sortuæxlum

En hvaða hagnýta læknisfræðilega tilgangi þjóna slíkar rannsóknir? „Litfrumurnar eru frumurnar sem valda sortuæxlum,“ svarar Eiríkur. „Allur skilningur á þroskun venjulegra litfrumna hefur því gríðarlega þýðingu fyrir þann skilning sem við höfum á sortuæxlum.“

Eiríkur segir mikilvæga hluti að gerast í rannsóknum á sortuæxlum núna, meðal annars vegna rannsókna á litfrumum í músum. „Rannsóknirnar undanfarin fimm ár ættu að skila miklum árangri á næstu árum. Það er komið í ljós að það er ákveðinn ferill sem skiptir máli í langflestum tilfella sortuæxla. Sortuæxli orsakast af því að stökkbreyting í ákveðnu geni veldur því að sameind verður ofurvirk, með þeim afleiðingum að fruman fer að skipta sér óeðlilega mikið, fer úr því að verða venjuleg fruma og verður að stórum, ljótum bletti sem getur borist til annarra líffæra og leitt til dauða. Rannsóknir sýna að sama stökkbreytingin er á bak við 70 prósent tilfella sortuæxla.

Hingað til hefur ekki fundist nein meðferð eða lyf við þessu. En þegar menn vita hvaða boðleið veldur stökkbreytingunni í flestum tilfellum, er hægt að byrja að þróa lyf sem gengur út á að slökkva á þessu ofurvirka próteini. Þá væri hægt að stöðva framgang æxlisins og jafnvel lækna það. Núna eru um fimm ár síðan þessi stökkbreyting fannst og hjá stóru lyfjafyrirtækjunum hefur verið ráðist í öflugar rannsóknir til að þróa lyf sem verka á þennan feril.“

Að þessu leyti skipti íslensku rannsóknirnar máli því ferillinn sem veldur sortuæxlum hefur einmitt mikil áhrif á Mitf-stjórnpróteinið, sem Eiríkur hefur sérhæft sig í.

## Féll fyrir ávaxtaflugunni

Eiríkur ákvað að leggja fyrir sig þroskunarfræði þegar hann hélt til Bandaríkjanna í framhaldsnám, en þá var að verða mikil sprenging í greininni með tilkomu erfðafræðinnar. Hann lauk doktorsprófi frá UCLA í Kaliforníu en rannsóknir hans þar beindust að fósturþroskun ávaxtaflugunnar Drosophila melanogaster.

„Áður fyrr gekk þroskunarfræði fyrst og fremst út á að lýsa þroskun. Hún svaraði hins vegar ekki hvað var að gerast þegar þroskun átti sér stað. Það breyttist með tilkomu erfðafræðinnar og hægt var að skoða áhrif gena á þroskunina.

Ávaxtaflugan var fyrsta lífveran sem notuð var í þeim tilgangi. Vísindamenn stökkbreyttu genum hennar skipulega og könnuðu áhrifin. Þannig tókst að kortleggja langflest gen sem hafa áhrif á þroskunina, allt frá frjóvguðu eggi upp í fullvaxna lífveru.“

Þetta hafði feikileg áhrif á rannsóknir á sjúkdómum manna. „Ávaxtafluga er ekki merkileg á að líta en flest gen sem hafa fundist sem stjórnendur í ávaxtaflugu eru líka til staðar í manninum; langflest genanna sem spila rullu í krabbameinum manna hafa fyrst fundist í ávaxtaflugu.“

Að loknu námi sneri Eiríkur sér hins vegar að rannsóknum á litarfrumum í músum.

## Virkt vísindastarf á Íslandi

Eiríkur segir að í alþjóðlegum samanburði nái Ísland sannarlega máli á sviði lífvísinda og gott betur. Miðað við stærð samfélagsins sé sú mikla virkni á þessu sviði hér á landi líklega einsdæmi í heiminum. Hann segir ágætlega búið að vísindamönnum. „Ástandið hefur farið síbatnandi frá því ég kom heim fyrir ellefu árum. Þá voru hæstu einstöku styrkirnir frá Rannís ein milljón á ári, nú eru þeir 15 milljónir á ári. En við eigum að vísu eftir að sjá áhrif kreppunnar.

Það er þó ýmislegt sem má bæta enn frekar. Lífvísindin krefjast til dæmis mikilla aðfanga, efnavara og þess háttar. Af því þurfum við að borga virðisaukaskatt sem og flutningsgjald. Fyrir vikið borgum við alltaf að minnsta kosti helmingi meira en samkeppnisaðilar á



… AUKUM ÞJÓNUSTU OKKAR
OPNUM FYRSTA BANKAÚTIBÚIÐ KL. 13:00

Borgartúni 26 þjónustusími: 540 3200 thjonusta@mp.is www.mp.is



**EIRÍKUR STEINGRÍMSSON** Segja má að ávaxtaflugur og mýs séu hans ær og kýr en Eiríkur hefur rannsakað áhrif stökkbreyttra gena á mýs og flugur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

meginlandinu. Alls staðar þar sem ég þekki til í heiminum er virðisaukaskattur ekki lagður á rannsóknarvinnu, það er allt undanþegið. Svo er ekki hér og veldur okkur miklum búsifjum.“

**Bjartsýnn á framtíðina**

Eiríkur er þó bjartsýnn fyrir hönd vísinda á Íslandi. „Menntakerfið stendur sig ágætlega. Það er ýmislegt gert til að vekja áhuga yngri kynslóðanna á vísindum en mætti þó gera skurk í þeim efnum í menntaskólunum. Undanfarin ár hafa vísindin ekki þótt heit, fjármálalífið hefur átt þar vinninginn, en vonandi breytist það. Það er alltaf eitthvað af áhugasömum nemendum sem sækja í raunvísindin hér í háskólanum, fara út í framhaldsnám og þrátt fyrir allt aftur heim. Meðan svo er erum við í ágætum málum.“



FRÉTTAVIÐTAL
BERGSTEINN SIGURÐSSON
bergsteinn@frettabladid.is

Stökktu til
Mallorca
26. maí
frá kr. 59.990

Verð kr. 59.990
- 8 nætur. Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð í 8 nætur. Stökktu tilboð. Verð m.v. 2-3 í stúdíó / íbúð kr. 69.990. Aukavika kr. 20.000.

*8 nátta ferð allra síðustu sætin!*
Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Mallorca 26. maí í 8 nætur. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins í sumarbyrjun á þessari einstöku sumarleyfisperlu.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ




Við hjá MP Banka fögnum merkum áföngum í dag, 10 ára farsælu starfi og opnun fyrsta útibúsins að Borgartúni 26, kl. 13:00.

MP Banki hf. var stofnaður árið 1999 og hét þá MP Verðbréf. Árið 2003 fékk bankinn fjárfestingabankaleyfi og bauð þá alhliða fjárfestingabankaþjónustu. MP Banki fékk fullt viðskiptabankaleyfi í október 2008 og hóf að taka við innlánum og séreignarsparnaði til viðbótar við fyrri starfsemi. Í apríl sl. tók Netbanki MP til starfa og opnun útibúsins í dag markar enn ný tímamót.

MP Banki býður heildarlausnir í eignastýringu fyrir einstaklinga og fjárfesta með mismunandi áherslur. MP Banki annast miðlun verðbréfa á innlendum og erlendum mörkuðum jafnhliða margvíslegum verkefnum tengdum þjónustu og ráðgjöf til einstaklinga, stærri og smærri fyrirtækja, sjóða og opinberra aðila.

MP BANKI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kaflaskil með hreinni vinstri stjórn:

## Nýtt samningaþóf

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Það er rétt hjá Steingrími Sigfússyni fjármálaráðherra að þau tímamót hafa orðið að í fyrsta sinn situr við völd hrein vinstri stjórn í landinu. Það eru afgerandi kaflaskil í stjórnmálasögunni.

Til þess að þingmeirihluti geti myndað ríkisstjórn þarf tvennt að koma til: Í fyrsta lagi samkomulag um skiptingu valda. Í annan stað sátt um málefni. Ef ekki er bræðralag um völdin getur reynst þrautin þyngri að lifa af. Á hinn bóginn geta stjórnir setið án samstöðu um málefni. En þá er ekki á vísan að róa um árangur. Oftast fer þá illa.

Af yfirlýsingum forystumanna ríkisstjórnarflokkanna má ráða að trúverðug eining ríki á milli þeirra um valdaskiptinguna. Með yfirlýsingu sinni í gær lögðu þeir hins vegar engar skýrar línur um lausn stærstu úrlausnarefnanna: ríkisfjármála, peningamála og Evrópumála.

Að því er varðar efnahags- og ríkisfjármál má segja að nýja ríkisstjórnaryfirlýsingin sé endurskrift á samningi fyrri ríkisstjórnar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þar er ekki að finna neinar útfærðar tillögur umfram þau markmið sem samningurinn geymir. Fullyrt er að þær muni koma síðar. Það er vel.

Af yfirlýsingunni má ráða að frumkvæði að lausnum í ríkisfjármálum eigi að koma út úr boðuðu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Það samstarf er afar mikilvægt og forsenda árangurs. Hitt hefði verið eðlilegt að ríkisstjórnin hefði á þessu stigi haft frumkvæði að tillögugerð og kallað eftir samstarfi á þeim grundvelli. Svo virðist hins vegar vera sem ríkisstjórnin ætli að færa ábyrgðina í verulegum mæli yfir á launþegasamtökin.

Samkvæmt ríkisstjórnaryfirlýsingunni er lausn á framtíðarstefnu í peningamálum og afstöðunni til Evrópusambandsins í algjöru uppnámi. Þar vill Samfylkingin fara eina leið en VG aðra. Til sátta hefur VG fallist á að Samfylkingin megi halda fram hjá í stjórnarsamstarfinu og semja við aðra flokka um tvö af þremur stærstu málunum sem glíma þarf við.

Ríkisstjórnin er því í málefnalegum minnihluta á Alþingi um helstu viðfangsefnin. Samfylkingin hefur fallist á að sitja í ríkisstjórn með VG án þess að fá tryggingu fyrir framgangi Evrópumálanna og nýrri framtíðarstefnu í peningamálum. Nú á eftir að koma í ljós hvað hún vill á sig leggja til þess að ná samkomulagi við hina flokkana á Alþingi til þess að ná þessum lykilmálum fram. Án lausnar á þeim er lítil von um efnahagslega endurreisn.

Kjarni málsins er sá að forsætisráðherra hefur ekki fengið umboð samstarfsflokksins til að koma mikilvægustu málunum á framkvæmdastig. Það er algjör nýlunda í íslenskri pólitík.

Sú nýlunda gefur stjórnarandstöðuflokkunum sterka stöðu og leggur jafnframt á þá óvenjulega ábyrgð. Í raun þarf Samfylkingin að hefja stjórnarmyndunarviðræður við þá um þessi mál á næstu dögum.

Hér hefur verið málefnaleg stjórnarkreppa síðan í nóvember. Á því hefur engin breyting orðið þrátt fyrir nýja ríkisstjórn, kosningar og endurnýjaða ríkisstjórnaryfirlýsingu.

Ábyrgðin á að leysa þessa málefnalegu stjórnarkreppu hvílir á forsætisráðherra. Það mun kalla á mikla lipurð og lagni í samningum að tryggja samstöðu í þinginu um þessi mál og ríkisstjórnina. Þeir sem að málefnasamstöðu standa þurfa líka að geta treyst þeirri stjórn sem á að framkvæma hana.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvar er búrið?

Menn höfðu misgaman af hrekknum um ísbjörninn í Skagafirði sem átti að vera á ferð skammt frá Hofsósi um helgina. Sá reyndist vera uppstoppaður og því hættulaus en lögreglan fór í viðbragðsstellingar og hringdi út skyttur. Eflaust hefðu margir viljað að hið sanna kæmi ekki í ljós fyrr en yfirvöld hefðu verið búin að taka ákvarðanir sem lúta að búrinu fræga sem sent var eftir í fyrra. Höfðu margir gaman af því máli og ekki úr vegi að endurtaka það, nema að afstaðan hafði breyst í umhverfisráðuneytinu.



### Frá Emilíu, Ólafíu og Stefaníu

Þegar ný stjórn er mynduð er alltaf forvitnilegt að velta því fyrir sér undir hvaða nafni menn muni minnast hennar. Stundum eru þær nefndar eftir þeim stað þar sem stjórnarsáttmálinn er undirritaður eða stjórnin kynnt. Eins og til dæmis Viðeyjarstjórn eða Þingvallastjórn. Einnig getur það farið eftir þeim verkefnum sem við henni blasa eins og til dæmis einkavæðingarstjórn, viðreisnarstjórn eða nýsköpunarstjórn.

Svo geta þær verið nefndar eftir þeim sem fyrir þeim fara, mætti þar nefna Stefaníu hans Stefáns Jóhanns Stefánssonar, Ólafíu hans Ólafs Jóhannessonar eða Emilíu Emils Jónssonar.



### Til Jóhönnu

Það er því úr ýmsu að moða að þessu sinni. Þetta gæti verið Norræna stjórnin, Vatnsmýrarstjórnin, kreppustjórnin, niðurskurðarstjórnin, skattastjórnin, nú eða bara Jóhanna.

**jse@frettabladid.is**

## Vinstri stjórn



**GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON**

**Í DAG** | Ný ríkisstjórn

Það er engan veginn auðvelt eða sjálfsagt mál fyrir VG og Samfylkingu að mynda saman ríkisstjórn: flokkarnir hafa í grundvallaratriðum andstæðar skoðanir í Evrópumálum og foringjar beggja flokkanna þurfa að geta staðið frammi fyrir sínu fólki og varið þá leið sem farin var. Úr mörgu þarf að greiða.

Þetta er vegna sögunnar – vegna hefðar flokkanna sem þessir eru runnir frá – vegna rótgróins þankagangs innan þeirra beggja. Skúli Thoroddsen mun alltaf greiða atkvæði á móti Uppkastinu og Benedikt Sveinsson á móti Miðluninni. Innan íslenskrar stjórmálahugsunar liggur þungur straumur allt frá Benedikt Sveinssyni og síðar Skúla Thoroddsen og Landvarnarmönnum, straumur þeirra sem gera ítrustu kröfur í sjálfstæðismálum. Þetta er nauðsynleg rödd en hún má ekki alltaf vera ríkjandi.

Ýmislegt varð til þess að þessi straumur fann sér farveg innan sósíalistahreyfingarinnar fremur en annars staðar; hjá Skúla Thoroddsen fór saman ítrasta krafa um full réttindi þjóðarinnar og frjálslynd framfarahyggja í þjóðfélagsmálum, sem hann deildi raunar með Hannesi Hafstein, svona til að flækja málin enn frekar.

Út frá sjónarhóli Alþýðuflokksins reyndist rótgróið áhugaleysi foringja þess flokks um sjálfstæðisstjórnmál – alþjóðahyggja þeirra – koma í veg fyrir að flokkurinn yrði það afl í íslenskum stjórnmálum sem til stóð. Foringjarnir litu út sem lyddur gagnvart erlendu valdi í augum hugsanlegra kjósenda – í Natómálinu og Herstöðvamálinu, þó að þeir hefðu vissulega þjóðarheill að leiðarljósi og fylgdu sömu stefnu og kratar annars staðar á Norðurlöndunum, sem voru jafnvel enn eindregnari andkommúnistar.

Íslenskum kommúnistum tókst að breyta sér í eitthvað annað með hjálp þjóðrækninnar – einhvers konar þjóðhyggjuflokk – einhvers konar krata. Þegjandi og hljóðalaust hættu þeir að aðhyllast byltingu og ríkiseign allra framleiðslutækja og Eðvarð fór að vinna með Bjarna Ben í bróðerni að því að útrýma vondum húsakosti – einhvers konar kratar sem sé og þó ekki alveg, því ekki er til verra skammaryrði í munni gamals komma en að segja að einhver sé „krrraaaaathi“ – heitið er beinlínis urrað – og eins var undirlægjuháttur margra foringja íslenskra kommúnista gagnvart Sovétkommúnismanum furðu lífseigur, jafnvel eftir að óhæfuverkin tóku að koma í ljós. En þeir voru sem sé harðir í horn að taka og stóðu með þeim fátæku gegn þeim ríku, þeim valdalausu gegn valdhöfunum og þessi varðstaða færðist yfir á varðstöðu um réttindi þjóðarinnar gagnvart ofríki erlendra hervelda.

Kratarnir voru deigir – eða höfðu þannig áru. Vissulega áttu þeir sínar verkalýðshetjur sem dáðar voru af allri alþýðu – Jóhönnu Egilsdóttur, Héðin, Hannibal og fleiri og fleiri en smám saman fékk flokkurinn það yfirbragð að vera lítill hægriflokkur, alveg eins og Framsókn var eftir sína stjórnartíð með íhaldinu og Samfó hefði orðið ef sú stjórn hefði haldið áfram.

Sem sé: þetta er ekki auðvelt. Sagan er eflaust stundum eins og myllusteinn um hálsinn á því fólki sem nú fyllir flokkana sem komu í stað Alþýðubandalags og Alþýðuflokks. Vandinn er sá að láta þennan arf hvíla á sínum stað – vita af honum, bera virðingu fyrir því fólki sem á undan fór – en átta sig um leið á því að hugsunarháttur þess á ekki lengur við.

Frá miðri tuttugustu öldinni hafa sjálfstæðisstjórnmálin sundrað vinstri mönnum á Íslandi – ágreiningur um stað Íslands í samfélagi þjóðanna. Fyrst vildu kommúnistar að Ísland tæki sér stöðu með leppríkjum Sovétríkjanna og síðan settu arftakar þeirra fram hugmyndir um að Ísland skipaði sér í lið með arðrændum ríkjum þriðja heimsins – einn leiðtogi Alþýðubandalagsins vildi að Ísland gengi í Asíu – allt nema Evrópu – en nú á dögum tala menn í VG helst um að Ísland eigi heima meðal norrænu ríkjanna, en þangað hafa einmitt kratar einatt litið eftir leiðsögn. Þannig að þetta þokast á sama stað. Systurflokkar VG á Norðurlöndum eru raunar áhugasamir um Evrópusamstarf (eins og meirihluti kjósenda VG líka) og innan flokksins eru ýmsir sem deila þeirri skoðun með Samfylkingarfólki að aðildin að ESB sé einmitt stærsta sjálfstæðismálið. En hann er þungur þessi straumur sem liggur frá Benedikt Sveinssyni að hamast gegn Miðluninni – sá óbilgjarnasti og tortryggnasti í garð útlendinga verður ævinlega hávært afl í íslenskum stjórnmálum.

En við skulum muna það – kæru félagar í Samfylkingu og Vinstri grænum – að á meðan vinstri menn á Íslandi voru að rífast um Uppkastið komu hægri menn á fót kvótakerfinu og festu hér í sessi rammari og ranglátari stéttaskiptingu en annars staðar á Norðurlöndum.

Og hitt: A-flokkarnir eru dauðir. Nýtt fólk – ný kynslóð – þarf nú að bjarga Íslandi.

## Ný stjórn VR og staðan í dag

**UMRÆÐA**
MÁLEFNI VR

Kæru VR-félagar, eins og okkur er flestum kunnugt tók nýr formaður ásamt nýrri stjórn við eftir síðustu kosningar. Nýja forustan sem kennir sig við lýðræði og umbætur boðaði róttækar breytingar í félaginu sem átti meðal annars að felast í meiri sýnileika á meðal félagsmanna.

Tveir mánuðir eru nú liðnir frá því ný stjórn og formaður hlutu kosningu og enn hefur ekkert til þeirra spurst. Á sama tíma berast okkur reglulega fréttir af félögum okkar sem margir hverjir búa við erfið kjör. Samkvæmt fréttum á heimasíðu VR eru atvinnulausir félagar okkar nú rúmlega 10%. Það eru álíka margir og tóku þátt í síðustu kosningum félagsins. Þrátt fyrir það heyrist lítið frá núverandi formanni okkar og nýrri stjórn.

Til að bæta gráu ofan á svart er sú staða komin upp að 40% af atvinnulausum félagsmönnum VR kjósa að greiða ekki félagsgjöld af bótum sínum. Það eru skýr skilaboð til formanns og stjórnar þess efnis að félagsmenn telji hagsmuni sína ekki bættari með aðild að VR. Sennilega má einnig draga þá ályktun að félagsmenn eru í auknum mæli að missa traust sitt á félaginu og forustu þess. Varla er við öðru að búast þegar framkoma við félagsmenn er með þessum hætti. Enn bólar ekkert á sýnileikanum og vinnustaðaheimsóknunum, sem voru hins vegar tíðar í kosningabaráttunni.

Ég vil nota tækifærið og benda á hversu afleitt ástandið er orðið. Það segir sig alveg sjálft að félagsmenn sem ekki greiða félagsgjöld tapa dýrmætum réttindum sem eru margfalt verðmætari en sú upphæð sem greiða á í félagsgjöld. Ég skora því á stjórn og formann VR að vakna af þyrnirósarsvefninum og bregðast við þessari afleitu þróun með AÐGERÐUM.

Ég vil einnig nota tækifærið og skora á félagsmenn í VR að krefjast þess að haldinn verði félagsfundur hið fyrsta til að krefjast svara. Við þögn og þetta aðgerðaleysi verður ekki búið lengur!

*Höfundur er trúnaðarmaður VR á vinnustað.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


50 þúsund skattfrjálsir vinningar á árinu
www.das.is
BMW
DAS
6 stk.
BMW 318i
+ 5,2 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!
eða
5,2 milljónir
beint í vasann
+ 5,2 milljónir í hinn vasann
á tvöfaldan miða!
17 stk.
Vespa LX 125
+ 500 þúsund undir sætinu
á tvöfaldan miða!
eða
500 þúsund
beint í vasann
+ 500 þúsund í hinn vasann
á tvöfaldan miða!
Dregið á morgun!
dregið viku-lega!
52 útdrættir á árinu!
60 milljónir á mánuði
Aldraðir hafa átt allan okkar stuðning í áratugi.
Taktu þátt því þörfin er brýn. Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.
Kauptu miða á www.das.is
HAPPDRÆTTI das
Vinningur í hverri viku

**SALVADOR DALÍ FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1904.**

*„Eini munurinn á mér og andlega veikum manni er sá að ég er ekki andlega veikur.“*

***Salvador Felipe Jacinto Dalí Domènech var spænskur listamaður sem aðallega er þekktur fyrir fíngerð súrrealísk málverk en fékkst líka við höggmyndalist, ljósmyndun og fleira. Hann hafði lag á að draga að sér athygli vegna sérviskulegrar hegðunar og stíls. Dalí lést 23. janúar árið 1989.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. MAÍ 1955

## Kópavogur verður kaupstaður

Kópavogur er sveitarfélag og bær á höfuðborgarsvæðinu. Bærinn dregur nafn sitt af voginum sunnan við Kársnes. Sveitarfélagið er hið næstfjölmennasta á Íslandi, með 28.665 íbúa (2008).



Þar var Kópavogsfundurinn haldinn árið 1662, en allt fram á 20. öld voru í Kópavogi einungis nokkrir bústaðir og býli og uppbygging hefst þar ekki fyrr en í kreppunni miklu upp úr 1930.

Svo var það á þessum degi árið 1955 að Kópavogur varð kaupstaður, en hafði sjö árum áður orðið hreppur við aðskilnað frá Seltjarnarneshreppi. Saga Kópavogs sem bæjarfélags er því ekki löng.

Fyrst var kosið í bæjarstjórn í október 1955 eftir að kaupstaðarréttindi tóku gildi í maí það ár. Líkt og í öllum þremur hreppsnefndarkosningunum hélt meirihluti Framfarafélagsins um stjórnvölinn eftir það undir forystu Finnboga Rúts Valdimarssonar og það var ekki fyrr en 1962 að breyting varð á þegar Framsóknarflokkurinn gekk í lið með þeim til að mynda meirihluta og svo síðar Sjálfstæðisflokkurinn.

Undir lok 20. aldarinnar og í byrjun 21. aldar hófst mikil uppbygging í Kópavogi.

### MERKISATBURÐIR

**1721** Kötlugos hefst með jarðskjálfta og miklum drunum, sem heyrast allt norður í Eyjafjörð. Gosmökkurinn sést víða að.

**1777** Hannes Finnsson er vígður Skálholtsbiskup 38 ára að aldri. Hann gegnir biskupsembætti til æviloka.

**1911** Knattspyrnufélagið Valur í Reykjavík er stofnað af fjórtán drengjum í KFUM.

**1946** Slysavarnafélag Íslands tekur í notkun nýja björgunarstöð í Örfirisey í Reykjavík. Mikill mannfjöldi er viðstaddur vígslu hennar.

**1949** Nafni landsins Síam er breytt í Taíland.

**1949** Leikrit Shakespeares, Hamlet Danaprins, er frumflutt í Iðnó.



†

*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Jón Jóhann Haraldsson**

Barrholti 11, Mosfellsbæ

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju mánudaginn 11. maí, kl. 15.

**Edda Dagbjartsdóttir**
**Hrannar Jónsson, Kristín Þórðardóttir**
**Helga Jónsdóttir, Sigurjón Jónsson**
**Jón Þór Hrannarsson**
**Kolbrún Sif Hrannarsdóttir**
**Jón Otti Sigurjónsson**
**Axel Óli Sigurjónsson**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Helga Hjartardóttir**

Seljahlíð, Hjallaseli 55, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 12. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktarsjóð Blindrabókasafns Íslands.

**Guðborg Jónsdóttir Þórarinn Lárusson**
**Örn Jónsson Elín Jóhanna Elíasdóttir**
**Ólafur Jónsson Guðbjörg Árnadóttir**
**Bjarni Jónsson Lilja Steinunn Svavarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðný G. Ólafsdóttir (Lóa)**

Hæðargarði 35,

lést fimmtudaginn 7. maí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Hilmar Jónsson Jóhanna Gunnlaugsdóttir**
**Reynir Jónsson Kristín Sigurðardóttir**
**Stefán Úlfarsson Bjarklind Guðlaugsdóttir**
**Guðný Hrönn Úlfarsdóttir Heimir Helgason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Stefáns Halldórssonar,**

bónda á Hlöðum í Hörgárdal.

Sérstakar þakkir til starfsfólks lyfjadeildar Sjúkrahússins á Akureyri og Heimahjúkrunar fyrir góða umönnun.

**Anna Jónsdóttir og fjölskylda.**



**NÝJUNG FYRIR FJÖLSKYLDUR** Páll Guðmundsson og Auður Kjartansdóttir, kona hans, til hægri með barnavagninn í góðum gönguhópi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FERÐAFÉLAG ÍSLANDS:** BÝÐUR UPP Á SÉRSTAKAR GÖNGUFERÐIR FYRIR BARNAFÓLK

# Léttar og þægilegar gönguferðir fyrir fjölskyldufólk

Ferðafélag Íslands, skammstafað FÍ, býður upp á skipulagðar gönguferðir fyrir barnafólk með barnavagna og kerrur í þessari viku. Ferðirnar hefjast allar klukkan fjögur, en í dag er lagt af stað frá Perlunni og gengið um Öskjuhlíð.

„Þetta er í fyrsta sinn sem við efnum til gönguferða sérstaklega fyrir barnafólk,“ segir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri FÍ, og bendir á að þessi nýjung hjá ferðafélaginu sé liður í því að ná til stærri og jafnframt yngri hóps.

„Við hvetjum fólk til að fara út að ganga með börnin og njóta þess um leið að vera úti í fallegri náttúrunni og góðum félagsskap,“ segir Páll og nefnir að hver gönguferð taki um 75 til 90 mínútur.

En hvaðan kom hugmyndin? „Ég og Auður, kona mín, eignuðumst strák í haust og okkur þótti vanta vettvang fyrir barnafólk til að hittast. En norska ferðafélagið hefur staðið að barnavagnagöngum sem þessum við miklar vinsældir,“ segir hann og bætir við að ef viðtökurnar verða góðar eftir vikuna sé stefnt á að stofna Ferðafélag barnanna.

Að sögn Páls byrja allar gönguferðirnar á stöðum þar sem aðgengi er gott. Enda þarf að hugsa fyrir öllu þegar lítil börn eru annars vegar,“ segir hann. „Þetta eru frekar léttar og þægilegar gönguferðir. Farnar verða leiðir sem margir hafa örugglega ekki prófað fyrr. Fólk þorir kannski ekki að fara í gönguferðir með barnavagna eða kerrur á staði sem það hefur ekki farið á áður.“

Þannig hefst ferðin á morgun við Árbæjarlaug og verður farið um Elliðaárdalinn. Gengið er frá Sundlaug Seltjarnarness og um Gróttu á miðvikudag. Gengið verður frá Smáraskóla í Kópavogi á fimmtudag og í kringum Suðurhlíðarnar. Vikunni lýkur síðan með því að lagt verður af stað frá Húsdýra- og fjölskyldugarðinum í Laugardal á föstudag. Gengið verður um Laugardal og Grasagarðinn og öllum boðið í Húsdýra- og fjölskyldugarðinn.

Undanfarna daga hefur Páll frétt af fólki sem finnst þetta framtak mjög spennandi og á hann von á góðri þátttöku. Hann bendir sérstaklega á að ekki þurfi að skrá sig í ferðirnar þar sem þátttaka sé ókeypis. Allar nánari upplýsingar eru á heimasíðu Ferðafélags Íslands, www.fi.is. **vala@frettabladid.is**

# Börnin til veiða í Elliðaánum

Börnum félagsmanna í Stangaveiðifélagi Reykjavíkur er í sumar boðið að renna frítt fyrir lax í Elliðaánum. Að því er segir á vef félagsins er þetta framhald á venju undanfarinna ára.

„Börnin eru sett í hendurnar á vönum mönnum sem leiða þau í sannleikann um leyndardóma Elliðaánna og hvernig bera skuli sig að við veiðarnar,“ segir á svfr.is. „Að veiðinni lokinni bíður hópsins grillveisla við veiðihúsið.“ Einnig kemur fram að fjórir dagar verði í boði og að fjöldi þátttakenda sé takmarkaður. **- gar**



**VIÐ ELLIÐAÁR** Ætlunin er að veiða en ekki synda í Elliðaánum í sumar.



**HVÍTIR SOKKAR** eiga það til að verða gráir með tímanum. Gott húsráð er að sjóða sokkana í vatni með nokkrum sítrónusneiðum, en sítrónan þykir náttúrulegt bleikiefni. Þá er einnig talið að sápuduft fyrir uppþvottavélar geti hjálpað til að sokkarnir fái sinn upphaflega lit.




Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadrefing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.




Hér mundar Jón Torfi trompetinn góða á æfingu með Varsjárbandalaginu sem mun næst leika á sýningunni Orbis Terræ – ORA í Þjóðmenningarhúsinu. Eins konar flóttamannabúðir verða skapaðar og framinn gjörningur um landamæri og skrifræði í leiksýningu um stríðsmenningu. MYND/ÁSLAUG SNORRADÓTTIR

# Lúðurinn er límið sem heldur tilverunni saman

**Heimilislíf Jóns Torfa Arasonar er svo sannarlega fjörugt á stundum en hljómsveitin Varsjárbandalagið hittist af og til heima hjá honum og æfir sig. Þar leikur Jón Torfi á trompet sem hefur fylgt honum lengi.**

„Myndin er bara tekin á venjulegu fimmtudagskvöldi,“ segir Jón Torfi Arason, ríkisstarfsmaður og trompetleikari með meiru, og brosir í kampinn. Trompetinn er hans uppáhaldshlutur á heimilinu. „Þetta er límið í minni tilveru,“ segir Jón Torfi. „Trompetinn hefur fylgt mér sama hvert ég flyt en ég hef átt lúður frá því að ég var um sjö ára gamall. Ég var í Lúðrasveit Stykkishólms og hef tengst alls konar lúðrastandi í gegnum tíðina.“

Jóni Torfa þykir notalegt að hafa ýmis hljóðfæri í kringum sig. „Ég spila ekki sérstaklega mikið á þau öll en gríp þó oft í gítarinn,“ segir hann og bætir við glettinn að annars búi hann í dæmigerðri piparsveinaíbúð. „Hér er tómur ísskápur og mikill þvottur en hljóðfærin eru einna mest áberandi og safna mismiklu ryki. Annars eru stundum hljómsveitaræfingar í stofunni.“

Þessa dagana æfir Jón Torfi stíft með hljómsveitinni Varsjárbandalaginu en þau munu næst leika á sýningunni Orbis Terræ – ORA sem haldin verður í Þjóðmenningarhúsinu á Listahátíð í Reykjavík. „Ég kom þar inn fyrir stuttu því það vantaði lúður en ég og Sigga Ásta, sem spilar á harmonikku, vorum áður saman í hljómsveitinni Jón og Massey Fergussynir þar sem ég spilaði á gítar. Varsjárbandalagið leikur hins vegar hressa austantjaldstónlist sem hæfir vel sýningunni,“ segir hann en sýningin gengur töluvert út á að áhorfendur taki þátt í leikverkinu. „Þetta snýst um flóttamenn og stríðshrjáða menningu. Gestir fá til dæmis vegabréf sem framvísa þarf á milli herbergja,“ útskýrir hann.

„Frumsýningin er 16. maí en sex sýningar eru í boði næstu tvær vikur þar á eftir. Hljómsveitin verður svona hér og þar um húsið og tónlistin er vel til þess fallin að skapa réttu stemninguna bæði í anda og útliti,“ segir Jón Torfi en nánari upplýsingar um Orbis Terræ – ORA má finna á vefsíðu Listahátíðar í Reykjavík, www.listahatid.is.

Varsjárbandalagið verður auk þessa með tónleika 28. maí næstkomandi með Hjörleifi Valssyni fiðluleikara og Vadim Fedorov harmonikkuleikara í Bæjarbíói í Hafnarfirði. „En ef fólk vill fá okkur til að spila er hægt að senda tölvupóst á varsjarbandalagid@mikkivefur.is en svo erum við líka með síðu á Facebook. Það er ágætt að spila stundum annars staðar en í stofunni heima,“ segir Jón Torfi og brosir.

*hrefna@frettabladid.is*


Meirapróf

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 5670300
NÝTT NÁMSKEIÐ HEFST 13. MAÍ

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

BÍLKÓ
TVENNA
Tilboð
Umfelgun á tilboði
Sumardekk á tilboði
-15% afsláttur af smurvinnu
olís
VIÐ NOTUM AÐEINS GÆÐAVÖRU FRÁ VIÐURKENNDUM AÐILUM
-20%
Takirðu bæði tilboðin í einu færðu 20% afslátt vinnu við smur!
BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110



ULLARSELIÐ Á HVANNEYRI er verslun með vandað handverk og ullarvörur úr íslenskri ull. Ullarselið er opið á sumrin alla daga frá 12 til 18 www.ull.is







**Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.**

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áranlangri reynslu.

Rafhitun
Rafhitarar fyrir heita potta

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi"


# Matjurtarækt í kreppunni

**Áhugi á matjurtarækt hefur aukist til muna ef marka má aðsókn í græn námskeið garðyrkjufræðinganna Auðar I. Ottesen og Jóns Guðmundssonar sem kenna ræktun matjurta, kryddjurta, berja og ávaxtatrjáa.**

Garðyrkjufræðingarnir Auður I. Ottesen og Jón Guðmundsson hafa frá því í febrúar haldið námskeið í ræktun matjurta, kryddjurta, berja og ávaxtatrjáa og hafa viðbrögðin verið vonum framar.

„Ég held að við séum búin að kenna hátt í fjögur hundruð manns á þessum stutta tíma og man ég ekki eftir öðrum eins áhuga á mínum þrjátíu ára ferli sem garðyrkjufræðingur. Í góðærinu sýndu sárafáir áhuga á matjurtarækt og var kartöflurækt í heimagörðum nánast aflögð. Nú er svo sannarlega annað upp á teningnum og má kalla þetta ánægjulega afleiðingu kreppunnar," segir Auður.

Á námskeiðunum er farið ítarlega í tegundir og ræktun og hvernig eigi að bera sig að við íslenskar aðstæður. „Þá förum við yfir ræktun á svölum, í litlum görðum, stærri görðum, í sumarhúsalandinu og í matjurtagörðum. Við styðjumst við glærur auk þess sem við sýnum nauðsynleg áhöld og plöntur sem búið er að forrækta. Síðan bjóðum við þeim sem sækja námskeiðin að senda okkur spurningar ef þeir lenda í vandræðum og hafa margir nýtt sér það."

Nýtt matjurtanámskeið hefst á miðvikudag og segir Auður allra síðustu forvöð að sá grænmetisfræi á næstu dögum enda aðal sáningartíminn í apríl. En þær



Garðyrkjufræðingarnir Jón og Auður í garði Auðar við kirsuberjatré sem er alveg að fara að springa út. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

plöntur sem þarf ekki að forrækta og er hægt að sá beint út, eins og gulrætur, salat og fleira, má sá í maílok.Á mánudag hefst svo námskeið í ræktun ávaxtatrjáa en um hana er Jón einna fróðastur. Í garði sínum á Akranesi, sem er steinsnar frá flæðarmálinu, ræktar hann epli, kirsuber, plómur og perur með góðum árangri

„Ég hef verið með tilraunastarfsemi í garðinum um margra ára skeið og prófa alls kyns ávexti og matjurtir. Ég hef viðað að mér harðgerðum tegundum og reynt að finna út hvað hentar fyrir íslenskar aðstæður. Það er mikill breytileiki á milli tegunda og eru sumar fyrirfram vonlausar. Ég reyni helst að ná í duglegar sortir frá Norðurlöndunum og Kanada og prófa mig áfram." Jón segir sumar tegundir harðgerðar og þola allt að 30 til 40 gráðu frost og því sé ekki um neinar hitabeltisplöntur að ræða. „Mörg epla- og kirsuberjatré þrífast ágætlega norður fyrir heimskautsbaug í Noregi og vantar í raun bara tiltrúna hér á Íslandi."

*vera@frettabladid.is*


Rauðakrosshúsið

Ókeypis námskeið og ráðgjöf

VIKUNA 11. – 15. MAÍ

Mánudagurinn 11. maí

Sálrænn stuðningur - Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks. Tími: 12.30-14.00.

CCP á Íslandi - Helstu vörur CCP verða kynnar þá sérstaklega EVE Online en einnig verður fjallað um í hverju vinna hjá fyrirtækinu felst en CCP er að fjölga starfsmönnum hjá sér. Tími: 14.00-14.30.

Prjónahópur - Við ætlum að koma saman, prjóna, hekla, fá okkur kaffi og hafa það notalegt. Tími: 13.00-15.00.

Gítarnámskeið fyrir byrjendur - Láttu drauminn rætast og dustaðu rykið af gítarnum. Sex vikna námskeið. Farið verður í undirstöðuatriði vinnukonugripanna og gítarinn stilltur og yfirfarinn. Skráning nauðsynleg. Tími: 15.00-16.00.

Þriðjudagurinn 12. maí

Grundvallaratriði kínverskrar matargerðar Helstu hráefni og aðferðir kínverskrar matargerðar kynntar. Smakk í lokin. Tími: 12.30-14.00.

Áhugasviðskönnun Ef þú hefur ákveðið starf eða nám í huga getur könnunin staðfest hugmyndir þínar. Skráning nauðsynleg. Tími: 13.00-14.30.

Tímaskipulag og markmið Hagnýtt námskeið þar sem hver og einn fær leiðbeiningar og aðstoð við að skipuleggja tímann sinn.Tími: 14.30-15.30.

Verkefni Rauða kross Íslands Stutt kynning og umræður um helstu verkefni félagsins hér á landi. Tími: 15.30-16.30.

Miðvikudagurinn 13. maí

Ræktun krydd- og matjurta - Hagnýtar leiðbeiningar um ræktun og meðhöndlun helstu krydd- og matjurta. Tími: 13.00-16.00.

Tölvuaðstoð - Komdu í heimsókn og fáðu persónulega aðstoð. Tími: 13.30-15.30.

Bókaklúbbur - Spjallað um bókina "Kvenspæjarastofa númer 1" eftir Alexander McCall Smith. Tími: 14.00-15.00.

Gönguhópur - Stafganga Tími: 15.00-16.00.

Slökun og öndun - Tími: 16.30-17.00.

Fimmtudagurinn 14. maí

Föndur, skrapp myndaalbúm - Lærðu að búa til skrautleg og skemmtileg albúm. Tími: 13.00-15.00.

Uppeldi sem virkar; færni til framtíðar - Foreldranámskeið (þriðji hluti af þremur). Tími: 13.00-15.00.

Jóga - Viltu prufa jóga? Tími: 15.00-16.00.

Starf með hælisleitendum á Íslandi - Sjálfboðaliðar óskast! - Kynning á sjálfboðaliðaverkefni hjá Hafnarfjarðardeild. Um er að ræða verkefni með hælisleitendum, s.s. heimsóknarþjónustu, félagsstarf og réttindagæslu. Krefjandi verkefni fyrir 23ja ára eða eldri með góða tungumálakunnáttu. Tími: 16.00-17.00.

Föstudagurinn 15. maí

Bingó - Ókeypis bingó og veglegir vinningar í boði. Allir velkomnir. Heitt kaffi á könnunni og vöfflur í boði hússins. Tími: 13.00-15.00.

Hláturjóga - Hláturjóga getur hjálpað til við að auðga lífið. Tími: 15.30-16.30.

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17




Álstóllinn Lockheed Lounge seldist á metverði.

# Toppverð fyrir stól

**Stóll úr smiðju Marc Newson var seldur á dögunum fyrir 1,1 milljón punda sem er metverð.**

Álstóllinn Lockheed Lounge frá árinu 1988 eftir hönnuðinn Marc Newson komst í fréttirnar fyrst þegar söngkonan Madonna notaði hann í tónlistarmyndband árið 1999 fyrir lag sitt Rain. Hann var seldur fyrir skömmu á uppboði í London fyrir 1,1 milljón punda eða um 208 milljónir króna. Þetta er talið hæsta verð sem fengist hefur fyrir nútímahönnunarverk.

Uppboðið fór fram hjá Phillips de Pury & Co en stóllinn hafði verið metinn á um 500 þúsund til 700 þúsund pund. Hæsta boðið barst frá ónefndum aðila í gegnum síma. Forvitnilegt er að stóllinn var fyrst boðinn upp árið 1999 en þá vildi enginn kaupa en matsverð var þá um 50 þúsund pund.

Marc Newson er ástralskur hönnuður sem starfar í London. Verk hans þykja einstök enda fékkst einnig toppverð fyrir tvö önnur verka hans. Í júní 2006 var álíka dívan seldur hjá Sotheby í New York fyrir 968 þúsund dollara og enn eitt verkið á svipuðum nótum seldist hjá Christie's í London í október árið 2007 fyrir 748 þúsund pund.

*Frétt af www.designws.com*

## Nýr stóll frá Heyon

JAIME HAYON OG CECCOTTI KYNNTU AFRAKSTUR SAMSTARFS SÍNS Í MÍLANÓ Á DÖGUNUM.



Spænski hönnuðurinn og listamaðurinn Jaime Hayon kynnti nýja húsgagnalínu á nýafstaðinni húsgagnaráðstefnu í Mílanó. Þetta er fyrsta samstarfsverkefni Hayon við ítalska húsgagnaframleiðandann Ceccotti.

# fasteignir




**Stórar eignalóðir fyrir frístundabyggð í landi Kílhrauns í Skeiða- og Gnúpverjahreppi**



*Komdu og veldu þér þinn eigin sælureit*
*Frábær fjallasýn • Góð greiðslukjör*
**www.kilhraunlodir.is**
**Sölumenn veita nánari upplýsingar í síma 824 3040 og 893 4609**



**HÖFÐI**
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

**Óskum eftir góðri c.a. 100 fm íbúð til leigu í skamman tíma fyrir traustan viðskiptavin okkar.**

Íbúðin þarf að vera staðsett miðsvæðis í Reykjavík og vera fullbúin húsgögnum.
Traustur leigutaki og greiðsla í erlendri mynt.

**Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða gsm. 892-7798.**

**Einbýlishús óskast í Grindavík, í skiptum fyrir 3ja herb. íbúð í Reykjavík.**

**Uppl. veitir Runólfur á Höfða, gsm. 892-7798.**

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast. Ásmundur Skeggjason lögg. fast.




Garðurinn er fallegur og vel gróinn en stór afgirt verönd er fyrir framan húsið.

# Á fallegum útsýnisstað

**Fasteignasalan Eignamiðlun hefur til sölu 168 fermetra, tveggja hæða raðhús í Fjallalind í Kópavogi.**

Húsið er endaraðhús innst í botnlangagötu með innbyggðum bílskúr. Það er sérlega bjart og er á þremur pöllum.

Komið er inn í flísalagða forstofu. Innangengt er í bílskúrinn úr forstofu og er hann flísalagður. Þar er gott geymsluloft og fjarstýrður hurðaropnari. Parketlagt hol er í húsinu með þakglugga sem veitir mikla birtu. Eldhúsið er flísalagt. Innréttingin er búin stáltækjum og tengi fyrir uppþvottavél. Mósaíkflísar eru á milli efri og neðri skápa en góður borðkrókur er við glugga. Úr eldhúsinu er útgengt út á stóra og mikla afgirta timburverönd.

Úr holi er gengið upp í stóra dagstofu með mikla lofthæð og parketi á gólfi. Þaðan liggja svalir og er mikið útsýni úr stofu og af svölum. Hjónaherbergi er á þessari hæð og er með fataherbergi og flísalögðu baðherbergi.

Úr holinu er einnig gengið niður í svefnálmu og undir stiganum er góð aðstaða fyrir tölvu. Þar eru þrjú svefnherbergi og er hægt að ganga úr einu þeirra út í garð. Herbergin eru öll parketlögð.

Þvottahús er rúmgott með flísum á gólfi, skolvaski og góðri vinnuaðstöðu. Stórt flísalagt baðherbergi er með baðkari, sturtu og innréttingu.

Allt parket er gegnheill hvíttaður askur. Lóðin er stór og í góðri rækt en afgirt timburverönd er fyrir framan húsið. Heimkeyrslan er hellulögð og upphituð.

Ásett verð er 56 milljónir en seljendur eru tilbúnir til þess að skoða skipti á 4ra herbergja (eða stærra) í Lindahverfinu.


**heimili**
FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

Sími 530 6500
Opið mán.–fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson og Bogi Pétursson löggiltir fasteignasalar

Fasteignasala fólksins í landinu




**Kirkjustétt. - 5 herbergja.**
Nýleg vönduð 125 fm íbúð og stæði í bílskýli. fallegar innréttingar og gólfefni, fjögur svefnherbergi, góðar svalir og mikið útsýni. V. 31,0 Skipti á minni eign.




**Hraunbær - 5 svefnherb.**
Góð 120 fm íbúð á efstu hæð og aukaherbergi með baðherbergisaðstöðu í kjallara. Alls fimm svefnherbergi. V. 24,5 m. Seljandi leitar að dýrari eign/sérbýli.




**Mýrarsel - Aukaíbúðir.**
Gott 300 einbýlishús með tveimur auðaíbúðum til útleigu. Húsið er á þremur hæðum. Í kjallara er 3ja herb íbúð með sérinngangi og svo stúdíóíbúð í hluta af bílskúr.




**Prestbakki - Aukaíbúð.**
Gott mikið endurnýjað 211 fm raðhús með innbyggðum bílskúr og aukaíbúðarrými í kjallara. V. 42 m. Áhv 34 m. Makaskipti á minni fasteign




**Fjallalind -Parhús.**
Gott 190 fm hús með innbyggðum 25 fm bílskúr. Fjögur góð svefnherbergi og glæsilegur bakgarður í suður. Makaskipti á minni eign.



**Úthlíð - glæsileg 3ja.**
Um 80 fm mikið endurnýjuð íbúð á jarðhæð með útgangi út á lóð. Fallegar innréttingar og gólfefni. Nýtt eldhús og bað. Verð 23,9 millj.




**Melar vesturbæ - stór sérhæð, skipti.**
Höfum um 150 fm sérhæð á Melunum. Eigandi óskar eftir minni hæð í skiptum á svipuðu svæði. Nánari uppl. á skrifstofu.



**Leirubakki - aukaherb í kjallara.**
Góð 120 fm 5 herbergja íbúð á 2. hæð í álklæddu fjölbýlishúsi. Aukaberbergi í kjallara. V 24,5 m.



**Hamraborg - 2ja herbergja.**
Rúmgóð vel skipulögð 60 fm íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi og stæði í bílskýli. Stórar svalir meðfram allri íbúðinni. V. 14,5 m



**Flétturimi - 2ja herbergja.**
Góð 65 fm íbúð á 3. hæð með vestur svölum. Góðar innréttingar og gólfefni.. V. 15,0 m Áhv 12 m frá Íls. Laus strax




**Rauðagerði - 2 íbúðir**
Í einkasölu mjög gott einbýlishús 224 fm með innbyggðum tvöföldum bílskúr og aukaíbúð með sérinngangi. Eign sem hefur marga möguleika.



**Jöklafold - 2ja herb með bílskúr.**
Góð 65 fm íbúð á efstu hæð og 18 fm bílskúr meðfylgandi. Húsið nýlega viðgert og málað að utan ásamt samegin og stigangi. V. 19,5 m



**Sóltún.**
Glæsileg 2ja herbergja 75 fm íbúð á jarðhæð í álklæddu lyftuhúsi. Íbúðin er rúmgóð björt og vel skipulögð. V. 22,5 m. Áhv 18,7



**Viltu hafa makaskipti ?**
Nú er tíminn til makaskipta. Fjöldi aðila vill minnka eða stækka við sig. Óskum þess vegna eftir eignum á skrá, sérstaklega einbýlum, parhúsum og raðhúsum. Nánari uppl. á skrifstofu.

**Heimili Fasteignasala • Skipholt 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is**

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

## ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## HÖFUM FJÖLDA STÆRÐA OG GERÐA ATVINNUHÚSNÆÐIS TIL LEIGU Á SKRÁ



### Efstilundur -Garðabæ.

195,5 fm mikið endurnýjað einbýlishús að meðt. bílskúr vel staðsett við opið svæði. Eldhús með nýrri innréttingu og tækjum, stórt hol/sjónvarpshol, rúmgóðar stofur og endurnýjað þvottaherb. og baðherbergi. Ný gólfefni, flísar og parket. Stór verönd með skjólveggjum og heitum potti. **Laust fljótlega. Verð 54,9 millj.**

### Nýtt heilsárshús við Þingvallavatn

Glæsilegt 106 fm heilsárshús innan þjóðgarðs Þingvalla með gríðarlega fallegu útsýni yfir Þingvallavatn og til fjalla. Húsið er innréttað á afar vandaðan og smekklegan hátt. Stórir gólfsíðir gluggar á þeim hluta hússins er snýr að vatninu og um 50 fm. útirými er við húsið sem snýr í suðvestur. Umhverfi hússins, aðkoma og lóð hönnuð af landslagsarkitekt.

**EIGN Í ALGJÖRUM SÉRFLOKKI**



### Ægisíða- 4ra herb. útsýnisíbúð

Glæsileg 111,3 fm íbúð á 3. hæð við opna svæðið við Ægisíðuna auk sér geymslu í kjallara. Íbúðin skiptist í forstofu, stórt rými sem í eru hol og eldhús, stórar samliggjandi stofur með útsýni til sjávar, rúmgott hjónaherbergi með góðu skápaplássi, 2 barnaherbergi og baðherbergi. Stórar svalir til suðvesturs. **Verð 36,9 millj.**



### Grettisgata- nýuppgerð stúdíóíbúð. Laus til afhendingar strax.

Falleg, nýuppgerð 35,2 fm stúdíóíbúð í bakhúsi auk 5,1 fm sér geymslu. Ný innrétting í eldhúsi og rúmgóð stofa með svefnaðstöðu. Aukin lofthæð í íbúðinni 2,65 m. Íbúðinni fylgir 5 fm útigeymsla. **Laus strax. Verð 11,2 millj.**

**EINBÝLISHÚS ÓSKAST Í LAUGARÁSI**

**MÁ ÞARFNAST VIÐGERÐA**



### Brekkusmári-Kópavogi.

206,9 fm raðhús að meðt. 32 fm bílskúr. Stofur með aukinni lofthæð og útg. á stórar flísalagðar svalir, bókastofa, eldhús með eldunareyju og stórum borðkrók, sjónvarpshol og 3 svefnherbergi. Glæsileg lóð með timburverönd til suðurs. Hiti í stéttum fyrir framan hús. **Vel staðsett eign á útsýnisstað. Skipti á einni eða tveimur íbúðum koma til greina.**



### Stekkjarflöt-Garðabæ.

Glæsilegt 184,3 fm einbýlishús að meðt. bílskúr. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum t.d. eldhús, aðalbaðherbergi og gólfefni. Stórar og bjartar stofur og 3 svefnherbergi. Falleg ræktuð lóð. Skjólgóð verönd til suðurs. **Stutt í skóla og íþróttasvæði. Laust fljótlega. Verð 51,0 millj.**



### Kársnesbraut-Kópavogi.

Gott einbýlishús á tveimur hæðum auk 40 fm bílskúrs í vesturbæ Kópavogs. Stofa/borðstofa með útg. í sólstofu með heitum potti og 5 herbergi. Samþykktar teikn. fyrir stækkun á efri hæð. Skemmtilegt hús með ýmsum möguleikum. **Skipti möguleg á stærri eign á svipuðum slóðum. Verð 34,5 millj.**



### Ásakór – Kópavogi. 5 herb.

5 herb. 154 fm íbúð á 3. hæð auk bílskúrs í nýju lyftuhúsi. Stofa og eldhús í opnu rými og 4 rúmgóð herbergi. Tvennar rúmgóðar og flísalagðar svalir. Gott útsýni.**Skólar, íþróttir og verslun í göngufæri. Laus til afh. strax. Áhv. 21,1 millj. v/Íbúðal.sj. Verð 34,9 millj.**



### Gvendargeisli. 4ra herb.

105,0 fm útsýnisíbúð á 3. hæð með sérinng. af svölum auk sér bílastæðis í bílageymslu. Opið eldhús, rúmgóð stofa og 3 herbergi. Þvottaherb. og geymsla innan íbúðar. Stórar svalir til suðausturs. **Áhv. hagstætt lán. Verð 25,7 millj.**



### Ljósheimar. 4ra herb.

Góð 94,6 fm íbúð á 1. hæð auk 4,7 fm geymslu í kj. Rúmgóð stofa og 2 herbergi. Þvottaherb. innan íbúðar. Svalir í vestur. **Sér inngangur af svölum. Verð 21,5 millj.**



### Galtalind-Kóp. 3ja herb.

102,6 fm endaíbúð á jarðhæð með sérinngangi og gluggum á þrjá vegu. Flísalagðar svalir til suðvesturs. Þvottaherb. innan íbúðar og sér geymsla í kjallara.**Fallegt útsýni til vesturs úr stofu. Verð 25,9 millj.**



### Kristnibraut. 3ja herb.

93,5 fm útsýnisíbúð á 3. hæð þ.m.t. sér geymsla í kj. Flísalagðar suðvestursvalir. Frábært útsýni til norðurs. Þvottaherb. innan íbúðar. **Laus fljótlega. Áhv. um 15,0 millj. við ÍLS. Verð 22,9 millj.**



### Hamraborg –Kópavogi. 2ja herb.

Til sölu eða leigu 51,5 fm útsýnisíbúð á 6. hæð. Svalir til suðvesturs. Glæsilegt útsýni. Sameiginlegt þvottaherb. á hæðinni. **Húsgögn og raftæki geta fylgt. Stutt í alla þjónustu. Afar góð kaup. Verð 11,9 millj.**



### Mávahlíð. 2ja herb.

Vel staðsett 37,5 fm íbúð m. sérinng. í Hlíðunum. Íbúðin er afar vel skipulögð og skiptist í forstofu, stofu, eldhúskrók, svefnkrók og baðherbergi. Sameign til fyrirmyndar. **Verð 12,9 millj.**



### Breiðavík- 3ja – 4ra herb. m bílskúr.

Góð 131 fm íbúð á 3. hæð auk sér geymslu og 19,2 fm bílskúrs. Rúmgott eldhús með útbyggðum gluggum, 2 rúmgóð herbergi, sjónvarpshol og stór stofa. Eikarparket og flísar á gólfum. **Stutt í skóla. Verð 33,5 millj.**

---



Telma Róbertsdóttir
Löggiltur fasteignasali
telma@husin.is



Kristín Sigurðardóttir
Löggiltur fasteignasali
kristin@husin.is

# Vilt þú…

## selja • skipta • kaupa

## Sími 511 5005

HÚSIN Í BORGINNI
FASTEIGNASALA

### Kleppsvegur -104 Rvk.



Íbúðin er 4ra herbergja 87,5 fm. á 8. og efstu hæð í vesturenda hússins. Aðeins 3 íb. á hæðinni. Lækkað verð. **19,8 m**

### Vættaborgir -112 Rvk.



Gott 205,6 fm. parhús á 2 hæðum með innb. 30,2 fm. bílskúr. Stutt í alla þjónustu. Ath. skipti á minni íbúð á svipuðum slóðum. **51,9 m**

### Klapparstígur - 101 Rvk.



Fallega 75,9 fm 2- 3ja herbergja Penthouse íbúð með stæði í bílageymslu. ***SKIPTI KOMA TIL GREINA*** **28,9 m**

### Gullengi - 112 Rvk.



Falleg 83,5 fm 3ja herb íbúð á 1. hæð með c.a 30 fm sólpalli. Stutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu. **** Skipti á stærri eign koma til greina **** **21,9 m**

### Mjóahlíð - 105 Rvk.



Góð 3ja herbergja 69,2 fm íbúð í kjallara. Eignin er laus fljótlega. ***Hægt að fá gegn yfirtöku lána*** **19,9 m**

### Hagamelur - 107 Rvk



Björt og skemmtileg 2ja herb. 43 ferm. íbúð á 1. hæð á góðum stað í veturbænum. Stutt í alla þjónustu og skóla. **14,9 m**

### Eyrarholt - 220 Hf.



Góð 70 fm 2ja herb íbúð á 1. með stórri verönd í litlu fjölbýli í Hafnarfirði. **Tilboð Óskast**

### Baugakór 18 - 203 Kóp



Falleg 114,7 fm 3ja herb. íbúð í lyftublokk á efstu hæð með tvennum svölum og stæði í bílageymslu. *** Öll tilboð skoðuð*** **Tilboð Óskast**

### Þórðarsveigur - 113 Rvk



Falleg 3-4ra herb. 101,2 ferm íbúð á jarðhæð ásamt stæði í bílageymslu.*****skipti óskast á rað - parhúsi í 112 og 113 hverfi*****LÆKKAÐ VERÐ **26,9 m**

### Lækjaberg 6 221 Hafnfj.



Falleg 3 herb. 79,8 fm neðri sérhæð með sérinngangi, tveimur sólpöllum, *** laus strax.*** **19,9 m**

### Tjarnarmýri - 170 Seltj.



Fallega 56 fm 2ja herb. íbúð á 1. hæð í nýlegu húsi. Gott verð **18,5 m**

### Hlíðarhjalli - 200 Kóp



Björt of snyrtileg 57,4 fm 2ja herb íbúð á 3. hæð. Fallegt útsýni. Húsin nýlega tekið í gegn að utan. Stutt er í leikskóla, skóla og þjónustu **17,9 m**

HÚSIN Í BORGINNI • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 511 5005 • www.husin.is

# EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson
lögg. fasteignasali

Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Félag Fasteignasala

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

## VANTAR ÍBÚÐIR TIL LEIGU

Vegna mikillar eftirspurnar vantar okkur allar gerðir íbúðar húsnæðis til leigu. Vinsamlegast hafið samband við Hilmar Þór Hafsteinsson löggiltan leigumiðlara. 4114

## Sandakur 2-24 í Garðabæ - ný verð








Ný verð á glæsilegum raðhúsum í Garðabæ Sérlega vel skipulögð og falleg raðhús á skjólsælum stað á miðri Arnarneshæðinni. Tvílyft húsin eru glæsileg ásýndum þar sem þau eru ýmist klætt áli eða harðviði. Húsin snúa á móti suð- suðvestri þannig að þau njóta sólar allan daginn. Húsin eru seld tilbúin til innréttingar.

**VERÐ FRÁ 41,0 MILLJ. TIL 43,0 MILLJ.**
**HÚSIN VERÐA TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17:00-18:30 8070**

## Fjallalind - endaraðhús með útsýni



Sérlega bjart og fallegt 168,6 fm endaraðhús með innbyggðum bílskúr. Húsið sem er á þremur pöllum er innsta hús í botnlangagötu - glæsilegt útsýni. Raðhúsið skiptist í forstofu, hol, eldhús, dagstofu, hjónaherbergi, klæðaherbergi, svefnherbergisgang, tvö baðherbergi, þrjú barnaherbergi, þvottaherbergi og bílskúr. V. 56,0 m. 4729

## Álfheimar - neðri sérhæð



5 herbergja 122,7 fm neðri sérhæð ásamt 28,7 fm bílskúr. Eignin skiptist í anddyri, hol, gang, eldhús, stofu, borðstofu, þrjú herbergi, þvottahús og baðherbergi. Sérgeymsla í kjallara og sameiginleg þvottahús. Svalir með tveimur útgöngum. V. 29,0 m. 4567

## Sóleyjarrimi - nýlegt raðhús



Falleg og vel skipulagt 208,1 fm nýlegt raðhús á tveimur hæðum. Eignin skiptist í á neðri hæð; forstofu, gestasnyrtingu, tvær stofur og eldhús. Á efri hæð; fjögur svefnherbergi, sjónvarpsstofu, baðherbergi og þvottaherbergi. Mikil lofthæð er á neðri hæðinni. Hiti er í gólfum. Afgirtur hellulagður suðurgarður. Hiti er í hellulögðu bílaplani. V. 54,0 m. 4697

## Vitastígur - Hafnarfjörður



Vel staðsett 3ja herbergja íbúð í kjallara. Íbúðin skiptist í anddyri, stofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi og eldhús. V. 12,3 m. 4733

## Skúlaskeið - Hafnarfjörður



Um er að ræða 3ja herbergja íbúð í 4-býli, sem skiptist í forstofugang, baðherbergi, tvö svefnherbergi, stofu og eldhús. Í kjallara er gott geymsluherbergi með glugga (er ekki skráð inn í fermetratölu íbúðar) auk sameiginlegs þvottaherbergis. V. 13,5 m. 4732

## Vantar stórt einbýlishús í Þ-selum

Traustur kaupandi óskar eftir 300-400 fm einbýlishúsi í Þ-selum í Seljahverfinu. Góðar greiðslur í boði fyrir rétta eign. Allar nánari upplýsingar veitir Kjartan Hallgeirsson í síma 824-9093.

## Einbýlishús í Vesturbæ eða Þingholtunum óskast

Traustur kaupandi óskar eftir 250-350 fm einbýlishúsi í vesturborginni eða Þingholtunum. Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign. Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali í síma 861-8514

## Eldri borgarar



**Skúlagata - 8. hæð** Falleg og björt 60,2 fm tveggja herbergja útsýnisíbúð á áttundu hæð við Skúlagötu fyrir 60 ára og eldri, glæilegt útsýni yfir sundin og vestur yfir borgina. Sér bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni. V. 20,5 m. 4716



**Sléttuvegur - 55 ára og eldri** Mjög falleg og björt 3ja herb. 84,6 fm íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi fyrir eldri borgara með glæsilegu útsýni til sjávar og yfir Kópavog. Íbúðin skiptist í hol, stórt svefnherbergi, geymslu, baðherbergi, tvær samliggjandi stofur, eldhús og svalir með glerlokun. V. 31,9 m. 4699

## Einbýli



**Ólafsgeisli - frábær staðsetning.** Mjög vel staðsett tvílyft 237,8 fm einbýlishús með 26,8 fm innbyggðum bílskúr. Húsið er staðsett innst inn í lokaðri götu og er útsýni mjög glæsilegt og stutt er út í óspillta náttúruna og Garfarholtsgolfvöllinn. Lóðin er fullbúin og m.a. með um 100 fm timburverönd, hellulögðu plani V. 64,0 m. 4704



**Bollagarðar - Seltjarnarnes** Glæsilegt einbýlishús með sjávarútsýni og innbyggðum bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, hol/gang, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús, fjögur herbergi, sjónvarpshol, geymslu og baðherbergi. Endurnýjuð lóð með afgirtri verönd og heitum potti. Allar innréttingar, gólfefni og skipulag er hið vandaðasta enda hefur húsið allt verið endurnýjað á síðustu árum. V. 65,0 m. 4640



**Dragavegur með tveimur íbúðum - SKIPTI** Vel staðsett 245 fm hús með tveimur íbúðum og bílskúr. Á efri hæð er 3-4ra herbergja íbúð og á neðri hæð er 3ja herbergja íbúð. Bílskúr er u.þ.b. 40 fm. Húsið er klætt að utan og hefur verið mikið endurnýjað m.a. innréttingar og tæki. Vel mögulegt að taka íbúð upp í sem greiðslu. V. 53,9 m. 7284

## Raðhús



**Árakur - Garðabær** Fullbúið glæsilegt 5 herbergja 232 fm raðhús í þessu nýja hverfi. Eignin skiptist í anddyri, bílskúr, 2 baðh., 2 stofur, eldhús, 3 svefnh., þvottah. og geymslu. Mögulegt að hafa allt að 5 svefnherbergi. V. 51,6 m. 7824

## Hæðir



**Rauðalækur - Eftir sérhæð og ris, útsýni.** Góð 193,7 fm efri hæð og ris með sérinngang í þríbýli við Rauðalæk í Reykjavík. Íbúðin hefur verið töluvert endurnýjuð. Þrennar svalir eru á íbúðinni. V. 49,0 m. 4734

## Hæðir



**Foldarsmári - neðri sérhæð** Glæsileg 149,7 fm neðri sérhæð með sérinngang ásamt sérstæðum bílskúr í smárahverfi Kópavogs. Aðkoma að húsinu er mjög góð og er þar stórt upphitað bílaplan. Garður í góðri rækt og sér timburverönd fylgir hæðinni. V. 41,3 m. 4721

## 4ra-6 herbergja



**Hamraborg - gott útsýni** Rúmgóð 4ra herbergja íbúð á 1. hæð. Íbúðin skiptist í stórt hol, stofu, eldhús, baðherbergi og þrjú svefnherbergi. Suður svalir eru á íbúðinni. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni. Í kjallara er sameiginleg opin bílageymsla þar sem allir íbúðirnar eiga stæði. V. 17,8 m. 4731



**Eiðistorg - 6. hæð** Glæsilegt útsýni yfir sjóinn - 5 herbergja 147 fm íbúð á 6. hæð í lyftuhúsnæði - Íbúð á einni hæð - bílskýli. Glæsilegt útsýni til norðurs yfir Akrafjall og Esju. V. 57,0 m. 4375



**Hagamelur- Möguleg auka íbúð** 4ra herbergja íbúð á tveimur hæðum í vesturbæ Reykjavíkur. Íbúðin er skráð 79,6 fm en þá er aðeins átt við neðri hæðina. Íbúðarherbegi með sérinngang fyrir ofan íbúðina er að sögn eiganda 13 fm. V. 21,9 m. 4727



**Kaplaskjólsvegur- Vesturbær** Góð ca 90 fm 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í versturbæ Reykjavíkur. V. 20 m. 4726



**Laugarnesvegur - falleg íbúð** Mjög góð og björt 4ra herbergja, 112,1 fm íbúð á 1. hæð. Íbúðin skiptist í hol, þrjú svefnherbergi, rúmgóða stofu, svefnherbergisgang, eldhús og baðherbergi. V. 24,0 m. 4717



**Lækjarsmári 2 - Laus strax** 4ra herbergja 111,7 fm íbúð á 6. hæð í fallegu viðhaldslitlu lyftuhúsi. Yfirbyggðar svalir. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, stofu, eldhús, 3 svefnherbergi, (búið að opna á milli tveggja) baðherbergi, og sérþvottahús. Áhv. 20 millj. frá Íls. V. 24,9 m. 4652



**Veghús - stór og rúmgóð** Falleg og rúmgóð 136 fm íbúð á tveimur hæðum ásamt 20,1 fm bílskúr, samtals 156,1 fm - mikið útsýni. Íbúðin skiptist í 4 svefnherbergi, 2 stofur, 2 baðherbergi, þvottahús og eldhús. Skipti möguleg á minni íbúð í Grafarvogi. V. 31,9 m. 4119

## 3ja herbergja



**Hrísrimi - barnvænt hverfi** Falleg og vel skipulögð 3ja herbergja 88,7 fm íbúð á jarðhæð með sér inngangi í barnvænu hverfi í Grafarvogi. Eignin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi, geymslu, stofu og eldhús. V. 21,4 m. 7570



**Flatahraun - nýleg íbúð** Glæsileg 70,2 fm 2ja herbergja á 4. hæð í nýlegu lyftuhúsi ásamt sér stæði í bílageymslu. Íbúðin er laus til afhendingar strax. Vestur svalir með fallegu útsýni. Sér inngangur er af svölum. Rúmgóð geymsla með mikilli lofthæð fylgir í kjallara. V. 20,2 m. 4742



**Ögurás - jarðhæð** Mjög falleg 3ja herbergja 94,3 fm íbúð á jarðhæð við Ögurás í Garðabæ - sérinngangur - góð verönd - gott útsýni. Niðurlímt einnar fasa eikarparket að mestu en flísar á baði og anddyri. Mjög gott verð! V. 22,9 m. 4712

## 2ja herbergja



**Næfurás- Einstakt útsýni** Góð 2- 3ja herbergja íbúð í Árbæ Reykjavíkur með einstaklega fallegu útsýni. Íbúðin er skráð 77,1 fm en er um 85 fm að sögn eiganda, en geymslan er óskráð. Íbúðin hefur verið töluvert endurnýjuð frá árinu 2007. 18,9 m. 4740



**Gnoðarvogur** Mjög snyrtileg 2ja herbergja 62,4 fm íbúð á 3. hæð í mikið endurnýjuðu fjölbýli miðsvæðis í Reykjavík þar sem stutt er í alla helstu þjónustu. Íbúðin skiptist í hol, stofu, eldhús og baðherbergi. Sérgeymsla er í kjallara og sameiginlegt þvottahús. V. 14,9 m. 4574



**Veghús - glæsilegt útsýni** Sérlega falleg og góð 2ja herbergja útsýnis íbúð á 5. hæð ásamt stæði í bílageymslu. Íbúðin er 70,2 fm að stærð auk 13,3 fm stæðis í bílageymslu, alls 83,5 fm. Íbúðin skiptist í hol, stofu, eldhús, svefnh., baðh./þvottah. og geymslu. Eistaklega fallegt útsýni er úr stofu og af svölum íbúðarinnar. V. 18,9 m. 3957

## EIGNAMIÐLUN Leigumiðlun

**Stigahlíð - útsýni** 4ra herbergja íbúð. 2 svefnherbergi. 2 stofur. Verð: 120 þús.

**Rauðalækur - endurnýjuð** Vel skipulögð 113,4 fm mikið endurnýjuð kjallaraíbúð. 2 svefnherbergi. 2 stofur. Verð: 120 þús.

**Austurströnd** Góð 67,2 fm íbúð á 3ju hæð, en jarðhæð frá Nesvegi. Stæði í bílgeymslu fylgir. Verð: 100 þús 4654

**Smiðjuvegur - verslunarhúsnæði** Gott 495 fm verslunarhúsnæði á einni hæð við Smiðjuveg í Kópavogi. 4741

**Laufásvegur** 140 fm verslunar- eða skrifstofuhúsnæði á jarðhæð. Engin VSK kvöð. Verð 1.800 pr fm.

RE/MAX Lind




**Bláhamrar** 2ja. herb. 78 fm.

**Opið hús mánud. 11. maí kl. 18:00 – 18:30**

Rúmgóð íbúð í mjög góðu standi á efstu hæð með frábæru útsýni. Góð kaup og góð staðsetning. Laus stax.

Verð 17.5




**Laugarnesvegur** 4-5 herb. 110 fm.

**Opið hús mánud. 11. maí kl. 18:00 – 18:30**

Opin og rúmgóð nýuppgerð íbúð á þessum frábæra stað. Stutt er í helstu perlur Reykjavíkur.

Verð 23.9



**Bergur Þór Steingrímsson**
löggitur fasteignasali
S: 896 6751



**Þór E. Pálsson,**
sölufulltrúi
S: 770 2010

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

FASTEIGNASALAN
# MIKLABORG
569 - 7000 | Síðumúla 13 | www.miklaborg.is



Óskar R. Harðarson
hdl. og lögg. fasteignasali



Jason Guðmundsson
lögfr. BA og lögg. fasteignasali


V. 23,0 m.

**Laufásvegur**
- Miðbærinn
- Kósý hús
- Sérbýli

Miklaborg - *Örugg sala*


V. 45,9 m

**Búðavað**
- 219 fm parhús
- Útivistarperla
- Tilbúið til innréttinga
- Skipti skoðuð

Miklaborg - *Örugg sala*


V. 59,6 m.

**Sóleyjarrimi**
- Raðhús í sérflokki
- Innréttingar af vönduðustu gerð
- Glæsilegt

Miklaborg - *Örugg sala*


V. 44,0 m.

**Akurgerði**
- 225 fm einbýli
- Útleigumöguleiki
- Miðsvæðis

Miklaborg - *Örugg sala*


V. 37,5 m.

**Álfhólsvegur**
- 171 fm sérhæð
- Bílskúr
- Glæsilegt hús
- Stórkostlegt útsýni

Miklaborg - *Örugg sala*


V. 19,9 m.

**Bragagata**
- Miðbæjaríbúð
- Glæsileg
- Mikið uppgerð
- Vinsælt hverfi

Miklaborg - *Örugg sala*


V. 28,0 m.

**Stangarholt**
- 115 efri hæð + bílskúr
- Mikið endurnýjuð
- Góð staðsetning

Miklaborg - *Örugg sala*

***Miklaborg býður öllum ókeypis ráðgjöf um fasteignaviðskipti í kvöld mánudag á milli kl. 20-22 eða í síma 569 7000***

***Kaffi á könnunni***


V. 23,5 m.

**Tjarnargata**
- 90 fm íbúð í miðbænum
- 3 svefnherbergi
- Fyrir miðbæjarfólk

Miklaborg - *Örugg sala*


V. 14,7 m.

**Reykjahlíð**
- Vel staðsett
- 2ja herbergja
- Stutt í alla þjónustu

Miklaborg - *Örugg sala*


V. 35,9 m.

**Langalína**
- 3ja herbergja
- 60 fm verönd
- Gólfhiti
- Einstök staðsetning

Miklaborg - *Örugg sala*


V. 17,5 m.

**Hrafnhólar**
- 2ja herb. + bílskúr
- Húsið nýlega viðgert
- Snyrtileg sameign
- Laus fljótlega

V. 17,5 m.
Miklaborg - *Örugg sala*


V. 19,9 m.

**Hraunteigur**
- Gullfalleg íbúð
- Svalir
- Húsið nýlega steinað að utan
- Stutt í ræktina

Miklaborg - *Örugg sala*



**Vallakór**
- 4ra herbergja endaíbúð
- Björt og falleg
- Laus strax
- Gott hverfi

Miklaborg - *Örugg sala*



**Berjavellir**
- Stórglæsileg 3ja herbergja
- Vönduð
- Bílageymsla

Miklaborg - *Örugg sala*



**Snorrabraut**
- 3ja herb. + aukaherbergi
- Snýr að Grettisgötu
- Uppgert eldhús

Miklaborg - *Örugg sala*


V. 23,5 m.

**Kórsalir**
- 3ja herb. á 5 hæð
- Lyftuhús
- Stæði í bílageymslu
- Glæsilegt útsýni

Miklaborg - *Örugg sala*



**Hvassaleiti**
- Gullfalleg 94 fm + bílskúr
- Frábært útsýni
- Gott verð

Miklaborg - *Örugg sala*



**Suðurlandsbraut**
- 400 fm verslunar húsnæði
- Frábær staðsetning
- Laust strax
- Innkeyrsludyr

Miklaborg - *Örugg sala*



**Hverfisgata**
- 3. herb. risíbúð
- Glæsileg
- Kemur á óvart!
- Einstök íbúð!

Miklaborg - *Örugg sala*


V. 34,8 m.

**Einiteigur**
- 197,5 fm parhús
- 30 fm innbyggður bílskúr
- Góð staðsetning
- 3 herbergi, 2 baðherbergi og 2 stofur.

Miklaborg - *Örugg sala*




**Fjöldi makaskipasamninga rúmlega tvöfaldaðist milli áranna 2007 og 2008.**

# Fjölgun makaskiptasamninga

Fasteignaskrá Íslands tók nýlega saman upplýsingar um fjölda makaskiptasamninga sem þinglýst var á höfuðborgarsvæðinu frá júní 2006. Með makaskiptasamningi er átt við kaupsamning um fasteign þar sem hluti kaupverðs er greiddur með annarri fasteign.

Árið 2007 voru makaskiptasamningar 201 talsins en árið 2008 voru þeir 471. Fyrstu fjóra mánuði ársins 2009 voru gerðir 178 makaskiptasamningar.

Á grafi á heimasíðu Fasteignaskrár er tilgreint hlutfall makaskipta í kaupsamningum um íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Þar sést greinileg fjölgun í slíkum samningum frá árinu 2008. Einnig má sjá að slíkir samningar voru fjölmargir á árunum 1994 til 1996 en fó þá fækkandi. Slíkir samningar virðast hafa verið mjög fáir á árunum 1999 til 2006.

Heimild: Frétt af vefsíðu Fasteignaskrár www.fasteignaskra.is



**Við upphaf verks að Tyrfingsstöðum.**

# Kennt að gera við torfkofa

Fornverkaskólinn heldur tvö námskeið í sumar í viðgerðum á torfbæjum. Á námskeiðunum verður fjallað um viðgerðir og breytingar á eldri byggingum og mannvirkjum úr timbri og torfi. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að varðveita byggingasögulegt gildi húsa, á sama tíma og reynt er að koma til móts við kröfur nútímans um endingu. Farið er yfir lög og reglugerðir um húsafriðun, varðveislu, byggingasögu, menningarverðmæti, tæknilegar endurbætur, efnisval, fúa, veðrun, viðgerðir á grind, deililausnir, ástandskönnun og frágang.

Fyrra námskeiðið verður haldið á Tyrfingsstöðum í Skagafirði 8. til 12. júní 2009. Á námskeiðinu verður framhús torfbæjarins á Tyrfingsstöðum tekið niður. Síðara námskeiðið verður haldið á sama stað 31. ágúst til 4. september 2009. Haldið verður áfram með viðgerðir og framhúsið reist. Kennari er Bragi Skúlason húsasmíðameistari ásamt fleirum.

*Frétt af vef Húsafriðunarnefndar.*

# hús og viðhald

MÁNUDAGUR 11. MAÍ 2009




**Er kominn í þig vorhugur?**

**Ertu að undirbúa tiltekt í bílskúrnum, jarðvinnu eða einhverjar aðrar framkvæmdir?**

Gámaþjónustan hf. býður nú þjónustu með opna og lokaða gáma á sérstöku tilboði.
Það inniheldur leigu í allt að viku, akstur til og frá, losun og eyðingargjöld. **Allt á föstu verði!**

**Upplýsingar í síma 535 2510**



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Söludeild Hringhellu 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2510 • gamar@gamar.is • www.gamar.is



Gular rósir tákna gleði, vináttu og fyrirheit um betri tíð.

# Hver litur rósar hefur misjafna merkingu

Rós eða rósavöndur er sígild tækifærisgjöf sem flestir hafa ánægju af að skreyta í kringum sig með. Slík gjöf getur einnig verið táknræn enda hafa litir rósanna ólíka merkingu eins og eftirfarandi listi gefur til kynna:

- Rauðar rósir tákna ást, fegurð, hugrekki og virðingu
- Hvítar rósir tákna hreinleika, sakleysi, þögn, leynd, hógværð eða auðmýkt.
- Bleikar rósir tákna þakklæti, hamingju og aðdáun.
- Gular rósir tákna gleði, vináttu og fyrirheit um betri tíð.
- Appelsínugular rósir tákna þrá eða eldhug.
- Rósir án þyrna tákna ást við fyrstu sýn.

-ve

*Heimild: www.blomaval.is.*

# Námskeið um safnhauga í görðum

Hjá Endurmenntun Háskóla Íslands er hægt að læra hvernig útbúa eigi safnhauga.

Færst hefur í vöxt að garðeigendur komi sér upp safnhaugum í görðum sínum og jarðgeri lífrænan úrgang svo sem gras, greinar og lauf. Mikið af lífrænum úrgangi fellur einnig til í eldhúsum og honum má umbreyta í gæða safnhaugamold eða svokallaða Moltu.

Endurmenntun Háskóla Íslands heldur tveggja kvölda grunnnámskeið dagana 18. og 19. maí í samstarfi við HORTICUM menntafélag um safnhauga. Það er sérstaklega ætlað þeim sem hyggja á jarðgerð eða eru nýlega byrjaðir.



Mikið fellur til af greinum og laufi í görðum sem breyta má í moltu.

Á námskeiðinu verður farið yfir grunnatriði jarðgerðar. Fjallað verður um tilgang og markmið og hvernig staðið skal að jarðgerð. Kynntar verða mismunandi aðferðir við jarðgerð sem og ílát.


**Garðyrkjunámskeið**

**í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi**

**Matjurtaræktun**
Miðvikud. 13/5 og 20/5 kl. 19:00-21:30.
ATH: Þetta er síðasta matjurtanámskeiðið á þessu vori.
*Verð kr. 12.500.-*

**Ræktun ávaxtatrjáa**
Tvö kv. mán. 11/5 og 18/5 kl. 19:00-21:30.
*Verð kr. 12.500.-*

**Ræktun berjarunna og -trjáa**
Mánudaginn 18/5 kl. 17:00-18:30.
*Verð kr. 3.750.-*

**Kryddjurtarætkun**
Miðvikudaginn 13/5 kl. 17:00-18:30.
*Verð kr. 3.750.-*




**Leiðbeinendur eru höfundar bókarinnar Matjurtir:**
Auður I. Ottesen, garðyrkjufr.
Jón Guðmundsson, garðyrkjufr.





**Skráning og upplýsingar**
**í síma 578 4800**
**og á www.rit.is**




Enfaldleiki einkennir hönnun veggjanna og efniviðurinn, gagnvarinn fura, hentar vel íslensku veðurfari.



Í stórum görðum er tilvalið að koma palli fyrir í sólríku horni.



Hægt er að snúa einingunum bæði lóðrétt og lárétt eftir smekk.

# Skjólveggir fyrir íslenskt veðurfar og byggingarstíl

**Gyrðir og Gerður eru íslensk nöfn og viðeigandi fyrir íslenska skjólveggi til notkunar í görðum sem nú er hægt að kaupa í Húsasmiðjunni.**

Þeir eru hannaðir af íslenskum arkitekt Ragnhildi Skarphéðinsdóttur í samstarfi við verslunina og að sögn Einars Sveinssonar rekstrarstjóra var hvatinn að framleiðslunni meðal annars sá að það vantaði skjólveggi sem að pössuðu við hinn mínímalíska byggingarstíl sem hefur verið svo vinsæll hér á landi, ekki síst undanfarin ár.

„Við vildum aðlaga okkur að þeim breytta byggingarstíl sem hefur verið vinsæll undanfarið. Þessir skjólveggir eru mínímalískari en þeir sem við höfum verið að selja undanfarin ár sem hafa skartað fléttum og krúsídúllum ýmis konar og ekki kannski hæft húsunum alls kostar. Þessir nýju veggir eru ferkantaðri og einfaldari í útliti,“ segir Einar.

Ekki síður mikilvægur eiginleika veggjanna er sú staðreynd að þeir eru hannaðir með íslenskar aðstæður í huga, eru úr gagnvarinni furu, eru efnismiklir og sterkir og eiga því að henta íslensku veðurfari afar vel.

Veggjunum má snúa bæði lóðrétt og lárétt og er hægt að raða þeim saman á ýmsu vegu eftir smekk húseigenda. Veggirnir koma klæddir öðrum megin og ef kaupendur vilja er hægt að klæða þá báðum megin og loka þeim þannig alveg. Verðið fer auðvitað eftir stærð veggsins en sem dæmi má nefna þá er verð á algengri stærð 16.900 krónur fyrir fleka sem er 170 cm á breidd og hæð.

-sbt

# Íslendingur ver titil í pípulögnum

Norðurlandamót í pípulögnum verður haldið í Osló í Noregi dagana 12. til 14. maí. Íslendingar eiga Norðurlandameistaratitilinn í greininni en Árni Már Heimisson vann fyrir Íslands hönd í Malmö 2007 en mótið er haldið á tveggja ára fresti.

Í ár er það hinn 21 árs gamli Kristófer Þorgeirsson, starfsmaður Rennslis ehf., sem hefur fengið það ábyrgðarhlutverk að halda uppi heiðri íslenskra pípulagningamanna.

Kristófer sigraði á Íslandsmóti í pípulögnum, sem haldið var í Laugardalshöllinni vorið 2008 , sem gaf honum rétt á því að taka þátt í Norðurlandamóti fyrir Ísland og iðngreinina. Ríkjandi Norðurlandameistari, Árni Már, hefur séð um þjálfun Kristófers í vetur, en



Norðurlandamót í pípulögnum fer fram í Osló í vikunni.

Kristófer hefur farið í tvígang til Óðinsvéa í æfingabúðir með öðrum norrænum keppendum.

Kristófer mun einnig keppa fyrir Íslands hönd á heimsmeistaramótinu í Calgary í Kanada í haust, ásamt fulltrúa rafiðna- og hárgreiðslugreina.

-sg



www.ellingsen.is
DAXARA
– kjörin í vorverkin
Daxara-kerra nýtist vel fyrir það sem þú þarft í garðinn; fjórhjólið eða bátinn; gamla ísskápinn, þvottavélina eða eldavélina sem þarf að koma á haugana; hjólbörurnar, sláttuvélina og nýja arininn sem á að fara í sumarbústaðinn; mótorhjólið, vélsleðann – og eiginlega hvað sem er.
Verð 52.900 kr.
4.408 kr. léttgr. í 12 mán.
DAXARA 107
Sturtubúnaður
Innanmál 106x85x32 cm
Burðargeta 295 kg
Léttgreiðslur 4.408 kr. í 12 mán.
DAXARA 127
Sturtubúnaður
Innanmál 120x92x35 cm
Burðargeta 335 kg
Verð 69.900 kr.
Léttgreiðslur 5.825 kr. í 12 mán.
DAXARA 147
Sturtubúnaður
Innanmál 145x100x35 cm
Burðargeta 505 kg
Verð 98.900 kr.
Léttgreiðslur 8.242 kr. í 12 mán.
DAXARA 158
Sturtubúnaður, 13” dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 145x100x40 cm
Burðargeta 540 kg
Verð 119.900 kr.
Léttgreiðslur 9.992 kr. í 12 mán.
DAXARA 198
Sturtubúnaður, 13” dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 184x114x40 cm
Burðargeta 590 kg
Verð 179.900 kr.
Léttgreiðslur 14.992 kr. í 12 mán.
DAXARA 218
Sturtubúnaður, 13” dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 204x129x40 cm
Burðargeta 560 kg
Verð 199.900 kr.
Léttgreiðslur 16.658 kr. í 12 mán.
DAXARA 238
Sturtubúnaður, 13” dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 135x231x45 cm
Burðargeta 750 kg
Verð 259.900 kr.
Léttgreiðslur 21.658 kr. í 12 mán.
MÓTORHJÓLA-
KERRA 751
13” dekk
Burðargeta 625 kg
Verð 104.900 kr.
Léttgreiðslur 8.742 kr. í 12 mán.
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

# Öryggi gegn þjófum og skemmdum

Með öryggiskerfi í sumarbústaðnum er hægt að bregðast hraðar við ef upp koma vatns- eða frostskemmdir, fyrir utan að fæla innbrotsþjófa frá. Mánaðarverð á grunnþjónustu er á milli þrjú til fjögur þúsund krónur. Ef kalla á til öryggisvörð þarf að borga fyrir hvert útkall.

Bæði Securitas og Öryggismiðstöðin bjóða sumarhúsaeigendum upp á vörn gegn vá. Hægt er að velja nokkuð hvernig öryggispakkinn er uppbyggður, en það fer eftir þörfum sumarbústaðarins og eigenda hans.

Grunnpakki Sumarhúsavarnar Securitas kostar 3.200 krónur á mánuði. Er þar innifalið einn reykskynjari, einn segulnemi, og einn hreyfiskynjari og eru þeir tengdir við stjórnstöð Securitas, auk límmiða. Við þetta er svo hægt að bæta vatnsnemum og fjarstýringu, þannig að hægt sé að stýra hita og lýsingu með sms-skilaboðum.

Öryggismiðstöðin býður upp á Sumarhúsaöryggi og kostar grunnpakki þeirra 3.950 krónur á mánuði. Er þá innifalið reykhreyfi- og vatnsskynjari sem tengdir eru stjórnstöð Öryggismiðstöðvarinnar, auk límmiða.

Bæði fyrirtækin bjóða upp á að fleiri skynjarar séu settir upp, til dæmis í stærri bústöðum. Securitas selur þá sérstaklega, en Öryggismiðstöðin býður upp á leigu á slíkum skynjurum.

Ef skynjarar láta vita að eitthvað sé að, hvort sem það er vatn sem farið er að leka, hreyfing sem ekki á að vera til staðar vegna innbrotsþjófa eða glugga sem gleymdist að loka, kuldinn sé orðinn það mikill að bústaðurinn liggi við skemmdum eða kviknað sé í, er eigandi látinn vita og hann getur þá beðið um að öryggisvörður mæti á svæðið. Securitas býður upp á slíka þjónustu ef bústaðirnir eru í innan við 50 kílómetra fjarlægð frá starfsstöð Securitas sem eru víðs vegar um landið og kostar útkallið 5.000 krónur. Öryggismiðstöðin býður einnig upp á slíka þjónustu í helstu sumarbústaðakjörnum og kostar hvert útkall 10.000 krónur.

- ss



Skemmdir, hvort sem er af náttúru eða mannavöldum, geta eyðilagt annars notalega og friðsæla sumarbústaðarferð.



Sverrir er byggingartæknifræðingur hjá Eflu sem hefur meðal annars séð um viðhald Gljúfrasteins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Betra að undirbúa verk vel en leggja af stað í blindni

**Virðisaukaskattur á vinnu við íbúðir og sumarhús fæst nú að fullu endurgreiddur og hægara er að fá iðnaðarmenn á viðunandi verði en undanfarin ár. Sverrir Jóhannesson, byggingartæknifræðingur hjá Eflu, var spurður hvað helst þyrfti að hafa í huga við undirbúning og framkvæmd húsaviðgerða.**

„Fyrsta skrefið er að ákveða hvað á að gera fyrir húsið og láta síðan fleiri en einn bjóða í verkið. Svo tilboðin séu fyllilega sambanburðarhæf þarf verkefnalýsing að vera nákvæm í upphafi. Annars getur farið svo að lægsta tilboðið sé ekki það hagstæðasta því áhersla á vandaða viðgerð getur verið mismunandi milli manna," segir Sverrir.

Hann telur öruggast fyrir húseigendur að leita ráða hjá einhverjum sem sé óháður þeim sem bjóða í. Varasamast sé þegar sá sem eigi að vinna verkið sé fenginn til að meta sjálfur hvað skuli gera. En er ekki alltaf hætta á að viðbótarskemmdir komi í ljós þegar byrjað er að gera við gömul hús? „Jú, en eftir því sem undirbúningurinn er betri er minni hætta á því. Það getur borgað sig að eyða í hann í stað þess að leggja af stað í blindni," svarar hann.

Skriflegir samningar eru nauðsynlegir að mati Sverris, þar sem fram komi hverjir geri samninginn og hvað eigi að gera. Líka verktími, verð og greiðslur og hvort stuðst sé við ákveðna staðla eða reglugerðir. „Því nákvæmar sem verkið er skilgreint stendur samningurinn betur fyrir sínu. Eyðublöð fást hjá Húseigendafélaginu og sumir verktakar eru með þau líka."

Sverrir tekur fram að tímabundin lög um endurgreiðslu virðisaukaskatts af hönnun og löggildu eftirliti, ásamt vinnu á byggingarstað við íbúðarhúsnæði og sumarhús komi húseigendum til góða. Á vef samtaka iðnaðarins www.si.is er auðvelt að ná í eyðublöð til að fylla út og fara með til skattsins. „Nú skilar svört vinna húseigandanum engu þegar virðisaukinn fæst allur endurgreiddur," bendir hann á. „Það er enginn gróði í því að vera að svindla á kerfinu, sérstaklega þegar öll ábyrgðin fer við það."

Talandi um ábyrgðir. Hvernig er þeim háttað á húsaviðgerðum? „Yfirleitt er eins árs ábyrgð á slíkum framkvæmdum. Þegar verkið er búið er það tekið út og séð til þess að allir séu sáttir," segir Sverrir en heimasíða verkfræðistofunnar Eflu er www.efla.is.

- gun



# Að finna draumalandið sitt

**Í fljótu bragði kann að virðast auðvelt að velja sér sumarbústað. Í það minnsta er enginn skortur á framboði slíkra húsa. Á fasteignavefnum eru til dæmis vel á sjötta hundrað auglýsingar um sumarbústaði til sölu.**

Þeir sem hyggja á sumarbústaðarkaup ættu þó að fara rólega í sakirnar og vinna heimavinnuna sína vel.

Áður en haldið er af stað þarf að skilgreina hvernig á að nota húsið. Býst fólk við að nota það fyrst og fremst til lengri dvalar á sumrin eða vill það geta skotist, þó ekki sé nema eina nótt? Ef svo er skiptir miklu að ekki taki meira en um það bil hálfa aðra klukkustund að komast á staðinn og helst þarf það að taka enn styttri tíma.

Í öðru lagi þarf að gera upp við sig hvort sumarbústaðurinn á að sjá eigendum sínum fyrir verkefnum meðan þar er dvalið eða hvort ætlunin er að nýta hann til slökunar.

Þeir sem hafa gaman af smíðum ættu að huga að því að byggja sér sjálfir hús frá grunni eða kaupa eldra hús sem þarfnast viðhalds og hægt er að laga að þörfum sínum.

Hinir sem kjósa að handleika hamarinn sem minnst ættu að velja sér hús sem það getur fellt sig vel við án þess að því sé breytt.

Sama gildir um lóðina. Sumir hafa unun af því að græða upp. Þeir ættu að velja sér lóð sem hentar þeirri iðju. Hinir sem kjósa fremur að slaka á í skjóli gróðurs ættu að velja sér gróinn reit.

Að ýmsu er einnig að hyggja þegar komið er á staðinn. Hvernig snýr húsið við sólu? Er morgunsólin ríkjandi eða kvöldsólin, eða er kannski orðið sólsett um kvöldmatarleytið? Sömuleiðis þarf að huga að vindinum eða öllu heldur skjólinu.

Margar sumarbústaðalóðir eru í skemmtilegu kjarrlendi. Slíkt land hentar ekki endilega þeim sem leggja upp úr því að geta iðkað boltaleiki og þess háttar við bústaðinn. Þeir ættu að velja sér land þar sem er að finna slétta flöt.

Sumarbústaðurinn er draumaland í huga margra. Þar mætast iðulega kynslóðir í ljúfum samverustundum. Væntingar fólks og þarfir til sumarhúsa eru þó mismunandi og því um að gera að skilgreina hvað maður vill fá út úr sumarbústaðavistinni áður en lagt er af stað. *-st*



Að ýmsu þarf að huga áður en fest eru kaup á sumarbústað. Til dæmis þarf að skilgreina hvernig nota á húsnæðið. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



Þeir sem hafa unun af að græða upp ættu að velja sér lóð við hæfi. MYND/TRÉSMIÐJA HEIMIS

# Eldiviður beint úr garðinum

Þegar það kemur að því að fella risavaxin tré í garðinum fylgir verkefninu oft það vandamál að erfitt kann að vera að losna við úrgang sem trénu fylgir. Gjarnan þarf að búta tréð niður og selflytja svo á móttökustöðvar Sorpu þar sem greitt er fyrir úrgang sem þarf að losna við. En þegar skórinn kreppir kvikna nýjar hugmyndir, sem spara pening en eru um leið umhverfisvænar.

„Við fengum þá hugmynd að bjóða fólki sem fær okkur til þess að fella tré fyrir sig, að höggva trén niður í eldivið. Þá höggvum við stofn trjánna niður í brennanlega búta en losum annað á móttökustöðvar Sorpu. Brenniviðnum er síðan staflað upp á handhægum stöðum við heimili viðskiptavinarins, sem tekur inn til sín það sem hann kýs að brenna hverju sinni,“ segir Brynjar Kjærnested, framkvæmdastjóri Garðlistar.

Brynjar bætir því við að dálítið sparist við það að brenna sína eigin framleiðslu. Þannig kostar pokinn af eldivið á bensínstöðvum landsins á bilinu tvö til þrjú þúsund krónur og pokinn nýtist í um það bil fjögur skipti. Á móti kemur að tré sem er yfir tíu metrar á hæð getur hugsanlega nýst í hátt í 30 til 40 skipti.

„Allar tegundir trjáa henta í eldivið. Mest er þó um að fólk sé að biðja um að við fellum stórar aspir, grenitré eða birki. Þá eru einstaka reynitré sem við fellum líka og líklega henta þau best í arininn, án þess þó að hinar tegundirnar standi reynitrjám langt að baki. Þegar menn brenna greni þarf þó að sýna smá aðgæslu þar sem trjákvoðan í greni getur valdið litlum sprengingum þegar hún brennur,“ segir Brynjar og bætir því við að þetta sé þó nokkuð sem fæstir þurfi að hafa áhyggjur af, þar sem flest arinstæði eru með lokur eða grindur, sem koma í veg fyrir að neistar fljúgi út á gólf.

Margir veigra sér þó við að fella tré í garðinum þar sem fólk er ekki allt of hrifið af því að stór trjástubbur standi upp úr jörðinni. Þetta vandamál heyrir þó sögunni til. Í dag keyra Garðlistarmenn svokölluðum stubbatætara yfir leifarnar af trénu nokkrum sinnum og hann sést aldrei meir.

„Eftir að við höfum lokið okkur af stendur eftir stafli af eldivið í garðinum og umtalsvert meiri birta er í garðinum. Þannig getur fólk betur notið útiverunnar í þessa fáu mánuði ársins, sem sólar og hlýju nýtur við,“ segir Brynjar. *-hs*



Brynjar Kjærnested, framkvæmdastjóri Garðlistar, heggur hér eldivið en fyrirtækið býður nú upp á að höggva tré í görðum og breyta í eldivið. MYND/ÚR EINKASAFNI









Sólpallar grána með tímanum fyrir tilstilli sólar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Viðurinn varinn

Nú er rétti tíminn til að huga að pallaviðhaldi en sólpallar grána með tímanum fyrir tilstilli sólar.

Til að komast að því hvort þurfi að viðarverja pallinn má gera svokallað vatnspróf. Þá er vatni sprautað á pallinn og fylgst með því hvort hann drekki það strax í sig. Ef svo er er kominn tími til að endurverja hann en ef vatnið perlar eða flýtur ofan á pallinum er ekki þörf á nýrri viðarvörn. Hins vegar er ekkert sem segir að ekki megi fara eina umferð yfir hann með pallaolíu til að fríska upp á útlitið.

Áður en borið er á pallinn er ráð að hreinsa hann með sérstöku pallahreinsiefni en það hjálpar til við að hreinsa óhreinindi, bletti frá nöglum eða örveru- og sveppagróður. Pallurinn þarf síðan að þorna í tvo daga áður en ný viðarvörn er borin á.

Margs konar tegundir eru til af viðarvörn og fæst hún bæði glær og lituð. Þá er mikilvægt að hafa það í huga að bera vörnina ekki á í sólskini því þá þornar hún of fljótt og nær ekki að ganga inn í viðinn. Nánari upplýsingar er að finna á http://husa.is/index.aspx?groupid=222 *- ve*

## ● BLETTIRNIR HVERFA

Til að ná blettum úr fatnaði eða öðru er best að reyna strax eða sem allra fyrst að vinna á þeim. Sitji blettur of lengi þannig að efnið drekki hann í sig, þornar hann inn í efnið og erfiðara verður, og stundum ógerningur, að ná honum úr. Hjá Leiðbeiningarstöð heimilanna er að finna lista yfir efni sem duga gegn algengustu blettum:

- Brennsluspritt (ekki bóluspritt, própanólum, í því er olía sem gerir meira ógagn en gagn)
- Hreinsað bensín
- Salmíaksspíritus
- Vetnisperoxíð (brintovilte)
- Asetón
- Uppþvottalögur, helst ólitaður
- Terpentína (White sprit)
- Glýserín
- Bleikiefni (klór)
- Teppa- og húsgagnasápa

**Náttúruvæn blettaefni:**

- Sítróna
- Glýserín
- Edik, (borðedik/glært edik)
- Kristalssápa (grænsápa)
- Matarsódi
- Gróft salt
- Talkúm
- Súrmjólk
- Tannkrem og aska



# Hurðin öðlast nýjan glans

Það er aldrei vit í því að mála dyr eða hurðafleka oftar en nauðsynlegt er. Auðvitað á maður ekki að bíða svo lengi að dyrnar og hurðin æpi beinlínis á viðhald.

Gott er að hafa eftirfarandi í huga áður en hafist er handa við að mála hurð: Skrúfið af húna, lykillauf, rósettur og annað sem er áfast.

Sjá þarf til þess að flöturinn verði eins hreinn og meðfærilegur og mögulegt er.

Best er að pússa gljáandi fleti þar sem þeir hafa ekki eins mikla viðloðun. Ómálaðan við þarf að grunna með olíugrunni eða þynntri olíumálningu.

Sparslið í sár og flekki þegar búið er að grunna. Sparslið þarf að pússa þegar það er orðið þurrt. Grunnið sparslaða fleti með þeirri málningu sem á að nota og pússið létt yfir.

Málið í það minnsta tvær umferðir og pússið létt yfir á milli. Allar umferðirnar eiga að vera þunnar en málninguna er best að bera á með breiðum, flötum pensli.

Svo þýðir lítið að vera með einhver læti og munið að hreyfa pensilinn ekki of hratt. Nú er bara að vanda sig!

Heimild: Verk að vinna. *- vg*



Vanda þarf til verka þegar hurð er máluð.




# Múreinangrunarkerfi




**SERPO 261** Múreinangrunarkerfið hefur farið sigurför um Norðurlönd og hefur verið notað á Íslandi síðan 2003.
**Serpo 261** kerfið samanstendur af plasteinangrun eða steinull, með u.þ.b. 8-10 mm þykku lagi af **Serpo 261** trefjamúr sem styrktur er með glertrefjaneti.

**Serpo 261** múreinangrunarkerfið er einstaklega hagkvæmt, öruggt og auðvelt í uppsetningu.

Líttu við hjá okkur og kynntu þér fullþróað múreingrunarkerfi sem virkar og hefur sannað sig á Íslandi.

***Hönnuðir, leitið nánari upplýsinga***

maxit weber
**SERPO 261**

EOTA SAMÞYKKT
SITAC Prófað af SITAC

**Reykjavík, Kletthāls 7**
Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16

**Suðurnes, Fuglavík 18**
Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14

**Akureyri, Furuvellir 15**
Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Gisting

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

SECURITY
ÖRYGGISFÉLAGIÐ

**Öryggisfélagið**
Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki í næturvinnu í verslunum. Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund og hreint sakarvottorð. Lágmarksaldur 23 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir á staðnum. www.115.is

GR-veitingar og þjónusta óska eftir að ráða í, uppvask, þrif og aðstoð í eldhúsi. Um er að ræða sumarstörf, frá mai til október. Starfshlutfall er samkomulagsatriði. Einungis vandað og jákvætt fólk kemur til greina. Umsóknir sendast á ht@xnet.is

VÁ! 844 dollarar á 10 klst! Skoðaðu málið á http://www.IncomePumper.com/islenska

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

Er 24 ára ísl.kona og nemi sem leitar sér að vinnu frá miðjum maí til 20.júlí. Er dugleg og heiðarleg. Simi 868 3406/ blenda@simnet.is

## Viðskiptatækifæri

**Viðskipti 21 aldarinna**
Hefur þú fengið nóg af innantómum loforðum? Áttu draum um eigið viðskiptaveldi? Hringdu í S: 512-1604 og hlustaðu.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**Sextugur samk. KK**
vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8350.

**Leitar þú**
yndislegrar stundar með yndislegri konu? Fertug kona vill kynnast karlmanni. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8283.

## Þjónusta

Garðaþjónusta Reykjavíkur

Njóttu þess að eiga garð!

- Trjáklippingar
- Þökulagnir
- Beðahreinsanir
- Garðaúðun
- Garðsláttur
- Hellulagnir
- og allt annað fyrir garðinn.

Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð

Eiríkur 7702256 | Þórhallur 7720864

62%

40%




Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 12–80 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 - apríl 2009.

# Fréttablaðið stendur upp úr

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

**Lestur á höfuðborgarsvæðinu**







Allt sem þú þarft...

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Ný lausn í heimabanka Byrs




# Þú getur sparað **milljooo.ooonir** með niðurgreiðslu íslenskra lána!

## - það er fjárhagsleg heilsa!



DYNAMO REYKJAVIK




**Milljóna sparnaður með 10.000 króna aukagreiðslu á mánuði**

Tökum sem dæmi 11 milljón króna verðtryggt íbúðalán sem tekið var í september 2007. Með því að greiða 10.000 krónur aukalega á mánuði, sparast 10.671.376 krónur á lánstímanum. Miðað er við 6% vexti og 5% verðbólgu á 40 ára lánstíma. Aukagreiðslan bætist við mánaðarlega afborgun og lækkar höfuðstól lánsins. Höfuðstóllinn lækkar hraðar en upphaflegar afborganir gera ráð fyrir og við það sparast milljónir í vaxtakostnaði og verðbótum.

## Það er einfaldara en þú heldur!

- **Einföld aðgerð í heimabanka Byrs þér að kostnaðarlausu**
- **Stakar eða fastar mánaðarlegar greiðslur**
- **Ekkert uppgreiðslugjald á íslenskum lánum undir 50 m.kr. hjá Byr**

**Sjáðu hvað þú sparar á byr.is**

**Nýttu þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf í sparisjóðnum**

## Lausnir með fjárhagslegri heilsu

Fjármálanámskeið á mannamáli ▪ Stöðumatið mitt og Heimilisbókhald ▪ Fjármálapróf ▪ Heilsupróf og ráðgjöf ▪ Lenging lána ▪ Greiðslujöfnun húsnæðislána ▪ Fyrirframgreiðsla Lífsvals ▪ Frysting erlendra lána ▪ Niðurgreiðsla lána

BYR SPARISJÓÐUR

www.byr.is | sími 575 4000






NOKKUR ORÐ
Þórunn Elísabet Bogadóttir

# Innflytjendur af ýmsum toga



Á hverju einasta vori kemur sérstakur vorboði í götuna mína. Það er lítið andapar sem hefur vanið komur sínar hingað og kemur sér vel fyrir á hverju vori. Hér hafa þau uppgötvað að þau eru örugg og geta komið ungunum sínum upp í friði. Það er þögult samkomulag um það að hvar sem þau ákveða að koma sér fyrir er þeim leyft að vera. Þar sem þau hafa nú komið hingað í mörg ár hafa þau prófað nokkra mismunandi garða og eru nú komin í garð sem er með gosbrunni, sem hlýtur að henta þeim vel. Þessir litlu innflytjendur eru velkomnir, enda hafa þeir bara aðlagast samfélaginu hér og gera sitt til að lífga upp á það.

Það er svo skrítið að sama viðhorf skuli ekki geta gilt um mennska innflytjendur og flóttamenn á þessu landi. Undanfarið hefur hópur fólks vakið athygli á hörmulegri stöðu flóttamanna sem koma hingað til lands, og í síðustu viku fréttist af indverskri konu austur á fjörðum sem nú á að reka af landi brott. Ég veit ekki betur en að þessi kona hafi aðlagast samfélaginu vel og stundi heiðarlega vinnu, sem hún væntanlega borgar skatta af til ríkisins. Höfum við ekkert lært eftir allt sem við höfum gengið í gegnum? Ríkisstjórn sem kennir sig við félagshyggju getur ekki annað en endurskoðað það hvernig þessum málum er háttað. Ég trúi bara ekki öðru en að við höfum pláss fyrir þetta fólk. Eða er of mikið af fólki á Seyðisfirði til að hægt sé að leyfa þessari konu að búa þar áfram?

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Mánudagur 11. maí 2009**

### ➜ Tónleikar

**19.00** Söng- og ljóðadeild Tónlistarskólans á Akureyri við Hvannavelli verður með tónleika á sal skólans. **Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.**

**21.00** **Moonboy & the Sunbeams** verða á Café Rosenberg við Klapparstíg. Aðgangur ókeypis.

### ➜ Fyrirlestrar



**12.00** **William Black Ph.D.,** prófessor við Háskólann í Kansas City í Missouri flytur erindi um bankahrun hjá HÍ. Fyrirlesturinn fer fram í Öskju, við Sturlugötu 7, stofu 132. Að loknum fyrirlestri mun Egill Helgason blaðamaður stjórna umræðum. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

### ➜ Uppboð

**18.15** Listmunauppboð verður hjá Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Nánari upplýsingar á **www.myndlist.is.**

### ➜ Myndlist

**Alda Ármanna** hefur opnað sýningu í húsakynnum SÍM við Hafnarstræti 16. Sýningin er opin alla virka daga kl. 9-16.

**Erla Þorleifsdóttir** og **Stefán Bjarnason** hafa opnað málverkasýningu í sal hjá Félagsþjónustunni í Hæðargarði 31. Opið alla virka daga kl. 9-16. Aðgangur ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**






# Stór stjarna og mörg smástirni

Ég var búinn að steingleyma að ég hafði séð Söngvaseið áður: Petula Clark söng þá Maríu í Victoriu-leikhúsinu, stórri hlöðu sem var seinna notuð undir Starlight Express. Þetta hefur líklegast verið ´82 eða 3 og er ekki eftirminnilegt. Petula var þá vel við aldur og það var fyrsta sviðsetning frá uppsetningu snemma á sjöunda áratugnum þegar verkið var enn í gangi í New York.

Sound of Music er Broadway-söngleikur í sinni hreinustu mynd: allir höfundar verksins eru leikhúsrottur frá New York, menn með áratuga reynslu í að ná til fjöldans. Það sem kom mest á óvart á föstudagskvöldið er hvað verkið er pottþétt. Hver maður sem er á annað borð hrifinn af söngleikjum veit að músikin eftir Rodgers er ekkert slor. Eins og í nokkrum verka þeirra byggir verkið á sterkum hóp sviðsbarna sem nóg er af í stórborgum heimsins, hér er líka að finna hina ungu konu sem lendir í aðstæðum hefða og valds og sigrar hjarta hins stífa karlmanns. Og mórallinn er einfaldur: njóttu lífsins, vertu glaður, söngurinn er frelsandi.

Nú eru aðstæður Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi þannig að til að sinna ýtrustu kröfum í flutningi verksins þyrfti húsið að vera stærra, hljómsveitin skipuð fleiri en ellefu, kórinn í veisluatriðinu skipaður fleirum en átta: það er svo fyrir löngu að sölum íslensku leikhúsanna er ofraun að setja á svið söngleiki af þessari stærð nema að smækka þá á einhvern veginn. Það er einfallega of dýrt fyrir rétt fimm hundruð sæta sali.

Samt eru nær allar lausnir í sviðsetningu LR unnar með sóma. Að setja hljómsveit í hliðarkró hefur marga galla: tónlistin verður of hávær öðrum megin í salnum og jafnast ekki í hljóðblöndun. Hið mikilvæga samband hljómsveitar í gryfju og þeirra sem á sviðinu standa er rofið og um leið slitnar sambandið við salinn sem er innbyggt í verk þessara höfunda. Það er talað við áhorfendur í söng Maríu frá fyrstu innkomu og það var helst hið beina talsamband við áhorfendur sem vantaði í þessa sviðsetningu og þá einkum í lögn Þórhalls Sigurðssonar á Maríu sem Valgerður Guðnadóttir leikur annars með miklum glæsibrag – og svo hlutirnir séu orðaðir umbúðalaust: hún ber sýninguna uppi. Fyrst og fremst með frábærum söng, leikurinn er á nokkuð þröngu sviði en það skrifa ég á leikstjórann.



**LEIKLIST** Umkomulaus ungnunna tekur að sér sjö börn sjókafteins í Ölpunum. Sígildur söngleikur borinn uppi af flinkri söngkonu. Valgerður Guðnadóttir og í bak Jóhanna Vigdís. MYND GRÍMUR/LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

Gallarnir við sýninguna eru fyrst og fremst í kasti: abbadísin er of ung – hið hefðbundna hlutverk fóstrunnar sem víðar að finna í verkum þeirra félaga, eldri konan sem vísar veginn átti að falla eldri konu í skaut. Jóhanna Vigdís söng sína parta óaðfinnanlega þótt upphaf á Climb every Mountain væri of sterkt í upphafi. Það er ekki hennar sök heldur leikstjóra og hljómsveitarstjóra. Þá á að byrja veikar, það er verið að tala kjark í örvinglaða sál, rétt eins þeir nota í Carousel með You never walk alone.

Aldursmunur verður líka Jóhannesi Hauki til trafala. Hann á í verulegum vandræðum með Trapp höfuðsmann. Karlinn er í upphafi stíf fígúra en aldursmunur hans og Maríu verður að vera trúanlegur. Það er illa farið með ágætis tækifæri og þegar Jóhannesi er síðan slengt inn á svið með Jóhanni Sigurðarsyni í essinu sínu verður leikurinn harla ójafn.

**LEIKLIST**

**Söngvaseiður**

Höfundar: Rodgers, Hammerstein, Lindsey og Crouse.
Þýðing: Flosi Ólafsson. Leikmynd: Snorri Freys. Búningar: Stefanía Adolfsdóttir. Dans: Ástrós Gunnarsdóttir, Lýsing: Þórður Orri Pétursson, Tónlistarstjóri: Agnar Már Magnússon.

★★★★

Góð skemmtun en sýning í meðallagi.

Það er nefnilega svoleiðis með söngleikina, rétt eins og óperur og ævintýri, að það verður að taka formið grafalvarlega. Í flestu virðast menn hafa gert það í Borgarleikhúsinu þótt Hitlerskveðja þeirra Theodórs Júlíussonar og Péturs Einarssonar sé undarlega slöpp. Hanna María hefur gert flest af meiri sannfæringu en að leika ráðskonuna. Guðjón Karlsson er voðalega lítið með í hlutverki örlagavalds í þessari sögu. En hann flautaði vel.

Söngleikurinn er óhemju kröfuhart form: jafnfætis verða menn að geta sungið þrælerfiða músik föskvalaust og geta leikið óaðfinnanlega frá heldur litlum forsendum. Söngleikurinn heimtar yfirleitt íburð í búningum, ljósum og leikmynd. Sá partur sýningarinnar sleppur – ekki meira. Söngparturinn er fullnægjandi en dálítið erfitt að meta hann vegna hljómstyrks hljómsveitarinnar. Aftur er komið að því hvað Valgerður fer í raun með stóran part af öllu dæminu og gnæfir um leið yfir alla aðra. Krakkarnir sem verða í tveimur hollum standa sig þokkalega. Þau eru ekki atvinnumenn, þau eru byrjendur og það sést.

En mér fannst gaman – en það er ekki að marka mig eins og kellingin sagði, ég hef svo gaman af svona vitleysu. Og það er nú samt aðalmálið í svona dæmum.

Ég ætla að gefa þessari sýningu fjórar stjörnur svo markaðsdeild LR geti slett úr klaufunum: sýningin fær tvær, en Valgerður Guðnadóttir á ein tvær heilar. Hún er ástæðan að fólk getur sótt þessa sýningu og látið hrífast.

**Páll Baldvin Baldvinsson**


FÆRÐU BRJÓSTSVIÐA EÐA SÚRT BAKFLÆÐI?...




...Nú færðu Losec mups* án lyfseðils í næsta apóteki!

*Omeprazol

**Notkunarsvið:** Losec Mups sýruþolnar töflur innihalda efnið omeprazol sem hemur magasýruframleiðslu. Losec Mups er notað við tilfallandi brjóstsviða og súru bakflæði. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir omeprazoli eða einhverju öðru innihaldsefnanna eða samhliða lyfjum sem innihalda atazanavir. Gæta skal varúðar ef þú færð einhver af eftirtöldum einkennum: Verulegt þyngdartap, endurtekin uppköst, kyngingarerfiðleika, blóðuppköst eða blóð í hægðum. Þá skal hafa samband við lækni. Látið lyfjafræðing vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð. Meðganga og brjóstagjöf: Losec Mups má nota á meðgöngu. Konur með barn á brjósti eiga að leita ráða hjá lækni áður en notkun hefst. Skömmtun: Ein Losec Mups 20 mg tafla ekki oftar en einu sinni á sólarhring. Ef einkennin hafa ekki horfið eftir 14 daga stöðuga notkun skal hafa samband við lækni. Gleypa á töflurnar heilar með ½ glasi af vökva. Hvorki má tyggja þær né mylja. Töflurnar má leysa upp í vatni eða einhverjum súrum vökva (t.d. ávaxtasafa) og taka þannig inn. Það skiptir ekki máli hvort Losec Mups er tekið inn með eða án matar. Algengustu aukaverkanir eru: Höfuðverkur, niðurgangur, ógleði/uppköst, kviðverkir, hægðatregða og aukinn vindgangur. **Lesið vandlega allan fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu**. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Mars 2009.

AstraZeneca
annt um líf og líðan

## > HAFNAÐI KVÖLDVERÐARBOÐI

Breska „Britain got Talent"-stjarnan, Susan Boyle, hefur að sögn breskra fjölmiðla hafnað því að mæta í kvöldverð hjá Barack Obama Bandaríkjaforseta. Ástæðan ku vera sú að Boyle fannst þetta of mikið af hinu góða og þorði hreinlega ekki.



**fólk**

folk@frettabladid.is

# Mikill áhugi á Gauragangs-myndinni

Fjöldi ungmenna mætti í áheyrnarprufur sem haldnar voru fyrir kvikmyndina Gauragangur sem framleiðslufyrirtækið Zik Zak gerir. Leikstjóri er Gunnar Björn Guðmundsson en hann gerði einmitt metsölumyndina Astrópíu um árið. Gauragangur er sem kunnugt er byggð á bók Ólafs Hauks Símonarsonar og fjallar um glímu Orms Óðinssonar við hin erfiðu unglingsár.

Aðstandendur myndarinnar hafa gefið það út að prófað sé í öll hlutverk og því gæti einhver óþekktur hreppt hlutverk Orms Óðinssonar sem bókin snýst um. Eins og frægt er orðið lék Ingvar E. Sigurðsson það hlutverk í uppfærslu Þjóðleikhússins fyrir nokkrum árum og því ljóst að einhver gæti dottið í lukkupottinn.



**STJARNA Í FÆÐINGU** Ekki er vitað hvernig þessum táningsdreng gekk en Gunnar Björn, leikstjóri Gauragangs, smellir af honum mynd til vonar og vara. MYND/ZIKZAK



**SPENNT UNGMENNI** Fjöldi ungmenna mætti í áheyrnarprufur fyrir Gauragang sem haldnar voru á Kaffi Oliver.

Gauragangs-fólkið hefur reyndar verið á ferð og flugi alla þessa viku, var á Akureyri fyrir viku, svo var haldið til Ísafjarðar, síðan Egilsstaða og loks var síðasta prufan í Reykjavík í gær og stóð hún frá klukkan ellefu um morguninn til átta um kvöldið. Hátt í hundrað ungmenni, sem dreymir um hvíta tjaldið, mættu á svæðið og sýndu allar sínar bestu hliðar þannig að úr vöndu verður að ráða hjá framleiðendum og leikstjóranum. **- fgg**


AÐALFUNDUR
**VBS** FJÁRFESTINGARBANKA

Aðalfundur VBS fjárfestingarbanka hf. verður haldinn miðvikudaginn, **20. maí 2009, kl. 17** í húsnæði bankans, **Borgartúni 26**, 6. hæð, 105 Reykjavík.

DAGSKRÁ:

**1. Venjuleg aðalfundarstörf**

**a.** Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess sl. rekstrarár.
**b.** Ársreikningur fyrir árið 2008 lagður fram til staðfestingar.
**c.** Tillaga stjórnar um ráðstöfun á hagnaði félagsins.
**d.** Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.

i. Að grein 4.4. í samþykktum félagsins verði framvegis nr. 4.5. og 4.4. gr. verði svohljóðandi: *„Stjórn skal skipa sér endurskoðunarnefnd. Nánar skal kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefndar og starfshætti hennar í starfsreglum stjórnar."*

ii. Að grein 5.1. verði svohljóðandi: *„Á aðalfundi skal kjósa endurskoðunarfélag til að annast endurskoðun félagsins sbr. 96. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og XI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki."*

iii. Að grein 6.3. verði svohljóðandi: *„Ársreikningar skulu árlega lagðir fyrir aðalfund til staðfestingar og síðan sendir hlutafélagaskrá í samræmi við ákvæði VIII. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga."*

iv. Að grein 6.5. verði svohljóðandi: *„Um gerð ársreiknings og árshlutauppgjöra skal farið eftir lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, XI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglum sem settar eru samkvæmt þeim lögum."*

**e.** Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins og ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
**f.** Kosning í stjórn félagsins og varastjórn.
**g.** Kosning endurskoðunarfélags.

**2. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál, löglega frma borin**

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út fimmtudaginn 14. maí 2009 kl. 17.00. Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins, Borgartúni 26, 105 Reykjavík. Athygli er vakin á því að samkvæmt hlutafélagalögum skal í tilkynningu um framboð koma fram: nafn frambjóðanda, kennitala, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Enn fremur skal upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Stöðluð framboðsform liggja frammi á skrifstofu félagsins.

Endanleg dagskrá og fundargögn munu liggja frammi á skrifstofu félagsins sjö dögum fyrir aðalfund.

Hægt er að nálgast umboðsform á skrifstofu félagsins ef hluthafar sjá sér ekki fært að mæta á fundinn og vilja gefa öðrum umboð til að mæta í sinn stað.

Að aðalfundi loknum verða bornar fram léttar veitingar.

VBS fjárfestingarbanki
Borgartúni 26
105 Reykjavík
570 1200
www.vbs.is

VBS FJÁRFESTINGARBANKI




**THIS IS MY LIFE** Og Jóhanna þandi raddböndin þetta kvöld því hún söng einnig með Friðriki Ómari hið geysivinsæla lag Eurobandsins, This is my Life.

# FÓRU Á KOSTUM Í ÍSLENSKA SENDIRÁÐINU Í MOSKVU

**Íslenska Eurovision-föruneytið heldur áfram að heilla íbúa Moskvuborgar upp úr skónum með framkomu sinni. Á föstudagskvöldið var hópurinn þó á kunnuglegum slóðum.**

Jóhanna Guðrún og félagar hafa tekið Eurovision-keppnina með trompi og Eurovision-spekúlantar eru flestir sammála um að það væri stórslys ef það kæmist ekki upp úr sínum undanriðli á þriðjudagskvöld. Hópurinn sletti aðeins úr klaufunum hjá íslenska sendiherranum í Moskvu, Benedikt Ásgeirssyni, og tók að sjálfsögðu lagið fyrir starfsmenn sendiráðsins. Einna mesta kátínu vakti þegar Jóhanna Guðrún fetaði í fótspor Regínu Óskar og söng hinn ofurvinsæla Eurovision-slagara This is my life með Friðrik Ómari.

Annars getur ýmislegt gerst og sem betur fer var enginn Íslendinganna nærri þegar gasleiðsla sprakk í nágrenni við Eurovision-svæðið aðfaranótt sunnudags. Hún heyrðist víða, enda um töluvert öfluga sprengingu að ræða, en samkvæmt fyrstu fréttum virðist enginn hafa slasast þótt eldar hafi logað í kjölfar hennar. Jóhanna Guðrún stígur síðan á stóra sviðið annað kvöld og þá verða örlög hennar í höndum annarra Evrópubúa og sérstakrar dómnefndar. **- fgg**



**LEYNIVOPNIN** Tina Japaridze og Chris Neil eru óneitanlega góð leynivopn til að hafa uppi í erminni þegar nær dregur. Milli þeirra stendur Erna Hrönn, bakraddarsöngkona. FRÉTTABLAÐIÐ/ALMA



**BRJÁLAÐUR AÐDÁANDI** Þessi þýski Eurovision-aðdáandi lét sig ekki muna um það að láta húðflúra merki keppninnar á bakið á sér. Óskar Páll virðist hafa gaman af.



**ALLT GENGIÐ STÓRÁFALLALAUST** Þær Jóhanna Guðrún og María Björk eru ánægðar með hvernig gengið hefur í Moskvu.



**LÁTUM SÖNGINN ÓMA** Jóhanna Guðrún söng að sjálfsögðu Eurovision-lagið sitt, Is it True?, við góðar undirtektir viðstaddra.



**GOTT AÐ BORÐA** Eurovision-hópurinn var ánægður með að geta loks fengið sér almennilega að borða en rússneski maturinn hefur mælst misvel fyrir. Jóhanna, María Björk og Börkur Birgisson gæddu sér á veitingunum.




## Portúgal ALBUFEIRA

VERÐ FRÁ
**69.782 kr.**
á mann í viku á Dom Pancho íbúðarhóteli m.v. 2 með 2 börn.
78.815 kr. m.v. tvo fullorðna. Brottför er 20. júní í eina viku.

## Tyrkland MARMARIS

VERÐ FRÁ
**79.675 kr.**
á mann í viku á Forum íbúðarhóteli m. v. 2 með 2 börn.
99.550 m.v. tvo fullorðna í íbúð. Brottför 3. júlí í eina viku.

Það er afskaplega auðvelt að komast í gott frí á sólarströnd með fjölskylduna með því að skipta kostnaðinum í fjórar jafnar vaxtalausar greiðslur á greiðslukort. Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar ljúft og þægilegt frí á frábærum kjörum. Marmaris í Tyrklandi og Albufeira í Portúgal hafa laðað Íslendinga til sín sumar eftir sumar. „...og nú allir af stað með Úrval-Útsýn".

ÚRVAL·ÚTSÝN
www.urvalutsyn.is

MasterCard VISA Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

**Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000**
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

★★★ - S.V. MBL
POWERSÝNING KL. 10.30
STAR TREK
Frá höfundi Lost og Fringe, J.J.Abrams, kemur STÓRMYND sem gagnrýnendur halda vart vatni yfir!
X-MEN ORIGINS WOLVERINE
VINSÆLASTA MYNDIN Í HEIMINUM Í DAG!
VILTU VINNA MILLJARÐ?
ATH! 500 kr.
STATE OF PLAY
650 Kr.

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK-POWER | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 10 |
| X-MEN ORIGINS:WOLVERINE | kl. 8 og 10.10 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR(650kr.) | kl. 6 - Íslenskt tal | L |
| STATE OF PLAY | kl. 8 og 10.30 | 12 |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.50 (500 kr.) | 12 |








X-MEN ORIGINS WOLVERINE

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK | kl. 6 - 8D - 9 - 10:40D | 10 |
| STAR TREK XI | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | VIP |
| X MEN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 14 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6D | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 6 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 | 12 |
| THE UNBORN | kl. 10:40 | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK XI | kl. 8D - 10:30D | 10 |
| Alfreð Elíasson & Loftleiðir | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | L |
| NEW IN TOWN | kl. 6 - 8 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 6D | L |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| 17 AGAIN | kl. 8 | L |
| Alfreð Elíasson & Loftleiðir | kl. 8 | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 10:20 | 16 |
| STATE OF PLAY | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| Alfreð Elíasson & Loftleiðir | kl. 10 | L |
| NEW IN TOWN | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| Alfreð Elíasson & Loftleiðir | kl. 8 | L |
| CRANK 2 : HIGH VOLTAGE | kl. 10:20 | 16 |

SAMbio.is



NÝTT Í BÍÓ!

THE BOAT THAT ROCKED

VINSÆLASTA MYNDIN Í HEIMINUM Í DAG!



650 kr. Múmínálfarnir
HANN VAR DAUÐUR... NÚNA LIFIR HONUM MIKLU BETUR
CRANK HIGH VOLTAGE
HVER SEGIR AÐ ÞÚ SÉRT BARA UNGUR EINU SINNI? 17 AGAIN
STATE OF PLAY
★★★★★ - H.S., ★★★★½ - E.E., DV DRAUMALANDIÐ
I LOVE YOU MAN

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BOAT THAT ROCKED | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE LÚXUS D | kl. 5.40 - 10.50 | 14 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 10.50 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 4 - 6 | L |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 3.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BOAT THAT ROCKED | kl. 6 - 9 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 6.30 - 9 | 14 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 - 8 - 10 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000
750 kr.
ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| STATE OF PLAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BOAT THAT ROCKED | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 8 - 10 | 14 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 | L |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI
AUKAKRÓNUR




# Svíar kaupa goðaheim Friðriks

„Já, Svíar ákalla þrumuguðinn Þór. Samningurinn einn og sér bjargar ekki gjaldeyrismálum þjóðarinnar en þetta brýtur ísinn erlendis og gefur byr í seglin, bæði hvað varðar frekari samninga erlendis og eins dreifingu myndarinnar,“ segir Pétur Már Ólafsson útgefandi.

Bókaforlagið Veröld hefur gengið frá samningum við Natur och Kultur í Svíþjóð um útgáfu á bókinni Þór – í Heljargreipum eftir Friðrik Erlingsson. Að sögn Péturs er Natur och kultur frægt forlag en meðal rithöfunda á þeirra snærum eru Philip Pullman, Joyce Carol Oates, Norman Mailer og Einar Már Guðmundsson. „Sagan Þór – í Heljargreipum var unnin í samvinnu við tölvuteiknimyndafyrirtækið CAOZ en kvikmynd byggð á sögunni er nú í bígerð í leikstjórn Óskars Jónassonar. Áætlað er að framleiðsla myndarinnar kosti á annan milljarð króna,“ segir Pétur Már.

Bók Friðriks kom út hjá Veröld fyrir síðustu jól og fékk lofsamlega dóma. En sagan segir af Þór sem er ungur og ofursterkur járnsmiður í Mannheimum. Þór veit ekki að hann er sonur Óðins sem er æðstur Ása en þegar Þór fær í hendur Mjölni, öflugasta vopn veraldar, hefst æsileg atburðarás. Bókin seldist í nálega þrjú þúsund eintökum hér heima og Pétur Már bendir á að Benjamín dúfa eftir Friðrik hafi verið seld út um allar jarðir á sínum tíma. „Til Finnlands, Danmerkur, Litháen, Ítalíu, Svíþjóðar og víðar. Nú síðast kom hún út í Bretlandi, fjórtán árum eftir að hann hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir þá merku bók.“ - jbg



**FRIÐRIK ERLINGSSON** Sænskt bókaforlag gefur út bók hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**LOKSINS PLATA FRÁ LEAVES** Hljómsveitin Leaves gefur út sína þriðju plötu í dag. Arnar Guðjónsson söngvari segir sveitina hafa prófað alls konar hluti síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Óður til íslenska myrkursins

**Hljómsveitin Leaves gefur í dag út sína þriðju plötu, We Are Shadows, sem er aðgengilegri og bjartari en sú síðasta, Angela Test.**

Leaves fylgdi hinni fjögurra ára gömlu Angela Test eftir með því að hita upp fyrir hljómsveitinni Supergrass á tónleikaferð hennar um Bretland, auk þess sem hún hitaði upp fyrir Duran Duran í Egilshöll. Síðan þá hefur lítið spurst til sveitarinnar. Hún sagði skilið við hið virta útgáfufyrirtæki Island Records, tónleikar urðu æ sjaldgæfari og svo virtist sem sveitin hefði einfaldlega gufað upp.

„Við erum búnir að vera að þróast í alls konar áttir og prófa alls konar hluti. Það var ekkert fyrr en núna að okkur fannst þetta ganga upp,“ segir söngvarinn Arnar Guðjónsson um We Are Shadows. „Þessi plata spannar stórt tímabil. Elsta lagið er frá því 2003 og var samið í kringum Breathe-plötuna. Við tókum það upp fyrir bandarísku útgáfuna af Breathe en okkur fannst það ekki virka í þeirri útgáfu. Síðan poppaði þetta lag aftur upp núna,“ segir hann og á þar við Aeronaut sem hefur hljómað á öldum ljósvakans undanfarið. „Síðan eru þarna alveg splunkuný lög.“ Hann bætir við að platan sé að mörgu leyti aðgengilegri og bjartari en Angela Test, þó svo að nafnið We Are Shadows bendi ekkert endilega til þess. „Þetta er partur af því að búa á Íslandi þar sem er myrkur stóran hluta ársins. Þetta er kannski smá óður til þess.“

Fyrir tveimur árum sagði Arnar í viðtali við Fréttablaðið að nýja platan væri að klárast. Hvað gerðist eiginlega í millitíðinni? „Við vorum komnir með efni í plötu þá en ég var bara ekki nógu ánægður með hana þegar upp var staðið. Við vorum búnir að þróast út í hálfgert prog-rokk sem gerðist í framhaldi af því að gítarleikarinn hætti hjá okkur. Við urðum að aðlaga lögin að þessu fjögurra manna bandi. Við vorum farnir að breyta lögunum af Breathe í hálfgerðar teknó-útgáfur og þetta var orðið dálítið súrt á köflum en samt gaman. En ég vildi stíga út frá þeirri þróun og þetta er niðurstaðan,“ segir hann.

15. apríl spilaði Leaves á sínum fyrstu tónleikum hérlendis í átján mánuði á Sódómu Reykjavík. „Við höfðum ekki spilað síðan á Airwaves 2007. Það var alveg frábært. Það var fullt af fólki og mjög gaman. Við ætlum síðan að halda góða útgáfutónleika í júní.“

Leaves er ekki með útgáfusamning um þessar mundir en Kimi Records sér um dreifingu hérlendis. Platan verður engu síður fáanleg víða um heim í gegnum iTunes, Grapewire.net og fleiri síður. „Þessi bransi lítur allt öðruvísi út í dag en þegar við vorum að byrja. Þetta er allt annað dæmi,“ segir Arnar og á þar við mátt netsins og þá miklu þróun sem hefur átt sér stað í stafrænni sölu. „Við eigum eftir að skoða í sambandi við dreifingu erlendis. Við erum alveg opnir fyrir því en við erum ekki að leita að neinum plötusamningum.“ freyr@frettabladid.is

# World Class sú besta í heimi

Líkamsræktarstöðin World Class í Laugum er sú besta í öllum heiminum að mati hins virta dálkahöfundar Elliott Hester. Í grein í breska dagblaðinu The Morning Star segist hann hafa heimsótt margar líkamsræktarstöðvar um allan heim, þar á meðal í Svíþjóð og Singapúr, en aldrei hafi hann kynnst eins miklum gæðum og á Íslandi. „Af öllum þeim líkamsræktarstöðvum sem ég hef heimsótt á 27 ára ferðalögum mínum þá er World Class-salurinn og Laugar Spa á Íslandi í sérflokki,“ skrifar hann. „Þegar ég gekk inn í líkamsræktarsalinn leið mér eins og James Bond sem gæti valið úr fjölda háleynilegra vopna.



**WORLD CLASS** Dálkahöfundurinn Elliott Hester segir að World Class sé besta líkamsræktarstöð heimsins.

Ég horfði inn í rauðan augnskannann og var tilbúinn til að taka á því og láta dekra við mig.“

Hester bætir því við að svo mörg tæki séu í líkamsræktarsalnum að hvaða einkaþjálfari sem er myndi gapa af undrun. „Áður en ég heimsótti World Class hafði ég aldrei eytt meira en hálftíma á hlaupabretti. En vegna þess að ég gat notað heyrnartól og horft á Star Wars: Attack of the Clones á einum af fjölmörgum sjónvarpsskjáum skokkaði ég látlaust í níutíu mínútur.“

Greinarhöfundur er einnig sérlega hrifinn af Laugum Spa og fer fögrum orðum um gufuböðin sjö sem þar er að finna og afslöppunarherbergið þar sem hann hvíldi lúin bein eftir erfiði dagsins. - fb




**PAX ÅRDAL fataskápur með rennihurðum 86.350,-** Filma. B150×D66, H236cm. Svarbrúnt/kolgrátt
**PAX hillur 2.950,-/2 í pk.** Filma. B75×D58cm. Svarbrúnt
**KOMPLEMENT vírkörfur 1.590,-/stk.** Duftlakkað stál. B75×D58cm. Drapplitað

## NÝR BÆKLINGUR!






**GRIMSTAD rúmgrind fyrir 160cm breiða dýnu 79.900,-**
B182×L234, H109cm. Drapplitað.



**MALM kommóða með 6 skúffum 21.950,-**
B80×D48, H123cm.

Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
**www.IKEA.is**

## > Allt um Pepsi-deildina á Vísi

Fréttablaðið mun í sumar sinna Pepsi-deildinni eins vel og hægt er hverju sinni. Því miður mun í einhverjum tilfellum ekki vera umfjöllun um alla leiki. Þeir sem sakna umfjöllunar um einhverja leiki geta farið inn á Vísi. is sem verður með yfirgripsmikla umfjöllun um alla leiki í Pepsi-deild karla í sumar. Ásamt umfjöllun um alla leiki mun Vísir vera með viðtöl við leikmenn, heildartölfræði úr hverjum leik sem og einkunnagjöf fyrir alla leikmenn. Vísir býður einnig upp á hinu rómuðu Boltavakt þar sem hægt er að fylgjast beint með öllum leikjum deildarinnar.



# sport

sport@frettabladid.is

**STJARNAN FÓR Á TOPP PEPSI-DEILDAR KARLA Í GÆR:** ÖRUGGUR SIGUR Á GRINDAVÍK

# *Hrakspárnar munu lemja saman hópinn*



Stjarnan stimplaði sig af krafti inn í Pepsi-deild karla í knattspyrnu þegar þeir mættu Grindavík í Garðabænum í gærkvöldi. Þeir unnu öruggan sigur á slökum Grindvíkingum og ljóst að Stjörnumenn ætla sér annað og meira en menn höfðu gert ráð fyrir í upphafi móts.

„Ef ég þekki karakter liðsins rétt þá efla þessar hrakspár hópinn og lemja okkur saman frekar en að við förum eitthvað á taugum. Þeir voru flottir drengirnir mínir í kvöld og sigurinn sanngjarn," sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, í leikslok.

Það var í byrjun leiks sem Stjörnumenn lögðu grunninn að sigrinum því strax á 8. mínútu kom Guðni Rúnar Helgason heimamönnum yfir þegar aukaspyrna hans frá miðju hafnaði í netinu með viðkomu í varnarmanni Grindavíkur.

Eftir þetta var eins og Grindvíkingar misstu alla trú á verkefni dagsins því leikur þeirra í fyrri hálfleik var mjög slakur og ógnuðu þeir marki Stjörnunnar sárasjaldan. Það var því í takt við gang leiksins þegar Jóhann Laxdal kom heimamönnum í 2-0 með góðum skalla eftir hornspyrnu Steinþórs Þorsteinssonar.

Síðari hálfleikur var frekar bragðdaufur. Stjörnumenn börðust af krafti og máttlausir Grindvíkingar máttu sín lítils. Lykilmaður þeirra í sóknarleiknum, Scott Ramsay, sást ekki í leiknum og munar um minna.

Halldór Orri Björnsson bætti þriðja marki Stjörnunnar á 78.mínútu og skömmu síðar minnkaði Gilles Mbang Ondo muninn fyrir Grindvíkinga. Lengra komust þeir þó ekki og Stjarnan því komin á topp Pepsi-deildarinnar.

Bjarni Jóhannsson sagði að byrjun Stjörnumanna hefði gert gæfumuninn. „Það hjálpaði okkur gríðarlega mikið að ná þessum mörkum í fyrri hálfleik. Við gátum þá endurskipulagt leik okkar í hálfleik, þétt varnarleikinn og þeir náðu mjög fáum færum á okkur í leiknum öllum. Leikur liðsins var agaður og þéttur og það er það sem við höfum verið að laga þessa síðustu daga," sagði Bjarni Jóhannsson kampakátur í leikslok.

**Stjarnan 3-1 Grindavík**

Stjörnuvöllur, áhorf.: 942 — Valgeir Valgeirsson (5)

*1-0 Guðni Rúnar Helgason (8.)*
*2-0 Jóhann Laxdal (34.)*
*3-0 Halldór Orri Björnsson (78.)*
*3-1 Gilles Mbang Ondo (87).*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–7 (4–3) |
| Varin skot | Bjarni Þórður 2 – Óskar 1 |
| Horn | 5–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–9 |
| Rangstöður | 1–2 |

| **STJARNAN** 4–5–1 | | **GRINDAV.** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Bjarni Þ. Halldórsson | 6 | Óskar Pétursson | 4 |
| Guðni R. Helgason | 7 | Ray A. Jónsson | 5 |
| Tryggvi Bjarnason | 6 | (46. Marko Stefánss. | 5) |
| Daníel Laxdal | 7 | Zoran Stamenic | 4 |
| Hafsteinn Helgason | 7 | Eysteinn Hauksson | 4 |
| Jóhann Laxdal | 6 | Jósef Jósefsson | 4 |
| (80. Arnar Björgvins. | -) | Scott Ramsay | 3 |
| Steinþór Þorsteinss. | 7 | Orri Hjaltalín | 5 |
| (90. Baldvin Sturlus. | -) | Jóhann Helgason | 4 |
| Björn Pálsson | 6 | Sylvain Soumare | 3 |
| ***Birgir Birgisson** | **7** | (58. Þórarinn Kristj. | 5) |
| Halldór O. Björnss. | 6 | Sveinbjörn Jónasson | 4 |
| Þorvaldur Árnason | 5 | (73. Emil Símonars. | -) |
| | | Gilles Mbang Ondo | 5 |

**Maður leiksins*

**Fram 2-0 ÍBV**

Laugardalsvöllur, áhorf.: 753 — Einar Örn Daníelsson (7)

*1-0 Heiðar Geir Júlíusson (76.)*
*2-0 Hjálmar Þórarinsson (94.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–8 (7–5) |
| Varin skot | Hannes 5 – Albert 4 |
| Horn | 5–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–8 |
| Rangstöður | 2–0 |

| **FRAM** 4–5–1 | | **ÍBV** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Hannes Þ. Halldórss. | 7 | Albert Sævarsson | 5 |
| Daði Guðmundsson | 7 | Matt Garner | 6 |
| Kristján Hauksson | 6 | Andrew Mwesigwa | 5 |
| Auðun Helgason | 6 | Yngvi Borgþórsson | 5 |
| Halldór Jónsson | 5 | (83. C. Clements | -) |
| Ingvar Ólason | 6 | Tonny Mawejle | 6 |
| Joseph Tillen | 3 | Arnór Ólafsson | 5 |
| Sam Tillen | 5 | Pétur Runólfsson | 5 |
| Ívar Björnsson | 6 | Þórarinn Valdimarss. | 6 |
| (86. Viðar Guðjónss. | -) | Andri Ólafsson | 5 |
| Almarr Ormarsson | 6 | (63. A. Leitch-Smith | 5) |
| **(73. *Heiðar Júl.** | **-)** | Augustine Nsumba | 5 |
| Hjálmar Þórarinss. | 7 | (69. Bjarni Einarsson | 5) |
| | | Viðar Örn Kjartanss. | 7 |

**Maður leiksins*

## ÚRSLIT

*Pepsi-deild karla*

| | |
|---|---|
| **Breiðablik - Þróttur** | **2-1** |
| 1-0 Kristinn Steindórsson (30.), 2-0 Alfreð Finnbogason (39.), 2-1 Hjörtur Hjartarson (46.). Ítarlega umfjöllun um leikinn má finna á Vísi.is. | |
| KR - Fjölnir | 2-1 |
| Fram - ÍBV | 2-0 |
| Fylkir - Valur | 1-0 |
| Stjarnan - Grindavík | 3-0 |

**NÆSTI LEIKUR**

| | |
|---|---|
| Keflavík - FH | Í kvöld klukkan 19.15 |

*1. deild karla*

| | |
|---|---|
| Fjarðabyggð - Afturelding | 0-1 |
| Víkingur R. - Víkingur Ó. | 1-2 |
| Þór - ÍA | 3-0 |
| Selfoss - KA | 1-1 |

# Fylkismenn með baráttuna að vopni

**Ólafur Þórðarson fékk draumabyrjun með Fylki þegar lið hans skellti firnasterku liði Valsmanna, 1-0, í Árbænum. Ungu strákarnir hjá Ólafi sprækir en Valsmenn ulli miklum vonbrigðum.**

**FÓTBOLTI** Byrjun Valsmanna í Pepsi-deildinni lofar ekki góðu fyrir framhaldið. Þeir voru afar daprir og lutu verðskuldað í gras fyrir baráttuglöðu og ungu liði Fylkis sem spennandi verður að fylgjast með í sumar.

Það eru nokkrar breytingar á báðum liðum frá því í fyrra. Valsmenn með nýja og sterka menn á meðan Fylkir var að tefla fram nokkrum ungum og óþekktum leikmönnum. Helst vakti athygli í uppstillingu Vals að Guðmundur Mete skyldi spila sem varnarsinnaður miðjumaður. Hann leysti það hlutverk ágætlega af hendi.

Leikurinn fór mjög rólega af stað en Valsmenn þó ívið sterkari. Þeir virtust vera að ná ágætum tökum á leiknum þegar Fylkismenn komust yfir. Þá átti Ingimundur skot sem fór í varnarmenn Vals. Boltinn endaði hjá Kjartani Ágústi sem átti fast skot á nærstöng sem lak undir síðuna á Kjartani og í markið. Var ekki annað að sjá við fyrstu sýn en fyrrum landsliðsmarkvörðurinn hefði átt að gera betur þar.

Hann var reyndar afspyrnuslakur í leiknum og skapaðist nokkrum sinnum hætta við markið eftir klaufaskap hans.

Leikur Vals hrundi algjörlega eftir mark Kjartans og afar sprækir Fylkisstrákar gerðu hvað eftir annað usla í vörn Vals sem virkaði ekkert sérstaklega sannfærandi. Viktor Unnar sprækastur í sókninni hjá Valsmönnum, fékk eitt dauðafæri í hálfleiknum sem hann klúðraði á klaufalegan hátt.



Baldur Aðalsteinsson og Ólafur Páll voru ekki með í fyrri hálfleiknum og þeir Baldur Bett og Ian Jeffs einnig slakir báðir. Ljóst að Valsmenn áttu mikið inni í síðari hálfleik enda fyrri hálfleikurinn hjá þeim ekki merkilegur.

Willum Þór, þjálfari Vals, hefur líklega lesið sínum mönnum pistilinn í hálfleik en það skilaði engu því hans menn voru jafn meðvitundarlausir í upphafi síðari hálfleiks. Willum var þó nóg boðið þegar hálftími lifði leiks og setti bæði Marel Baldvinsson og Helga Sigurðsson inn á völlinn.

Í kjölfarið skánaði leikur Vals til muna en reyndar þurfti ekki mikið til að leikur liðsins batnaði. Liðið skapaði sér loksins færi og þar af eitt dauðafæri sem þeir klúðruðu á ævintýralegan hátt. Fylkismenn á sama tíma skynsamir, voru þéttir til baka, börðust vel og uppskáru að lokum þrjú verðskulduð stig gegn slöku Valsliði.

„Liðið er að standa vel saman og á meðan liðið spilar sem ein heild þá erum við í fínum gír," sagði sagði sigurreifur þjálfari Fylkis, Ólafur Þórðarson. „Það er fullt að fínum fótboltamönnum í þessu liði en það vantar kannski reynslu. Það mun koma. Ég hrósa strákunum fyrir að leggja sig 110 prósent fram og taka öll stigin."

Ólafur segir Fylkisliðið hafa lagt hart að sér í vetur, hlaupið mikið og að þetta lið sé til í að leggja mikið á sig til þess að ná árangri.

„Ég veit að það býr mikið í þessu Valsliði en þeir eru ekki að ná saman sem ein heild. Það finnst mér skína í gegn," sagði Ólafur um mótherja sína í gær.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, reyndi að bera sig vel eftir leikinn en vonbrigðin leyndu sér ekki á andliti hans.

„Mér fannst við spila ágætlega á köflum. Svo vorum við á erfiðum útivelli en við höfum oft lent í brasi hérna í Árbænum. Ég er auðvitað ekkert sáttur með að tapa. Ég er samt ekkert ósáttur með margt í leik liðsins en er drullufúll að ná að minnsta kosti ekki stigi úr leiknum," sagði Willum og bætti við að tíminn myndi vinna með Val. En er pressa á honum eftir tap í fyrsta leik þar sem frammistaðan var ekki sannfærandi?

„Það er alltaf pressa. Ég hef aldrei fundið fyrir öðru."

**henry@frettabladid.is**



**GÓÐUR SIGUR** Kristján Valdimarsson og félagar í Fylki unnu góðan sigur á Val í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**FYLKIR 1-0 VALUR**

*1-0 Kjartan Ágúst Breiðdal (22.)*

Fylkisvöllur, áhorf.: 1.029
Eyjólfur M. Kristinsson (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8–10 (3–1) |
| Varin skot | Fjalar 1 – Kjartan 2 |
| Horn | 5–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–17 |
| Rangstöður | 4–1 |

**Fylkir 4–4–2** Fjalar Þorgeirsson 6 – Andrés Jóhannesson 6, Einar Pétursson 6 (87. Davíð Ásbjörnsson -), Kristján Valdimarsson 6, ***Tómas Þorsteinsson 7** – Ásgeir Ásgeirsson 6, Valur Fannar Gíslason 7, Halldór Hilmisson 3 (82. Felix Hjálmarsson-), Kjartan Breiðdal 7 – Pape Faye 5 (73. Kjartan Baldvinsson -), Ingimundur Óskarsson 6.

**Valur 4–3–3** Kjartan Sturluson 2 – Steinþór Gíslason 5, Reynir Leósson 6, Atli Sveinn Þórarinsson 6, Bjarni Ólafur Eiríksson 6 – Guðmundur Mete 6 (73. Pétur Markan -), Baldur Bett 3 (59. Helgi Sigurðsson 6), Ian Jeffs 3, Baldur Aðalsteinsson 2, Ólafur Páll Snorrason 2, Viktor Illugason 5 (69. Marel Baldvinsson 4).

Fram hóf tímabilið með því að leggja nýliða ÍBV á heimavelli sínum í gær, 2-0:

# Flottur Framsigur á Laugardalsvellinum

**FÓTBOLTI** Framarar lögðu nýliða ÍBV 2-0 í Laugardalnum í gærkvöldi. Það voru þeir Heiðar Geir Júlíusson og Hjálmar Þórarinsson sem skoruðu mörkin eftir að Frammarar lentu manni færri. ÍBV sýndi þó ágætis leik og komu nokkuð á óvart.

Leikurinn í Laugardalnum byrjaði frekar rólega en Fram fékk víti á 25 mínútu eftir að Matt Garner braut á Ívari Björnssyni. Það var Sam Tillen sem tók spyrnuna sem var arfaslök og átti Albert Sævarsson í litlum vandræðum með að verja.

Seinni hálfleikurinn byrjaði rólega og ekki dró almennilega til tíðinda fyrr en á 59. mínútu þegar Hannes Þór Halldórsson markvörður Fram sýndi meistaratakta með því að verja skalla frá Viðari Kjartanssyni framherja ÍBV. Á 70. mínútu fékk svo Joseph Tillen leikmaður Fram rautt spjald þegar hann var alltof seinn í tæklingu.

Eyjamenn ógnuðu markinu lítillega eftir þetta en Heiðar Geir Júlíusson kom inn á hjá Fram á 63. mínútu. Þremur mínútum síðar skoraði hann síðan glæsilegt mark með skalla eftir fyrirgjöf Daða Guðmundssonar.

Framarar spiluðu síðan ágætlega og héldu boltanum vel. Eyjamenn ógnuðu markinu nánast ekkert eftir þetta. Þegar þrjár mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma skoraði Hjálmar Þórarinsson síðan flott mark eftir að hann komst framhjá varnarmönnum ÍBV í skyndisókn. Hann lyfti boltanum síðan yfir Albert í markinu sem átti ekki möguleika.

„Við þurftum að hafa fyrir þessu í dag. Við erum samt bara þannig lið að við kunnum að takast á við svona leiki og kunnum að vinna síðan í fyrra. Við vorum þéttir og gerðum þetta saman í dag," sagði Hannes Þór Halldórsson markvörður Fram eftir leikinn.

„Þetta hefði auðveldlega getað farið á hinn veginn og við farið að reyna að halda núllinu. En menn tóku bara á því og fóru að berjast, það skilaði þessum mörkum og þessum sigri."

Þórarinn Ingi Valdimarsson leikmaður ÍBV var ekki ánægður eftir leikinn. „Við fengum samt færi og og hefðum getað komist þannig inn í leikinn en það var ekki að detta. Svo missa þeir mann út af og þá eflast þeir í kjölfarið," sagði Þórarinn eftir leikinn.

Eyjamenn byrjuðu með þrjá menn frammi og sagði Þórarinn að þeir hefðu ætlað að sækja stíft á fyrstu mínútunum. „Við ætluðum að setja á þá strax en það gekk ekki eftir. Við vorum samt að skapa en þetta var ekki að detta fyrir okkur. Nú er bara að taka á því og vinna á heimavelli í næsta leik." **- bl**



**BYRJAÐ Á SIGRI** Auðun Helgason og félagar í Fram fengu sín fyrstu þrjú stig í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


Lykill að lægra verði
Með Staðgreiðslulyklinum geturðu greitt fyrir bæði eldsneyti og vörur á næstu Skeljungsstöð um leið og þú tryggir þér afslátt, punkta og aukna þjónustu.
**Sæktu um Staðgreiðslulykilinn í dag á www.skeljungur.is.**
Skeljungur
Raunstærð
Það er bara Staðgreiðslulykillinn sjálfur sem er minni, fríðindin eru þau sömu og þú færð með Staðgreiðslukorti Skeljungs!

## ÚRSLIT

### *Enska úrvalsdeildin*

**Everton - Tottenham** **0-0**
**Hull - Stoke** **1-2**
0-1 Ricardo Fuller (41.), 0-2 Liam Lawrence (73.), 1-2 Andy Dawson (90.).
**West Brom - Wigan** **3-1**
1-0 Marc-Antoine Fortune (8.), 1-1 Hugo Rodallega (17.), 2-1 Chris Brunt (59.), 3-1 Marc-Antoine Fortune (73.).
**Fulham - Aston Villa** **3-1**
1-0 Danny Murphy, víti (8.), 1-1 Ashley Young (14.), 2-1 Diomansy Kamara (46.), 3-1 Diomansy Kamara (60.).
**Blackburn - Portsmouth** **2-0**
1-0 Morten Gamst Pedersen (31.), 2-1 Benni McCarthy, víti (58.).
**Bolton - Sunderland** **0-0**
**West Ham - Liverpool** **0-3**
0-1 Steven Gerrard (2.), 0-2 Gerrard (38.), 0-3 Ryan Babel (84.).
**Manchester United - Manchester City** **2-0**
1-0 Cristiano Ronaldo (18.), 2-0 Carlos Tevez (45.)
**Arsenal - Chelsea** **1-4**
0-1 Alex (28.), 0-2 Nicolas Anelka (39.), 0-3 Kolo Toure, sjálfsmark (49.), 1-3 Nicklas Bendtner (70.), 1-4 Florent Malouda (86.).

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. United** | **35** | **26** | **5** | **4** | **65-23** | **83** |
| Liverpool | 36 | 23 | 11 | 2 | 72-26 | 80 |
| **Chelsea** | **36** | **23** | **8** | **5** | **63-22** | **77** |
| Arsenal | 36 | 19 | 11 | 6 | 64-36 | 68 |
| **Aston Villa** | **36** | **16** | **10** | **10** | **52-47** | **58** |
| Everton | 36 | 15 | 12 | 9 | 50-36 | 57 |
| **Fulham** | **36** | **13** | **11** | **12** | **38-32** | **50** |
| Tottenham | 36 | 13 | 9 | 14 | 42-41 | 48 |
| **West Ham** | **36** | **13** | **9** | **14** | **39-41** | **48** |
| Man. City | 36 | 14 | 5 | 17 | 56-48 | 47 |

**STAÐA NEÐSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Wigan** | **35** | **11** | **9** | **15** | **32-41** | **42** |
| Stoke City | 36 | 11 | 9 | 16 | 35-51 | 42 |
| **Bolton** | **36** | **11** | **7** | **18** | **40-51** | **40** |
| Blackburn | 36 | 10 | 10 | 16 | 40-58 | 40 |
| **Portsmouth** | **36** | **9** | **11** | **16** | **35-55** | **38** |
| Sunderland | 36 | 9 | 9 | 18 | 31-48 | 36 |
| **Hull City** | **36** | **8** | **10** | **18** | **38-62** | **34** |
| Newcastle | 35 | 6 | 13 | 16 | 37-56 | 31 |
| **M'brough** | **35** | **7** | **10** | **18** | **25-51** | **31** |
| West Brom | 36 | 8 | 7 | 21 | 36-65 | 31 |

### *Enska B-deildin, umspil*

**Sheffield United - Preston** **1-1**
**Burley - Reading** **1-0**
Jóhannes Karl Guðjónsson var í byrjunarliði Burnley en þurfti að fara af velli á 21. mínútu vegna meiðsla. Brynjar Björn Gunnarsson lék fyrstu 85 mínúturnar í liði Reading.

### *Þýska bikarkeppnin*

**Kiel - Gummersbach** **30-24**
Kiel varð bikarmeistari en Alfreð Gíslason er þjálfari liðsins. Róbert Gunnarsson skoraði tvö mörk fyrir Gummersbach sem lagði Hamburg í undanúrslitunum, þar sem Róbert skoraði fimm mörk. Kiel vann Rhein-Neckar Löwen í hinum undanúrslitaleiknum og skoraði Guðjón Valur Siguðarson sjö mörk fyrir Löwen.

### *Sænska úrvalsdeildin*

**Alingsås - Guif** **29-26**
Kristján Andrésson er þjálfari Guif. Bróðir hans, Haukur, skoraði þrjú mörk fyrir Guif. Þetta var úrslitaleikurinn um sænska meistaratitilinn.






# Svart og hvítt hjá KR-ingum

**KR vann 2-1 sigur á Fjölni í opnunarleik Pepsi-deildar karla í gær. Frammistaða liðsins í leiknum var eins og félagslitirnir – svört og hvít – enda spiluðu þeir röndóttu glimrandi vel í síðari hálfleik eftir afar dapra frammistöðu fyrir hálfleik.**

**FÓTBOLTI** KR byrjar vel í Pepsi-deildinni í knattspyrnu eftir 2-1 sigur á Fjölni í opnunarleik mótsins í gær. KR-ingar lentu reyndar undir í fyrri hálfleik en tóku sig saman í andlitinu í þeim síðari og unnu sanngjarnan 2-1 sigur.

Það var hins vegar heldur ósanngjörn meðferð sem gestirnir úr Grafarvoginum fengu undir lok leiksins. Hinn átján ára Aron Jóhannsson fékk að líta rauða spjaldið fyrir afar litlar sakir í uppbótartíma leiksins. Hann var dæmdur brotlegur fyrir að toga Guðmund Pétursson niður en hann var þá við það að komast einn gegn markverði Fjölnismanna.

„Ég sá hann ekki brjóta af sér," sagði Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis. „Dómarinn var 2-3 metrum frá atvikinu en lætur aðstoðardómarann – sem er 30 til 40 metrum frá – reka manninn út af. Ég set stórt spurningarmerki við það."

Ásmundur sagði ungu leikmennina sína fá slæma meðferð í leiknum en annar átján ára Fjölnismaður, Geir Kristinsson, fékk áminningu snemma leiks. „Það var fyrir mjög litlar sakir. Á sama tíma fengu leikmenn KR viðvörun og þeim sagt að passa sig. En Geir og Aron eru ungir og óreyndir og auðveldara að gera eitthvað við þá."

Sem fyrr segir komst Fjölnir yfir í fyrri hálfleik og átti svo tök á því að komast í 2-0 snemma í þeim síðari er Aron slapp einn inn fyrir vörn KR. Hann skaut hins vegar yfir markið.

Aðeins mínútu síðar kom jöfnunarmark KR og stuttu síðar sigurmark Jónasar Guðna Sævarsson, fyrirliða KR. „Eftir dauðafærið gáfum við eftir og þeir skoruðu. Eftir það óx þeim ásmegin en loftið fór úr okkur."


**FÖGNUÐUR** KR-ingar fagna fyrsta marki sínu í Pepsi-deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Logi Ólafsson, þjálfari KR, var ánægður með stigin þrjú en ekki frammistöðuna í fyrri hálfleik. „Við töpuðum nánast öllum tæklingum í vörninni og boltinn gekk ekki vel á milli manna. Við ræddum svo málin í leikhléinu og komumst að því að það var engin ástæða til að vera í neinu stressi. Við þurftum bara að gera það sem við erum góðir í en það er að spila boltanum. Við skoruðum svo tvö mörk sem komu bæði eftir laglegan samleik."

Logi segir að þeir geri þá kröfu að vinna Fjölni á heimavelli. „Það hefði verið gríðarlega slæmt að tapa. Undir venjulegum kringumstæðum eigum við að vinna Fjölni á heimavelli. Sem betur fer tókst það."

KR hefði vel getað skorað fleiri mörk undir lok leiksins og hefði sigurinn hæglega getað orðið stærri. Fjölnir fékk einnig fáein tækifæri til að jafna metin en allt kom fyrir ekki. Sanngjarn sigur KR er niðurstaðan.

eirikur@frettabladid.is

### KR 2-1 FJÖLNIR

*0-1 Jónas Grani Garðarsson (33.)*
*1-1 Björgólfur Takefusa (56.)*
*2-1 Jónas Guðni Sævarsson (63.)*
KR-völlur, áhorfendur: 1.899
Jóhannes Valgeirsson (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 18–9 (11–4) |
| Varin skot | Stefán Logi 3 – Þórður 8 |
| Horn | 9–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–19 |
| Rangstöður | 3–1 |

**KR 4–4–2** Stefán Logi Magnússon 7 – Skúli Jón Friðgeirsson 6, Bjarni Guðjónsson 6, Grétar Sigurðarson 7, Jordao Diogo 6 – Óskar Örn Hauksson 5, Baldur Sigurðsson 6 (74. Guðmundur Pétursson -), ***Jónas Guðni Sævarsson 7**, Gunnar Örn Jónsson 6 (62. Atli Jóhansson 6) – Björgólfur Takefusa 7 (84. Guðmundur Benediktsson -), Prince Rajcomar 6.

**Fjölnir 4–5–1** Þórður Ingason 7 – Gunnar Valur Gunnarsson 5, Ólafur Páll Johnson 5, Geir Kristinsson 5, Vigfús Arnar Jósepsson 5 (85. Andri Valur Ívarsson -) – Aron Jóhannsson 7, Illugi Gunnarsson 6 (80. Ásgeir Aron Ásgeirsson -), Gunnar Már Guðmundsson 4, Magnús Ingi Einarsson 5, Tómas Leifsson 4 (75. Guðmundur K. Guðmundsson -) – Jónas Grani Garðarsson 6.






Efstu þrjú liðin unnu öll örugga sigra í ensku úrvalsdeildinni um helgina:

# Man. Utd. skrefi nær titlinum

**FÓTBOLTI** Manchester United tók mikilvægt skref í átt að enska meistaratitlinum í gær með öruggum 2-0 sigri á grönnum sínum í Manchester City. Cristiano Ronaldo skoraði fyrra mark United beint úr aukaspyrnu en Carlos Tevez það síðara með glæsilegu skoti.

Ronaldo var svo tekinn af velli þegar hálftími var eftir af leiknum og var hann allt annað en sáttur við það. „Hann er í frábæru formi og vildi spila," sagði Alex Ferguson og gerði heldur lítið úr viðbrögðum kappans.

Liverpool hélt pressunni á United með 3-0 sigri á West Ham á útivelli um helgina. Steven Gerrard skoraði tvö markanna.

Þá vann Chelsea 4-1 stórsigur á Arsenal á Emirates-leikvanginum. Heimamenn voru lánlausir nánast allan leikinn og fengu þó nokkur færi. Nicklas Bendtner var þó einn þeirra rauðklæddu á skotskónum í gær.


**CRISTIANO RONALDO** Fagnar marki sínu gegn City í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Botnbaráttan er mjög hörð en þrjú neðstu liðin, Newcastle, Middlesbrough og West Brom, eru öll með 31 stig. Tvö fyrrnefndu liðin eiga leik til góða og mætast einmitt í kvöld.

Stoke tryggði sér endanlega áframhaldandi veru í úrvalsdeildinni með 2-1 sigri á Hull á útivelli. Síðarnefnda liðið er nú aðeins þremur stigum frá fallsæti og í miklum vandræðum fyrir lokasprettinn í deildinni.

Sunderland (fimm stigum frá fallsæti) og Portsmouth (sjö stigum frá) eru heldur ekki enn örugg með sín sæti.

- esá




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



> **Amanda Bynes**

„Ég þoli ekki stráka sem eru sjálfumglaðir. Hógværir strákar hafa dulúð sem mér finnst spennandi.“

***Bynes fer með aðalhlutverkið í þáttunum What I Like about You en í kvöld hefst ný sería á Skjáeinum.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** HÓLMFRÍÐUR HELGA VERÐUR ALVEG ÆF YFIR AUGLÝSINGUNUM

## *Löngu komið nóg af ímyndarfroðu*

Ég verð alveg brjáluð úr aulapirringi þegar ég sé og heyri auglýsingar nýju ríkisbankanna. Hvaða rugl er þetta eiginlega? Það þarf enginn að segja mér að þetta séu ágætis manneskjur sem vinna hjá Landsbankanum, að þær fari í ræktina, gefi börnunum sínum að borða og sýsli í garðinum eins og allir aðrir. Það er ekki þetta bankafólk sem fólk er reitt út í.

Það getur verið að tilgangurinn sé að fá fólk til að verða vinalegra við aumingja fólkið í framlínu bankanna, sem þarf að sitja undir svívirðingum og réttlæta rugl sem það ber enga ábyrgð á. Það er örugglega full þörf á, ekki vildi ég vera í sporum þess. En að eyða peningum ríkisbankanna í svona auglýsingar er jafn líklegt til að láta okkur elska bankann okkar núna eins og... æ, mér dettur ekkert í hug. Það er bara ekki að fara að gerast. Punktur.



Kannski á að koma þeirri hugmynd á framfæri að bankarnir séu bara venjuleg lítil íslensk fyrirtæki sem hugsi fyrst og fremst um okkar hag. Það er náttúrlega bara kjaftæði. Bankar eru fyrirtæki og fyrirtæki eru ekki góð. Það er mín einlæga skoðun, alveg sama hvað ég heyri mikið um eflingu „samfélagslegrar ábyrgðar“ fyrirtækja, sem bankarnir gömlu, já og þar fremstur í flokki Landsbankinn, létu sig svo miklu varða. Nú á að stökkva upp á vagninn til venjulega fólksins. Auðvitað er það bara af því þar eru einu mögulegu tækifærin í dag... Hver sér ekki í gegnum þetta?

Ég myndi ráðleggja markaðsdeildum bankanna að halda sér frá kúnnunum um stund. Einbeita sér heldur að því að styrkja þá innan frá. Ef þær þurfa að koma einhverjum upplýsingum á framfæri er fínt að fá þær í skjáauglýsingunum eða lesnu auglýsingunum á RÚV fyrir fréttir. Enga svona ímyndarfroðu. Það eru allir komnir með ógeð á henni.

## MÁNUDAGUR



▶ **19.00** Keflavík – FH, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.50** E.R. STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** One Tree Hill SKJÁREINN



▶ **21.15** Lífsháski SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30** Entourage STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Hanna Montana** (33:56)

**17.53 Sammi** (24:52)

**18.00 Millý og Mollý** (10:26)

**18.13 Herramenn** (50:52)

**18.25 Fréttaaukinn** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Hjartasmiðirnir - Framtíð líffæraflutninga** (Die Herzen-Macher - Transplantationsmedizin in der Zukunft) Þýsk heimildamynd um viðleitni lækna og vísindamanna til að endurnýja biluð eða gölluð hjörtu í mönnum.

▶**21.15 Lífsháski** (Lost V) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem dularfullir atburðir gerast.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Markaregn** Sýnd verða mörkin úr síðustu leikjum á Íslandsmótinu í fótbolta.

**22.50 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Bandarís þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. (e)

**23.35 Bráðavaktin** (ER) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. (18:19) (e)

**00.15 Kastljós** (e)

**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stövar 2** Áfram Diego Afram!, Kalli litli Kanína og vinir og Ævintýri Juniper Lee.

**08.10 Oprah** Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Grumpy Old Women** (3:4)

**10.00 Notes From the Underbelly** (8:13)

**10.20 Project Runway** (15:15)

**11.05 Extreme Makeover. Home Edition** (3:25)

**11.50 60 mínútur**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (186:260)

**13.25 Everything You Want**

**15.10 ET Weekend**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** A.T.O.M., Galdrastelpurnar og Ævintýri Juniper Lee.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** Joey er í svo miklu uppnámi yfir breytingunum í lífi vina sinna að Phoebe leynir hann því að umboðsmaðurinn hans hafi dáið.

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (9:22) Hómer tekst að kjálkabrjóta sig á ótrúlegan hátt með því að hlaupa á hnefa hnefaleikakappa. Brotið er slæmt og því þarf að víra saman á honum kjaftinn sem þýðir að hann getur lítið talað.

**20.00 American Idol** (35:40)

**20.45 American Idol** (36:40)

▶**21.30 Entourage** (2:12) Vincent og félagar standa nú á krossgötum því þrátt fyrir að nokkrum þeirra hafi orðið býsna ágengt og búnir að skapa sér þokkalegt nafn þá neyddust þeir í lokaþætti þriðju seríu til að flytja úr villunni góðu.

**22.00 Peep Show** (10:12)

**22.25 New Amsterdam** (6:8)

**23.10 Bones** (9:26)

**23.55 Terminator. The Sarah Connor Chronicles** (6:9)

**00.40 The Dive from Clausen's Pier**

**02.05 Everything You Want**

**03.35 Blade. Trinity**

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## BÍÓ

**08.00 Can't Buy Me**

**10.00 Beethoven. Story of a Dog**

**12.00 Firewall**

**14.00 A Little Thing Called Murder**

**16.00 Can't Buy Me Love**

**18.00 Beethoven. Story of a Dog**

**20.00 Firewall** Hasarmynd með Harrison Ford í aðalhlutverki um sérfræðing í öryggismálum sem er neyddur til þess að fremja bankarán til þess að bjarga fjölskyldu sinni frá mannræningjum.

**22.00 Riding the Bullet**

**00.00 Break a Leg**

**02.00 Blind Flight**

**04.00 Riding the Bullet**

**06.00 Into the Blue**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 KR - Fjölnir** Útsending frá leik KR og Fjölnis í Pepsi-deild karla.

**12.35 Spænski boltinn** Útsending frá leik í spænska boltanum.

**14.15 PGA Tour 2009** Útsending frá lokadegi The Players Championship mótsins í golfi.

**18.00 Pepsí mörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

▶**19.00 Keflavík - FH** Bein útsending frá stórleik Keflavíkur og FH í Pepsi-deild karla.

**21.15 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

**21.45 The Science of Golf** Golfþáttur þar sem farið verður yfir helstu leyndarmál „stutta spilsins“.

**22.10 Spænsku mörkin**

**22.40 Þýski handboltinn - Markaþáttur**

**23.10 World Supercross GP** Að þessu fór mótið fram á Rice Eccles Field í Salt Lake City.

**00.05 Keflavík - FH** Útsending frá leik Keflavíkur og FH í Pepsi-deild karla.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Arsenal - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.05 Bolton - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.45 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**18.50 Newcastle - Middlesbrough** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Sheffield United - Preston** Útsending frá síðari leik í undanúrslitum ensku 1. deildarinnar. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 18.40.

**22.40 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**23.35 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**00.05 Newcastle - Middlesbrough** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.00 Spjallið með Sölva** (12:12) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Spjallið með Sölva** (12:12) (e)

**13.00 Óstöðvandi tónlist**

**17.20 Rachael Ray**

**18.05 Game Tíví** (14:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)

**18.45 The Game** (7:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

**19.10 Psych** (11:16) (e)

**20.00 This American Life - NÝTT** (1:6)

**20.30 What I Like About You** (1:24) Bandarísk gamansería um tvær ólíkar systur í New York. Aðalhlutverkin leika Amanda Bynes (What a Girl Wants og She's the Man) og Jennie Garth (Beverly Hills, 90210).

▶**21.00 One Tree Hill** (16:24) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Lucas á erfitt með að velja í hlutverk í myndina á meðan Peyton reynir að undirbúa brúðkaupð. Brooke hittir leikkonuna sem á að leika hana, Nathan fær spennandi fréttir og Haley verður að taka erfiða ákvörðun í skólanum.

**21.50 CSI** (17:24) Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Langston og Riley eru tekin sem gíslar þegar þau rannsaka skotbardaga í hverfi þar sem vanalega er allt með kyrrum kjörum.

**22.40 Jay Leno**

**23.30 The Cleaner** (9:13) (e)

**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## iNN

**20.00 Vangaveltur** Umsjónarkona er Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Rætt er um list og menningu við Hjálmar Ragnarsson, Ásdísi Sif Gunnarsdóttur og Ragnar Kjartansson.

**21.00 Grasrótin** Guðfríður Lilja Grétarsdóttir ræðir um stjórnmálin útfrá viðhorfum Vinsti grænna.

**21.30 Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


74%




34%




# Hvar er þín auglýsing?

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.00**

### American Idol

Leitin að áttundu Idol-stjörnu Bandaríkjanna er í fullum gangi í vinsælasta skemmtiþætti veraldar. Fjórir keppendur eru eftir og nú verður rokkað. Þau Simon Cowell, Randy Jackson, Paula Abdul og Kara DioGuardi sitja í dómnefnd en það er bandaríska þjóðin sem ræður úrslitum í þjóðaratkvæðisgreiðslu. Hverjir komast áfram í undanúrslit?



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### This American Life

**Skjáreinn kl. 20.00**

Bandarísk þáttaröð þar sem fjallað er um venjulegt fólk sem hefur óvenjulegar sögur að segja sem allar eru sannar. Í þættinum í kvöld verður meðal annars sagt frá bónda sem lét klóna uppáhaldsnautið sitt og frá hópi fólks í New York sem reynir að krydda tilveruna með óvenjulegum hrekkjum. Umsjónarmaður þáttanna er Ira Glass.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Höfuðlausn
**15.30** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Lárétt eða lóðrétt
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Hringsól
**23.05** Á tónsviðinu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (185:260)
**17.15 Hollyoaks** (186:260)
**17.45 E.R.** (11:22)
**18.35 Seinfeld** (1:13)
**19.00 Hollyoaks** (185:260)
**19.25 Hollyoaks** (186:260)

▶**19.50 E.R.** (11:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**20.35 Seinfeld** (1:13) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvennylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**22.00 Cold Case** (17:23) Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

**22.45 Damages** (10:13) Patty Hewes er virtur lögfræðingur sem lætur ekkert stöðva sig. Ellen sem fylgdi Patty hvert fótmál í fyrstu seríunni þarf nú að starfa leynilega fyrir FBI en hennar markmið er að ná sér niður á Patty og knésetja hana.

**23.30 Fringe** (16:21) Olivia Dunham alríkisfulltrúi og feðgarnir Walter og Peter Bishop hafa komist á snoðir um mál sem tengist heljarstóru samsæri sem tegir anga sína til voldugasta lyfjafyrirtækis í heimi.

**00.15 Sjáðu**

**00.40 Fréttir Stöðvar 2**

**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** Blackadder Goes Forth **14.30** The Weakest Link **15.15** Jonathan Creek **16.05** Jonathan Creek **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder Goes Forth **19.10** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** Holby Blue **20.50** Blackadder Goes Forth **21.20** My Hero **21.50** Holby Blue **22.40** Jonathan Creek **23.30** Jonathan Creek

## DR 1

**1.20** OBS **11.25** Vi bliver ved! **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Family Guy **14.30** Monster allergi **15.00** Troldspejlet **15.15** Seksløber Snurre **15.20** En hund efter mad **15.30** Den travle by **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Gør det selv **18.00** På opdagelse i Amazonas **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Kriminalkommissær Foyle **21.35** OBS **21.40** Optakt til det Europæiske Melodi Grand Prix **22.45** Seinfeld **23.10** Boogie Mix

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Danske vidundere **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Frilandshagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Små Einsteins **16.25** Vennene på Solflekken **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Puls **17.55** Flyttefeber - en ny start **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Om et hjerte **20.30** Husdrømmen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Inspektør Lynley **22.45** Nytt på nytt **23.15** Kulturnytt **23.25** Sport Jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Sportspegeln **10.50** Urshults äpplekungar **12.20** Lille Fridolf blir morfar **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Vild - krogshow med Nanne **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Inför Eurovision Song Contest 2009 **19.00** Drömmen om Björnön **19.30** Tonårsliv **20.00** The caviar connection **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Nip/Tuck **21.55** Babben & co **22.55** Sändningar från SVT24





Nýjung með bláberjum

KEA skyrdrykkirnir með náttúrulegum agavesafa hafa sannarlega slegið í gegn.
Nú bætist í hópinn ný bragðtegund - KEA skyrdrykkur með bláberjum. Bláber eru ein helsta uppspretta andoxunarefna sem styrkja ónæmiskerfið og eru góð vörn gegn sjúkdómum.
Án hvíts sykurs. Án sætuefna. Með náttúrulegum agavesafa. Veldu eitthvað hollt og bragðgott.

KEA SKYRDRYKKUR
FYRIR HEILBRIGÐAN LÍFSSTÍL

## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Hún var mjög sjálfstæður krakki og ákaflega skýr og þessir hæfileikar hafa fylgt henni í gegnum tíðina. Ég er alveg ofsalega stolt af henni því hún hefur alltaf farið sínar eigin leiðir og komist þangað sem hún er á sínum eigin verðleikum.“*

Guðrún Gunnarsdóttir er móðir Ólafar Jöru Skagfjörð Valgeirsdóttur sem leikur

# Atli Örvarsson á hluta í Englum og djöflum

Íslenska tónskáldið Atli Örvarsson heldur áfram að gera góða hluti með meistara sínum, Hanz Zimmer. Zimmer er höfundur tónlistarinnar við stórmyndina Englar & djöflar sem byggð er á metsölubók Dans Brown og að sjálfsögðu er Atli meðal þeirra sem leggja lóð sitt á vogarskálarnar við sköpun þess andrúmslofts sem nauðsynlegt er með tónlist sinni. Myndarinnar hefur verið beðið með mikilli óþreyju enda sjálfstætt framhald hinnar ofurvinsælu Da Vinci Code. Myndin er í leikstjórn Rons Howard en það er bandaríski Óskarsverðlaunahafinn Tom Hanks sem leikur Robert Langdon, táknfræðinginn snjalla.

Atli er titlaður „additional composer“ á kreditlista kvikmyndarinnar og því ljóst að hann hefur haft töluvert um tónlistina að segja. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þeir Atli og Hanz vinna saman, þeir hafa unnið að gerð tónlistar fyrir kvikmyndir á borð við Simpsons, Pirates of the Caribbean og nú síðast Frost/Nixon.

Atli hefur jafnframt getið sér orðs sem tónskáld á sínum eigin vegum, semur meðal annars tónlistina við nýjustu kvikmynd spænska hjartaknúsarans Antonio Banderas, The Code, en þar leikur hann á móti reynsluboltanum Morgan Freeman. **- fgg**



**ENGLAR OG DJÖFLAR** Atli Örvarsson, íslenska tónskáldið í Hollywood, á hluta af tónlistinni í stórmyndinni Angels & Demons með Tom Hanks.



**EFTIRVÆNTING** Myndarinnar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu enda byggð á metsölubók Dans Brown, höfundar Da Vinci Code.



**LÁRÉTT**
**2.** sót, **6.** skóli, **8.** þrá, **9.** skammst., **11.** skóli, **12.** framvegis, **14.** umturnun, **16.** tveir eins, **17.** röst, **18.** for, **20.** frá, **21.** fimur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** útmá, **3.** átt, **4.** dragkista, **5.** kvk nafn, **7.** ættgóður, **10.** maðk, **13.** örn, **15.** slitrótt tal, **16.** útdeildi, **19.** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ösku, **6.** fg, **8.** von, **9.** mó, **11.** ma, **12.** áfram, **14.** umrót, **16.** gg, **17.** iða, **18.** aur, **20.** af, **21.** fráir.

**LÓÐRÉTT: 1.** afmá, **3.** sv, **4.** kommóða, **5.** una, **7.** göfugur, **10.** orm, **13.** ari, **15.** tafs, **16.** gaf, **19.** rá.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Þórhallur Sigurðsson.
2. Jón Eiríksson.
3. Kate Moss.

Auglýsingasími
512 5050

## ÞÓRIR RÚNAR GEIRSSON: BÖRNIN FÁ EKKI AÐ FARA Í LÖGGUNA

# Sonur Geirs Jóns í löggunni

„Nei, ég var ekki ánægður með að hann færi í þetta starf. Gerði allt til að koma í veg fyrir það. En þetta er honum í blóð borið og hefur gengið vel,“ segir Geir Jón Þórisson aðstoðaryfirlögregluþjónn.

Sonur Geirs Jóns, Þórir Rúnar Geirsson, fetaði í fótspor föður síns og er nú í mótorhjólalögunni. Geir Jón var ekkert endilega á því að Þórir Rúnar fetaði þessa braut. „Nei, þetta er þannig starf. En ef menn finna þetta í hjarta sínu verður svo að vera. Hann gerði eins og ég – fór út á land og starfaði á Snæfellsnesi,“ segir Geir Jón sem sjálfur var lögregluþjónn í Eyjum. Geir Jón segist ekki hafa haft hugmynd um það þegar Þórir Jón sótti um í lögreglunni. Og hafi sannarlega ekki verið undir sínum handjaðri. „Hann nýtur engra forréttinda.“ Geir Jón og hans kona eiga fjögur börn en Þórir er sá eini sem er laganna vörður.

Þórir Rúnar gegnir nafninu Dúni þótt foreldrarnir hafi reyndar ekki samþykkt þá nafngift. Dúni segist ekki geta sagt til um hvort faðir sinn hafi verið fyrirmyndin. „Hann hefur verið í löggunni alla mína hunds- og kattartíð. Byrjaði árið 1976 og ég er fæddur 1978. Ég þekki ekkert annað. Nei, mig langaði bara að prufa, fór í sumarafleysingar árið 1999 og hef verið síðan.“ Dúni segir starfið eiga sér margar hliðar og engar tvær vaktir eins. „Maður getur lent í leiðindamálum og svo í að bjarga einhverjum á sömu vakt. Ég hef margoft lent í að hnoða menn og þá er eins og maður sé blessaður að fá að taka þátt í að bjarga fólki. Stundum líður manni vel og stundum illa,“ segir Dúni spurður hvort þetta sé ekki vanþakklátt skítadjobb. Dúni er tveggja barna faðir og segist taka sama pól í hæðina og Geir Jón – ætli að gera allt til að koma í veg fyrir að börnin rati í lögguna. „Maður fær einhvern veginn aðra sýn á lífið. Upplifir margt sem ekki ratar í fjölmiðla; heimilisofbeldi, að hlusta á ungar stúlkur lýsa því hvernig þeim var nauðgað… og heim kominn spyr maður sig hvort maður sé ekki orðinn súr? Hvort maður sé eðlilegur? Og það er eitthvað sem ég vil ekki að mínir nánustu upplifi. Frekar að börnin finni sér einhver eðlileg störf.“ **jakob@frettabladid.is**



**FEÐGARNIR DÚNI OG GEIR JÓN** Dúni ætlar að gera allt sem í hans valdi stendur til þess að börn hans fari ekki í lögregluna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu þá er Moskva langt því frá ódýrasta borgin fyrir kreppuþjáða Íslendinga. Þeir deyja þó ekki ráðalausir, **Óskar Páll Sveinsson** og félagar, heldur grófu upp rússneska lágvöruverðsverslun. Hafi menn haldið að það væri einfalt mál fyrir Eurovision-þátttakendur að fara í verslunarleiðangur þá skjátlast hinum sömu hrapallega því íslenska hópnum var fylgt eftir af her öryggisvarða og lögreglu með blá ljós og sírenur á fullu.



Kjóllinn sem **Jóhanna Guðrún** hefur klæðst á æfingum vekur mikla athygli meðal Eurovision-njörða úti í heimi. Þeirra á meðal eru þrír írskir Eurovision-spekúlantar, Andrew, Keith og Peter, sem hafa löngum verið Norðurlöndunum hliðhollir og reynst nokkuð sannspáir. Þremenningarnir eru ekki alveg sammála um frammistöðu Jóhönnu, einn telur hana vera nokkuð góða á meðan annar er ekki alveg jafn sannfærður. Þeir eru þó á einu máli um að hinn blái og íburðarmikli kjóll henti engan veginn laginu.

En hvort spádómar Íranna séu á rökum reistir kemur í ljós annað kvöld þegar fyrra undanúrslitakvöldið fer fram og Jóhanna stígur á sviðið, vonandi ekki í síðasta skipti. Ef svo ólíklega fer má reikna með því að stærsti hluti hópsins haldi aftur heim til Íslands. Ekki eru þó allir jafn heppnir því **Sigmar Guðmundsson**, sjónvarpsmaðurinn skeleggi, fer ekki fet og þarf að lýsa kvöldunum tveimur í beinni útsendingu á RÚV, hvort sem Ísland verður þar á meðal eða ekki. **- fgg**



*Gólfdúkur* *skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn*







Eldhúsið
hjarta heimilisins

Svefnherbergið
þægilegt andrúmsloft

Forstofan
einfaldara verður það ekki



**Heimilisdúkur, sígild lausn:**
-léttur í þrifum
-auðveldur í lögn
-glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

*Sérverslun með gólfdúk og teppi*

forbo FLOORING SYSTEMS

KJARAN GÓLFBÚNAÐUR
SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

# Íslandsmyndir í Clash of Titans

Loftmyndir frá Íslandi verða notaðar í bandarísku stórmyndinni Clash of Titans. Þetta kemur fram á vefsíðunni Coventry Telegraph. Tökur eru hafnar í London en þær færast síðan yfir í sólarparadísina Tenerife, þar sem fjöldi Íslendinga sleikir sólina á ári hverju.

Ekki liggur fyrir hvers slags myndir verða notaðar frá landslagi Íslands en eflaust er um að ræða góða Íslandskynningu. Clash of Titans segir frá tilraun Perseusar til að bjarga prinsessunni Andromedu úr klóm Medúsu. Clash of Titans er endurgerð á samefndri kvikmynd frá árinu 1981 þar sem Laurence Olivier var Seifur og Ursula Andress lék Afródítu.

Enginn hörgull er heldur á stórstjörnum í nýjustu útfærslunni og ber fyrstan að nefna Liam Neeson sem leikur sjálfan Seif en Ralph Fiennes verður Hades. Bondstúlkan Gemma Arterton leikur einnig í myndinni auk hins danska Mads Mikkelsen. Leikstjóri er Louis Leterrier en hann er hvað þekktastur fyrir Hulk-myndina sína með Edward Norton í hlutverki græna hlunksins. **- fgg**



**SEIFUR OG HADES** Liam Neeson leikur Seif í kvikmyndinni Clash of Titans en loftmyndir frá Íslandi verða notaðar í henni. Bond-pían Gemma Arterton leikur einnig í myndinni.



Gestaleikur í Þjóðleikhúsinu. Neander leikhúsið sýnir
CREATURE
★★★★, Berlinske Tidende
„Creature er leiksýning sem maður lætur ekki framhjá sér fara ... fyndin, yndisleg, ljóðræn, leikandi og ögrar öllum landamærum.“ Byenkalder.dk.
„Kristján Ingimarsson gefur allt í botn í sinni unaðslega geggjuðu umbreytinga-sýningu. Með óðs manns æði sem enginn annar leikari eða dansari hér á landi getur leikið eftir.“ Politiken
Kolklikkaður leikhúskokteill!
Skepnan er komin á kreik
Aðeins fjórar sýningar! Fim 14/5 | Fös 15/5 | Lau 16/5 | Sun 17/5
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**






**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## Gulur, rauður, grænn og blár

Vöruskorturinn, sem talað var um í haust, er farinn að láta á sér kræla. Hann er að sjálfsögðu martröð allra þeirra sem óttast að þurfa að bíða tímunum saman í röð eftir lauk en fá síðan bara lakkrís þegar loks kemur að þeim eða þá að þurfa að gefa börnum heimatilbúna bréfbáta í afmælisgjöf. Það gæti verið gott að fara að rifja upp handbrögðin því nú er sjálfsögð vörutegund orðin nokkuð vandfundin – gömlu góðu vaxlitir frá Crayola í gulu og grænu pökkunum.

**Á** randi mínu um bóka- og leikfangaverslanir höfuðborgarinnar kem ég yfirleitt að tómum hillum þar sem Crayola-litirnir voru vanir að vera. Stundum er þó hægt að finna stöku pakka en þá aðeins með átta litum. Ég man þá tíð þegar hægt var að kaupa 64 liti sem stóðu eins og stoltur kirkjukór upp úr Crayola-kassanum og rúsínan í pylsuendanum var innbyggður yddari. (Í þessum orðum skrifuðum fer lagið „Glory Days" með Bruce Springsteen skyndilega að hljóma í kollinum á mér og það er slæmt því mér finnst Bruce ekki skemmtilegur.)

**MÉR** finnst allir litir fallegir og vil hafa úr sem flestum að velja. Þetta varð að vandamáli þegar mig vantaði nýtt áklæði á stofustólana mína. Fyrst vildi ég gult, svo appelsínugult, þá rautt en valdi að lokum grasgrænt. Það tók tvö ár að ná niðurstöðu en auðvitað er það eðlilegur fórnarkostnaður þegar heimurinn hefur upp á svona marga fallega liti að bjóða. Þess vegna má ég heldur ekki til þess hugsa að hér alist upp kynslóð sem ekki þekkir almennilega litakassa nema af afspurn og kassarnir fái sama ljómann í lífi barna og risaeðlurnar og víkingar. Nokkuð sem hægt er að finna ummerki eftir en ómögulegt að sjá með berum augum.

**ÞESS** vegna krefst ég nú aðgerða að hálfu stjórnvalda. Annars hóta ég „fjárhagslegri borgarastyrjöld", eins og maðurinn sagði í Kastljósi á mánudagskvöldið án þess að nokkur áhorfenda skildi við hvað hann ætti og fréttamanninum virtist finnast of fáránlegt til að fá útskýringu á. Eftir nokkrar vangaveltur finnst mér „fjárhagsleg borgarastyrjöld" hljóta að felast í því að þjóðin kaupi upp þá fáu Crayola-litakassa sem enn eru eftir í verslunum, fari síðan heim og teikni framtíð sína upp á nýtt, alveg sjálf. Grænt gras, blár himinn, gul sól og marglit við.



**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er mánudagurinn 11. maí, 131. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.26 | 13.24 | 22.25 |
| Akureyri | 3.54 | 13.09 | 22.27 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

